

# ÁRSSKÝRSLA HOFSSSTAÐASKÓLA



2009-2010



Hofsstaðaskóla 10. ágúst 2010



## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>1. Annáll</b> .....	<b>6</b>
<b>2. Hagnýtar upplýsingar</b> .....	<b>13</b>
<i>Stjórnendur</i> .....	13
<i>Starfsmenn</i> .....	13
<i>Nemendur</i> .....	14
<i>Húsnæði</i> .....	16
<i>Skóladagatal</i> .....	18
<i>Skóladagur nemenda</i> .....	18
<i>Samstarf heimila og skóla</i> .....	18
<i>Skólaráð</i> .....	19
<i>Foreldrafélag Hofsstáðaskóla</i> .....	19
<b>3. Áherslur í skólastarfi</b> .....	<b>21</b>
<i>Símenntun starfsmanna</i> .....	21
<i>Heimaskólaverkefni - vettvangsnám</i> .....	22
<i>Mat á skólastarfi - sjálfsmat</i> .....	23
<i>Færnemiðað nám í stærðfræði og ensku</i> .....	24
<i>Samræmd próf</i> .....	25
<i>Læsi í 1. og 2. bekk</i> .....	27
<i>Vettvangsferðir</i> .....	28
<i>Þemadagar- fjölgreindaleikar</i> .....	30
<i>Grænfánaskóli</i> .....	31
<b>4. Ýmsar skýrslur</b> .....	<b>35</b>
<i>Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda</i> .....	35
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk</i> .....	36
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk</i> .....	38
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk</i> .....	40
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk</i> .....	43
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk</i> .....	45
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk</i> .....	49
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk</i> .....	51
<i>Kennsla í erlendum tungumálum</i> .....	56
<i>Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði</i> .....	56
<i>Skýrsla Bókasafns Hofsstáðaskóla</i> .....	58
<i>Skýrslur kennara í list- og verkgreinum</i> .....	60
<i>Heimilisfræði</i> .....	61
<i>Myndmennt</i> .....	62

<i>Textílmenn</i> .....	64
<i>Smíði</i> .....	65
<i>Tónmennt</i> .....	68
<i>Skýrsla Listadaga 2010</i> .....	70
<i>Íþróttir</i> .....	71
<i>Sundkennsla</i> .....	73
<i>Skýrsla sérkennslunnar</i> .....	74
<i>Skýrsla náms- og starfsráðgjafa</i> .....	79
<i>Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni</i> .....	83
<b>5. Tímstundaheimili</b> .....	<b>92</b>

## INNGANGUR

Markmið með útgáfu ársskýrslu grunnskólanna er að gera grein fyrir helstu atriðum í skólastarfinu skólaárið 2009-2010. Eins og nafnið gefur til kynna er skýrslan gefin út árlega en sífellt er verið að bæta inn nýjum upplýsingum sem stjórnendur skólans telja að skipti máli fyrir skólasamfélagið í Garðabæ. Leitast er við að gefa yfirlit yfir það fjölbreytta starf sem fram fer í skólanum. Auk þess að fjalla um daglegt starf koma fram ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel, og ábendingar um sitthvað sem betur má fara. Að gerð skýrslunnar koma kennarar, deildarstjórar o.fl. auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem ritstýrir verkinu.

Skýrslan skiptist í fimm kafla, annál, hagnýtar upplýsingar, samstarf heimila og skóla, áherslur í skólastarfi, ýmsar skýrslur og skýrslu tólmstundaheimilis. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins sem gefa innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur fást við.

Skýrslan er send skólaráði, stjórn foreldrafélagsins, skólanefnd Garðabæjar, forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs og deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á vefsíðu skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í Hofsstaðaskóla er að finna á vefsíðu skólans: <http://www.hofsstadaskoli.is>

Hofsstaðaskóla í júní 2010  
Margrét Harðardóttir skólastjóri

## 1. ANNÁLL

Kennarar og aðrir starfsmenn skólans komu til baka úr sumarleyfi 17. ágúst. Þann 19. ágúst var fundur með nýjum nemendum í 2.-7. bekk og foreldrum þeirra, en nemendur í 1. bekk voru boðaðir með foreldrum sínum í viðtal hjá umsjónarkennara á skólasetningardaginn, sem var mánudaginn 24. ágúst. Eins og oft áður mættu mjög margir foreldrar og forráðamenn með börnum sínum á skólasetninguna. Nemendur fóru heim að lokinni samveru með umsjónarkennurum og mættu í skólann samkvæmt stundaskrá 25. ágúst. Hér að neðan er stiklað á stóru um þá atburði og viðburði sem nemendur og starfsfólk skólans tók þátt í. Ítarlegri umfjöllun er að finna á vefsíðu skólans [www.hofsstadaskoli.is](http://www.hofsstadaskoli.is) – eldri fréttir.

### September

Haustfundir með foreldrum voru haldnir dagana 8.-11. september, en þá kynntu umsjónarkennarar námsefni vetrarins, skólareglur, heimanám og ýmsa aðra þætti skólastarfsins. Fundirnir voru mjög vel sóttir og sýna vel áhuga foreldra á skólstarfinu og skólanum. Sú nýbreytni var tekin upp að foreldrar/forráðamenn nemenda í 1. bekk voru boðaðir til fundar í september þar sem umsjónarkennarar kynntu starfið framundan og deildarstjóri í sérkennslu hélt fræðsluerindi um lestur og lestrarnám.

Verkefninu „Göngum í skólann“ var ýtt úr vör 9. september. Ýmislegt fleira var á döfinni, s.s. Skólamjólkurdagurinn, Evrópski tungumáladagurinn og samræmd próf hjá nemendum í 4. og 7. bekk.

Átta starfsmenn skólans sóttu námstefnu um leik og leikfangagerð í september, en Skólaskrifstofa Garðabæjar stóð fyrir því námskeiði. Fenginn var kennari frá Indlandi sem hefur sérhæft sig í vinnu með ungu fólki sem býr við bág kjör.

Nemendur í 5. bekk fóru í heimsókn á Þjóðminjasafnið í tengslum við námsefni um Landnám Íslands og nemendur í 7. bekk fóru að Gljúfrasteini þar sem þeir fræddust um Nóbelskáldið og nutu leiðsagnar um safnið.

Nemendur komu að venju saman í samsöng þar sem þeir sungu saman undir stjórn tónmenntakennara, en samsöngur er einn af föstum liðum í skólstarfinu.

Lögreglan heimsótti nemendur í 2. 4. og 6. bekk. Hún fræddi börnin um örugga hegðun í umferðinni. Umferð er oft mikil við skólann og því full þörf á fræðslu sem þessari ár hvert. M.a. var rætt um umferðarreglur, gangbrautir, reiðhjól, hjálmanotkun, bílbelti og útivistartíma.

Skólaráð hélt fyrsta fund skólaársins í september. Hægt er að nálgast fundargerðir skólaráðsins á vefsíðu skólans <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/2518>.

Í lokahófi Nýsköpunarkeppni grunnskóla - NKG fékk nemandi í 6. bekk gullverðlaun fyrir hugmynd sína og Hofsstaðaskóli fékk gullverðlaun fyrir fjölda innsendra hugmynda sem hlutfall af nemendafjölda. Smíðakennari skólans á veg og vanda að kennslu í nýsköpun, en skólinn er mjög stoltur af þeirri vinnu.

Nemendur skólans hlupu hringveginn þegar þeir tóku þátt í Norræna skólahlaupinu kl. 09:09 þann 09.09.09

Nemendur í 6. bekk fóru í sína árlegu vettvangsferð að Vífilsstaðavatni, en það er hluti af námi í náttúrufræði um lífríki í vatni. Aflinn sem nemendur drógu að landi var fluttur í skólann og krufinn. Sumum fannst þetta heldur ógeðslegt, en aðrir voru mjög spenntir og skoðuðu og skilgreindu að hætti vísindamanna.

Sú hefð hefur myndast í Hofsstaðaskóla að hver bekkur er með dagskrá á sal einu sinni á ári. Nemendur og umsjónarkennarar leggja mikla vinnu í undirbúning og allir hafa hlutverk, flestir á sviði, en nokkrir baksviðs. Markmiðið er að kenna nemendum að koma fram og styrkja með því sjálfsmynd þeirra.

Samstarfssamningur milli Menntavísindasviðs HÍ og Hofsstaðaskóla um vettvangsnám kennara var endurnýjaður og því koma kennaranemar í æfingakennslu í skólann reglulega allt skólaárið.



Furðuvera gerð af nemanda

## Október

Nemendum í 4.-7. bekk var boðið á tónleika í Háskólabíó hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Verkið sem var flutt heitir *Ævintýri um Eldfuglinn* undir stjórn Rumon Gamba, en sögumaður var Halldóra Geirharðsdóttir leikkona.

Nemendur í 7. bekk buðu jafnöldrum sínum í Flataskóla og Sjálandsskóla á hrekkjavökuball í október, en áður höfðu nemendur unnið þemaverkefni í ensku um „Halloween“.

Ný eining í *Mentor*, leiðsagnarmat, var notað í fyrsta sinn í skólanum en markmiðið er að auka samstarf nemenda, foreldra og skóla við markmiðssetningu og mat á stöðu og líðan nemenda. Nemendur og foreldrar unnu matið saman fyrir nemenda- og foreldraviðtöl í október.

Nemendum var boðið upp á *Tækni-LEGO* námskeið í skólanum. Til gamans má geta að á námskeiðinu voru um 100 kíló af Tækni-LEGO kubbum. Tólmstundaheimilið Regnboginn stóð fyrir þessu námskeiði.

Á bókasafninu var árlegur bangsadagur bókasafna haldinn hátíðlegur. Yngri nemendur mættu með bangsa í skólann og nýr bókasafnsbangsi settist að á safninu.

## Nóvember

Nemendur í 2. bekk fengu góða gesti í heimsókn, en það voru konur úr Lionsklúbbum Eik í Garðabæ. Þær sögðu krökkunum frá starfi sínu og gáfu þeim litabók sem þær gefa sjálfar út.

Allir starfsmenn skólans sóttu námskeið í skyndihjálpi í nóvember.

Norræna bókasafnsvikan var á dagskrá og foreldrafélagið stóð fyrir bekkjarmyndatöku.

Krakkarnir í 1.-4. bekk dattu í lukkupottinn þegar faðir í skólanum kom færandi hendi með kynjafiska sem gaman og fróðlegt var að skoða, snerta, lykta af og læra um.

Í skólanum er lögð áhersla á að árgangar vinni saman. Nemendur í 3. og 4. bekk unnu verkefni um risaeðlur. Verkefnið var mjög fjölbreytt, nemendur unnu vísindalega að gagnaöflun, þjuggu til litlar og stórar risaeðlur og heimkynni þeirra. Í lok verkefnis var foreldrum/forráðamönnum boðið í heimsókn til að skoða verkefnið.

Nemendur komu saman á sal á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Ýmislegt var á dagskrá. Nemendur í 4. bekk sögðu frá listaskáldinu góða, Jónasi Hallgrímssyni, í máli og myndum. Nemendur í 1. bekk sungu þrjú lög og nemendur í 2. bekk fluttu ljóð. Nemendur í 7. bekk túlkuðu á skemmtilegan og ljóðrænan hátt mikilvægi þess að varðveita tungumálið okkar, auk þess sem þeir lásu upp nokkur frumsamin ljóð.

Leikskólanemendur af Hæðarbóli komu í sína fyrstu heimsókn á skólaárinu í nóvember, en Hofstaðaskóli og Hæðarból eru með formlegt samstarf sín á milli. Börnin í leikskólanum voru með í samsöng og fengu að skoða bekkjarstofur nemenda í 1. bekk.

Fjölgreindaleikar voru á dagskrá 17.-18. nóvember. Nemendur reyndu sig í ýmsum þrautum í tvo daga. Þeim var skipt í hópa þvert á aldur og voru eldri nemendur liðsstjórar og aðstoðarmenn þeirra yngri. Ánægjulegt var að sjá hve eldri nemendur tóku hlutverk sitt alvarlega og voru duglegir að hjálpa þeim yngri.

Árlegur laufabrauðsdagur foreldrafélagsins var laugardaginn 28. nóvember, en þá mættu nemendur og foreldrar í skólann, skáru út og steiktu laufabrauð.

## Desember

Nokkrum nemendum í Hofstaðaskóla var, ásamt smíðakennaranum, boðið að taka þátt í ráðstefnu sem bar yfirskriftina *Innovation and Creativity – in the hands of the young*. Á ráðstefnunni var fjallað um nýsköpun og mikilvægi þess að virkja sköpunarkraftinn hjá unga fólkinu. Nemendur tóku þátt í hópvinnu með þátttakendum, auk þess voru lampar sem nemendur í 6. bekk hönnuðu til sýnis.

1. bekkur tileinkaði fyrstu vikuna í desember vináttunni, en nemendur minntu hver annan á mikilvægi vináttunnar og að það skipti máli að sýna hver öðrum kurteisi og tillitsemi.

Foreldrafélagið stóð fyrir jólakortasölu í fjáröflunarskyni, en ágóðann á að nota til að kaupa gagnvirka töflu í skólann.

Í Regnboganum var starfandi leikhópur, en krakkarnir settu á svið tvö leikrit: *Litlu stúlkuna með eldspýturnar* og *þegar Tröllli stal jólnum*, undir leikstjórn leiðbeinanda í tómsundaheimilinu. Leikhópurinn sýndi fyrir fullu húsi, sjálfum sér og gestum til mikillar gleði.

Nemendur og starfsfólk gerðu ýmislegt sér til skemmtunar á aðventunni. Sumir fóru í leikhús, aðrir á Árbæjarsafn, í bæjarferð og enn aðrir buðu foreldrum/forráðamönnum í foreldrakaffi í skólanum. Hópur nemenda í 5. bekk sá að venju um Aðventumessu í Vídalínskirkju.

Nemendur og starfsfólk snæddu saman jólamat - svínasteik og tilheyrandi 16. desember. Þessi samvera er orðin að skemmtilegri hefð í skólanum. Jólaleyfi hófst 21. desember að lokinni jólaskemmtun.

## Janúar

Skólastarf hófst í byrjun janúar að loknu jólaleyfi. Prófadagar í 5.-7. bekk voru á sínum stað. Foreldra- og nemendaviðtöl voru í lok janúar þar sem farið var yfir námsmat og stöðu hvers og eins nemanda.

Nemendur í 7. bekk voru í Skólabúðum að Reykjum í Hrútafirði vikuna 18.-22. janúar en dvöl í skólabúðunum er orðin að hefð í Garðabæ. Dagskrá skólabúðanna er byggð á náttúrufræði,



Íþróttum og lífsleikni. Nemendur skólans stóðu sig mjög vel, voru sjálfum sér og öðrum til sóma og tóku þátt í dagskránni af lífi og sál.

Árlegt lestrarátak fyrir nemendur í 2.-4. bekk fór af stað í janúar. Þá er foreldrum þeirra barna sem þurfa að auka lestrarhraða sinn, námkvæmni í lestri og stafsetningu boðið á kynningu og þeim afhent kennsluefni sem þeir geta unnið heima með börnum sínum.

Íþróttakennararnir standa fyrir þriggja vikna dansnámskeiði á hverju ári fyrir alla nemendur í íþróttatímum. Á þorrablóti stíga 6. bekkingar síðan dans með foreldrum sínum.

Nemendur í 6. bekk fóru á árlegan vinnumorgun í Húsdýragarðinum. Þar fengu þeir tækifæri til að hirða um dýrin, en heimsóknin tengist námskrá árgangsins.

Nemendur í 4. bekk fóru á Árbæjarsafnið og fræddust um hvernig fólk lifði og starfaði á Íslandi áður fyrr.

Starfsmenn sátu fræðslufund um átröskun á vegum BUGL, Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans.



Dekrað við karlana á bóndadaginn

## Febrúar

Mánudaginn 1. febrúar var líf og fjör hjá nemendum í 1. bekk því þá voru krakkarnir búnir að vera 100 daga í skólanum. Bæði nemendur og kennarar mættu í búningum og hófu daginn með því að ganga í halarófu um ganga skólans undir dynjandi danstónlist.

Nemendur í 1. 2., og 3. bekk fóru á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og hlýddu á tónleika um filinn Babar.

Foreldrafélagið stóð fyrir fjáröflunarbingó í febrúar, en tilgangurinn var að safna fyrir gagnvirkum skólatöflum. Þrjár slíkar töflur eru notaðar við kennslu í skólanum í dag. Rúmlega 500 manns mættu á bingóið sem heppnaðist einkar vel. Fjöldi spennandi vinninga var í boði, en mörg fyrirtæki í Garðabæ og utan bæjarmarkanna lögðu verkefninu lið með því að gefa vinninga.

Nemendum í 1.-4. bekk var boðið upp á ávaxtastund að morgni, gegn gjaldi, frá og með febrúarmánuði. Um 22% nemenda í þessum árgöngum eru í ávaxtaáskrift.

Nemendur í 4. bekk tóku þátt í verkefninu „Börn hjálpa börnum“ með því að ganga í hús í nágrenni skólans og safna fyrir ABC barnahjálpi. Í ár var safnað fyrir starfi *The Comforter* í Chennai á Indlandi.

Nemendur í 3. ÁS tóku þátt í verkefninu „Góðverk dagsins“ Skátarnir o.fl. standa fyrir góðverkadeginum, en markmiðið er að hvetja börn og ungt fólk til athafna og umhugsunar um að láta gott af sér leiða, sýna náungakærleik, vináttu og hjálpa öðrum og gera góðverk.

Nemendur í 6. bekk héldu þorablót í febrúar og slógu upp myndarlegri veislu og buðu foreldrum sínum og kennurum. Þorablótið var veglegt að vanda og nemendum til mikils sóma. Búið var að æfa dans í íþróttum og komu nemendur foreldrum sínum á óvart með fótafiminni.

## Mars

Þann 9. mars var skólahátíð Stóru upplestrarkeppninnar haldin í Hofsstáðaskóla, en þrír fulltrúar skólans voru valdir til að lesa á Héraðshátíð Stóru upplestrarkeppninnar. Keppnin var í alla staði hátíðleg og tókst vel. Nemendur í 6. bekk voru gestir, en þeir taka þátt í keppninni á næsta ári. Stóra upplestrarkeppnin var að þessu sinni haldin á Seltjarnarnesi

10. mars var foreldrum barna (fædd 2004) boðið ásamt börnum sínum á kynningu í skólanum. Nemendur í 6. og 7. bekk tóku á mótí gestunum, gengu með þeim um skólann og sögðu frá starfinu eins og það kemur þeim fyrir sjónir - í máli og myndum.

Nemendur í 5. bekk tóku þátt í stærðfræðiratleik sem kennararnir þeirra settu upp í umhverfi skólans. Nemendum var skipt í 4-5 manna hópa og valdi hver hópur sér nafn. Nemendum var falið það verkefni að finna spjöld og leysa reikniþrautir. Mikill keppnisandi hljóp í mannskapinn, en Stubbarnir og Skvísurnar báru sigur úr bítum að þessu sinni.

Stjörnuverið sem er sýndarheimur þar sem nemendur fræðast um stjörnur, reikistjörnur og tunglið var sett upp í hátíðarsal skólans fyrir nemendur í 3. og 6. bekk. Himingeimurinn er hluti af námskrá þessara árganga, en Stjörnuverið auðveldar útskýringar og miðlun á einföldum grunnatriðum himinhvolfsins á myndrænan og eftirminnilegan hátt.

Svæðisráð foreldrafélaga í Garðabæ hélt fræðslufund fyrir foreldra í Garðabæ í Hofsstáðaskóla 18. mars undir yfirskriftinni „Bætum líðan og aukum hamingju barnanna“. Tilfni fundarins voru niðurstöður könnunar sem Rannsókn og greining lagði fyrir nemendur í 5.-10. bekk í Garðabæ í febrúar 2009. Áætlað er að um 200 manns hafi sótt fundinn.

Krakkarnir í Regnboganum settu upp leik- og danssýningu í salnum og buðu foreldrum og öðrum velunnurum. Áhorfendur voru mjög ánægðir með sýninguna og klöppuðu börnunum lof í lófa. Þemað að þessu sinni var Michael Jacksson.

## Apríl

Hreinsunarátak hófst formlega 16. apríl þegar nemendur í 2. BSt og 6 ÖM, ásamt Gunnari Einarssyni bæjarstjóra, bæjarfulltrúum, nemendum úr FG og starfsfólki skólans hófu að hreinsa svæðið meðfram Arnarneslæk. 7. maí tók skólastjóri ásamt fulltrúa nemenda í umhverfisnefnd við viðurkenningarskjali fyrir hönd skólans fyrir lofsvert framtak í hreinsunarátakinu. Nemendur í 2. og 6. bekk fá hvatningarstyrk frá bænum fyrir þátttöku sína í hreinsunarátakinu. Styrkirnir eru notaðir í vettvangsferðir í Húsdýragarðinn og Skólabúðir að Reykjum.

Listadagar barna og ungmenna voru nú haldnir í fjórða sinn. Dagskráin fór að miklu leyti fram í skólunum en auk þess voru sýningar utan skólatíma t.d. listsýningar á Garðatorgi og Íþróttamiðstöðinni Ásgarði. Nemendur skólans léku á hin ýmsu hljóðfæri fyrir gesti og gangandi í miðrymi skólans. Myndmenntahópar fóru niður í fjöru og vatnslituðu og nemendur í 1. bekk voru með opna danstíma.

Nemendur í 7. bekk héldu árshátíð í lok apríl - þemað í ár var stjörnur og var salurinn skreyttur í anda kvikmyndastjarna. Foreldrum og kennurum var boðið til kvöldverðar og haldin var glæsileg hæfileikakeppni. Veitt voru þrenn verðlaun, fyrir glæsilegasta atriðið, fjörugasta atriðið og frumlegasta atriðið. Að borðhaldi og skemmtiatriðum loknum fóru foreldrar heim og

unglingarnir stigu dans við dúndrandi tónlist. Allir lögðust á eitt við að gera þessa hátíð sem glæsilegasta og nýttust mismunandi hæfileikar og áhugi nemenda við það.

Dagur umhverfisins var 25. apríl, en af því tilefni mæltist umhverfisnefnd skólans til þess að nemendur tækju þátt í fjölbreyttum umhverfisverkefnum úti sem inni. Sérstakur útikennsludagur var 29. apríl, en hann tengdist líka listadögum. Dagur umhverfisins er haldinn á fæðingardegi Sveins Pálssonar fyrsta íslenska náttúrufræðingsins og þess manns sem einna fyrstur hvatti til aðgerða gegn skógareyðingu á Íslandi og orðaði þá hugsun sem nú kallast sjálfbær þróun.

## **Maí**

Leikskólabörn í Garðabæ komu í heimsókn til að skoða sinn væntanlega vinnustað og nemendur í 7. bekk heimsóttu Garðaskóla og Sjálandsskóla.

Vímuvarnarhlaup Lions, undir stjórn Lionsklúbbsins Eikar, fór að venju fram 11. maí og tóku nemendur 5. bekkja þátt í því. Fyrir hlaupið ræddi Fanney Ingvarsdóttir handboltakona og fegurðardrottning Íslands við nemendur og hvatti þá til heilsusamlegra lífnaðarháttá. Nemendur stóðu sig með mikilli þryði en 5. BV sigraði að þessu sinni.

Fulltrúar frá Kiwanisklúbbum Setbergi komu færandi hendi í maí og gáfu nemendum í 1. bekk hjólahjálma að gjöf sem börnin eru hvött til að nota alltaf þegar þau hjóla, eru á hlaupahjólum eða línuskautum.

Dagana 5. – 25. maí tóku nemendur og starfsmenn Hofsstáðaskóla þátt í verkefninu *Hjólað eða gengið í skólann*. Þátttaka og áhugi nemenda var alveg frábær en að meðaltali komu 93% nemenda hjólandi eða gangandi í skólann þessa daga. Starfsmenn stóðu sig einnig mjög vel en um það bil 75% þátttaka var í starfsmannahópnum. Dagleg hreyfing verndar og bætir heilsuna auk þess verður aðkoma barnanna að skólanum öruggari þar sem umferð við skólann minnkar.

Nemendur í 1. og 2. bekk unnu saman að verkefni sem var tileinkað samskiptum, lífsleikni og ekki síst kurteisi. Aðalmarkmið verkefnisins var að styrkja samskiptin á milli árganganna og vekja umræðu um hvernig við komum fram hvert við annað í okkar daglega starfi hér í skólanum. Hæst bar stöðvavinna utandyra þar sem nemendum var skipt í sex hópa. Nemendur tókust á við hinar ýmsu þrautir og tókst verkefnið mjög vel í sól og góðu veðri. Verkefninu lauk með því að vinabekkir hittust og unnu með hugtakið kurteisi og gerðu sameiginlegt veggskraut á gang skólans.

Íþróttadagur var á dagskrá 2. júní og tóku allir nemendur þátt. Í lok dagsins var keppni í Mýrinni á milli nemenda í 7. bekk og starfsmanna. Starfsmenn unnu nemendur í kappáti, þrautahlaupi og reiptogi. Í hádeginu voru grillaðar pylsur handa öllum, en veður var eins og best var á kosið.



Fjölbreyttar þrautir á íþróttadegi

Nemendur unnu til margvíslegra verðlauna í íþróttum o.fl., bæði sem einstaklingar og í hópíþróttum. Þeim er óskað hjartanlega til hamingju með árangurinn.

Síðustu dagar skólaársins einkenndust að venju af útiveru og óhefðbundnara skólastarfi. Nemendur fóru í fjöruferðir, hjólaferðir og bæjarferðir. Einnig var farið í ferðir út fyrir borgarmörkin t.d. á Þingvelli, Akranes, Reykholt og Bjarteyjarsand svo eitthvað sé nefnt.

Veitt voru fern verðlaun í lampasamkeppni í 6. bekk. Marel veitti nemendum veglegar myndavélar í verðlaun. Kiwanisfélagar, veita líkt og undanfarin ár, nemendum í 7. bekk viðurkenningu fyrir góðan árangur í íslensku. Í Hofsstaðaskóla er hefð fyrir því að veita verðlaun fyrir bestan samanlagðan námsárangur og umsagnir í hverjum 7. bekk.

Í vetur hafa sex nemendur í 7. bekk farið fyrir hópi nemenda sem séð hefur um að aðstoða aðra nemendur og starfsfólk í tölvu- og tæknimálum. Nemendum eru færðar kærar þakkir, en Penninn og Nýherji gáfu þessum nemendum smágjöf í þakklætisskyni.

Þrír drengir í 7. bekk færðu skólanum gjöf sem er segultafla með kubbakörlum sem hægt er að hreyfa þannig að sögupersónurnar lifna við. Nemendurnir unnu þetta verkefni í vetur úr afgangskubbum úr smíðastofunni. Verkinu fylgdi myndband til úrskýringar á tilurð verkefnisins.

Sú hefð hefur skapast að 7. bekkingar sem kveðja skólann flytja kveðju frá nemendum. Nemandi fylgdi kveðjunni úr hlaði með myndbandi og myndasýningu frá nemendum.

Starfsfólk Hofsstaðaskóla óskar nemendum, foreldrum/forráðamönnum og öðrum velunnurum skólans gleðilegs sumars – með þökk fyrir samstarfið í vetur.

421 nemandi er innritaður í skólann fyrir næsta skólaár Skóladagatal skólaársins 2010-2011 er á heimasíðu skólans og ennfremur er bent á atburðadagatalið sem má nálgast sömu síðu.

Margrét Harðardóttir skólastjóri

## 2. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

### Stjórnendur

**Skólastjóri:** Margrét Harðardóttir

**Aðstoðarskólastjóri:** Hafdís Bára Kristmundsdóttir

**Deildarstjóri yngri deilda: (1.-4. bekk):** Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

**Deildarstjóri eldri deilda: (5.-7. bekk):** Krístrún Sigurðardóttir

**Deildarstjóri sérkennslu:** Margrét Einarsdóttir

### Starfsmenn

Við skólann störfuðu, auk skólastjórna, 37 kennarar, þá má nefna kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni og umsjónarmann tólmstundaheimilis í 100% starfi. Námsráðgjafi var í 50% starfi. Bókasafnsfræðingur í 75% starfi. Talmeinafræðingur, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur voru í hlutastarfi. Aðrir starfsmenn voru 31, nokkrir í hlutastarfi. Meirihluti starfsmanna eru konur en alls starfa sex karlmenn við skólann, auk tölvuumsjónarmanns sem er starfsmaður tölvudeildar, en með aðsetur í skólanum að hluta. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

### Leyfi - veikindaleyfi

Áslaug Hreiðarsdóttir kennari, Björg Jónsdóttir kennari og Unnur Þorgeirsdóttir tónmenntakennari voru í fæðingarorlofi þetta skólaár. Bryndís Svavarsdóttir kennari var í fæðingarorlofi frá ágúst og til loka janúar og Ólafur Pétursson kennari í feðraorlofi í 4 vikur. Sólrún Guðbjörnsdóttir myndmenntakennari var í námsleyfi allt skólaárið. Bryndís Svavarsdóttir kennari var í veikindaleyfi í mars og apríl. Siggeir Sigurðsson skólaliði var í veikindaleyfi frá miðjum desember og til aprílloka.

Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum í lok skólaárs: Anna Eymundsdóttir sérkennari Áslaug Hreiðarsdóttir kennari, Guðný Sigurjónsdóttir þroskaþjálfari og Soffía F. Rafnsdóttir tónmenntakennari.



Starfsmenn í námsferð á Spáni í júní 2010

## Nemendur

Á skólaárinu voru 410 nemendur í Hofstaðaskóla, þar af voru 58 í 1. bekk. Nemendum hefur fjölgað um 63 frá árinu 2004. Í júní 2010 eru skráðir 421 nemendur í skólann.


Fjöldi nemenda í Hofstaðaskóla síðustu sex ár

	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi nemenda	345	396	391	400	388	410

Vegna aukningar á nemendafjölda skólans var ákveðið að greina þá niður eftir búsetu og má í meðfylgjandi töflu sjá hvar nemendur eru búsettir. Flestir búa í hinu nýja Akrahverfi og aðrir dreifast nokkuð jafnt á hið gamla skólahverfi Hofstaðaskóla. Fáir nemendur búa í nágrenni annarra grunnskóla bæjarins.

Búseta nemenda Hofstaðaskóla eftir hverfum

Akraland	88	21,46%
Bæjargil	53	12,93%
Lundir	12	2,93%
Hæðir	43	10,49%
Byggðir	37	9,07%
Ásar	5	1,22%
Mýrar	58	14,15%
Búðir	61	14,88%
Móar	25	6,10%
Arnarnes	9	2,20%
Tún	2	0,49%
Flatir	2	0,49%
Holt	3	0,73%
Strandvegur	2	0,49%
Annað	10	2,44%
	<b>410</b>	



Skipting í bekkum skólaárið 2009-2010 var þannig að í 5. bekk voru tvær bekkjardeildir en þrjár bekkjardeildir í 1.-4. og 6.-7. bekk. Fjöldi nemenda í bekk var frá 7 til 16. Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda nemenda í bekk og kynjaskiptingu þeirra.

Fjöldi drengja og stúlkna í bekkjardeild í Hofstaðaskóla 2009-2010

Bekkardeild	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Samtals
1. ABR	11	8	19
1. ÁK	11	8	19
1. GG	14	6	20
2. BST	8	11	19
2. HS	9	8	18
2. IS	9	10	19
3. ÁS	10	11	21
3. HS	12	10	22
3. RJ	10	12	22
4. GP	11	12	23
4. LS	11	12	23
4. RS	11	10	21
5. AMH	11	14	25
5. BV	16	8	24
6. HK	8	12	20
6. ÓHG	8	9	17
6. ÖM	10	10	20
7. BÓ	7	12	19
7. LK	7	13	20
7. ÓP	8	10	18
<b>Samtals</b>	<b>204</b>	<b>206</b>	<b>410</b>

## Húsnæði

Auk skólabyggingarinnar er kennt í 5 „Hofum“ eða lausum kennslustofum. Þrjú Hofanna voru bekkjarstofur 3. bekkinga, og í tveimur þeirra fer fram kennsla í náttúrufræði og ritþjálfun auk tónlistarkennslu á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar.

Öll rými sem mögulegt er að nýta í vinnu með nemendum eru nú í notkun enda kalla breyttir kennsluhættir á aukið og fjölbreyttara húsnæði. Gangar eru mikið notaðir til kennslu t.d. í hópastarfi og þemavinnu.

Í skólanum eru almennar kennslustofur 21 og bekkjardeildir 20 í jafnmörgum kennslustofum. 21. stofan er sérkennslustofa. Ekki er gert ráð fyrir viðbótarhúsnæði vegna fjölbreyttari kennsluhátta svo og mismunandi þarfa nemenda.

Endurbætur á sal skólans héldu áfram og er hann orðinn mjög vel útbúinn. Unnið er að frágangi á ljósa- og tækjabúnaði.

Engar úrbætur hafa orðið á skólalóðinni en yfirborð hennar er orðið lélegt og kvarta foreldrar yfir óhreinindum og sliti á fatnaði sem af því skapast. Brýnt er að endurbæta körfuboltavöllinn en þar vill safnast vatn í polla þegar rignir.

Hjólagrindum var bætt við þær sem fyrir eru enda fjölgar stöðugt þeim nemendum og starfsmönnum sem velja að hjóla í skólann.

Húsnæði tómstundaheimilisins hefur komið vel út fyrir utan hljóðvistina en allt kapp er sett á að laga það fyrir haustið.

Mikilvægt er að auka fjármagn til viðhalds skólans. Mála þarf húsið að innan og utan en farið er að sjá talsvert á því. Með fjölgun nemenda og starfsmanna mæðir enn meira á húsinu og sárt að ekki skuli brugðist við því. Salernisaðstöðu nemenda þarf að endurbæta og loka á milli þeirra. Rúður þarf að yfirfara og skipta út þeim sem eru skemmdar og þá aðallega vegna steypu-skemmda af leka. Yfirborð á svalagólfum hefur ekki verið fullklárað frá byggingu og eftir er að ljúka endanlega þeim viðgerðum sem fram fóru á síðasta ári að utan og þá einkum í hornum og við svalir og endurnýjun skemmdra þakrenna.

Óskað var eftir því við bæjaryfirvöld að Hofin yrðu samtengd og er sú framkvæmd enn í skoðun. Eins og staðan er núna þá hamlar það fjölbreyttum kennsluháttum að Hofin eru ekki samtengd. Í framhaldi af þeim umræðum hefur aftur verið tekin upp umræða um viðbyggingu við skólann. Nemendum fjölgar sífellt og haustið 2012 kemur til með að vanta eina bekkjarstofu því þá eru líkur á að allir árgangar verðir þriggja deilda. Áhersla er lögð á að byggja nýja list- og verkgreinaálmú sem einnig hýsti aðstöðu starfsmanna og skrifstofu skólans. Með því yrði hægt að fjarlægja Hofin af lóðinni sem nú þegar er of lítil fyrir svo fjölmennan skóla.



## Skipting námsgreina

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda kennslustunda í hverri námsgrein og heildarstundafjölda hvers árgangs.

Skipting námsgreina skólaárið 2009-2010

Námsgrein / árgangur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Íslenska skiptist í:	8	7,5	8	8	6,5	6,5	6
Markviss málörvun	*						
Málrækt		*	*	*	*	*	*
Stafsetning		*	*	*	*	*	*
Ljóð		*	*	*	*	*	*
Ritun	*	*	*	*	*	*	*
Bókmenntir				*	*	*	*
Skrift	*	*	*	*	*	*	*
Lestur	*	*	*	*	*	*	*
Framsögn		*	*	*	*	*	*
Lesskilningur	*	*	*	*	*	*	*
Hlustunarskilningur	*	*	*	*	*	*	*
<b>Stærðfræði</b>	6	6	7	6	5	5	5
<b>Samfélags- / sið- og trúarbragðafræði (1)</b>	3	3	3	3	4	4	3,5
<b>Náttúrufræði og umhverfismennt (2)</b>	2	2	2	2	2,5	3	2,5
Enska	1	1	1	1	3	3	3
Danska							3
Lífsleikni/salur	2	2	2	2	2	2	2
Ritþjálfari				1	1	1	
Hringekja ****	2	1,5	1	1	1,5	2	2
Tölvur	1	1	1	1	1	1	1
List og verkgreinar***	3	4	4	4	4	4	4
Samsöngur	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	
Tónmennt	2	1	1	1	1	1	1
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2
Sund*****		1			1		
Matur	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
<b>Samtals</b>	<b>33</b>	<b>33</b>	<b>33</b>	<b>33</b>	<b>35,5</b>	<b>35,5</b>	<b>35,5</b>

\*Stjórnumerktir reitir í íslensku skilgreina þá þætti sem kenna á. Ekki þarf að skrá á stundatöflu nemenda hvað verið er að kenna í íslenskutímum.

\*\*\* Sund er kennt á námskeiði í list og verkgreinaskipulagi hjá 1., 2., 3., 4., 6. og 7. bekk

\*\*\*\* Sund er kennt á námskeiði í hringekjuskipulagi hjá 5. bekk og 1x1 tíma eftir skóla. Hringekjutímar í 1. og 6. bekk eru ekki skipulagðir en tillaga um að hafa þá á töflu nemenda og skipta árganginum upp í hópa.

\*\*\*\*\* Í 2. bekk er sund kennt 2x1 tími í LV og 1x1 tími eftir skóla.

(1) Á stundatöflu nemenda heitir greinin samfélagsgreinar.

(2) Á stundatöflu nemenda heitir greinin náttúrufræði.

## Skóladagatal

Starfsemi skólans var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2009-2010. Það var unnið í samráði við skólaráð skólans og skólaskrifstofu. Sjá nánar á: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Samkvæmt skóladagatali voru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 175 og skertir dagar alls fimm. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir foreldradagar, dagur vegna jólaskemmtunar og skólaslitadagur. Skólasetning var 24. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 25. ágúst. Kennsla féll niður í jólaleyfi nemenda sem var frá 20. desember til og með 4. janúar. Vetrarleyfi var 15. til og með 19. febrúar og páskaleyfi frá 29. mars til og með 5. apríl. Einnig féll kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 25. september, 23. október, 4. janúar, 14. maí og 9. júní. Skólaslit voru 9. júní í ár vegna námsferðar starfsmanna skólans sem hófst síðdegis sama dag.

## Skóladagur nemenda

Skólastarf hófst kl. 8:30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla alla daga um kl. 14:00. Hjá 5.-7. bekk lauk skóla á bilinu frá kl. 14:00 til 14:40.

Nemendur geta mætt í skólann fyrir kl. 8:00 á morgnana og eru kennslustofur opnar. Í 1. -3. bekk var morgunstund frá kl. 8:15-8:30 og litu stuðningsfulltrúar og skólaliðar eftir nemendum. Eftir að skóla lauk á daginn bauðst nemendum í 1. 4. bekk lengd viðvera í tómsundaheimilinu Regnboganum.

Nemendur fengu fimmtán mínútna nestistíma einu sinni á dag og 20 mínútna hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofu en í hádegishléi er borðað í matsal.

Tvisvar sinnum á dag fóru nemendur út í frímínútur. Hjá 1.-4. bekk voru frímínútur kl. 9:50-10:10 og kl. 12:20-12:40. Hjá 5.-7. bekk voru frímínútur kl. 10:30-10:50 og kl. 12:50-13:10. Í frímínútum voru kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar á skipulagðri gæslu.

## Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimila og skólans hefur aukist mjög á undanförunum árum. Margir kennarar eru nánast í daglegu sambandi við foreldra gegnum tölvupóst. *Mentor* er í stöðugri þróun og verður sífellt þægilegri og auðveldari í notkun. Sú nýbreytni var tekin upp að nú geta foreldrar skráð veikindi barna sinn beint í Mentor og nemendur hafa fengið sitt eigið aðgangsorð að Mentor. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Heimasíða skólans er sívirk og þess gætt að hún birti stöðugt gagnlegar upplýsingar og fréttir úr skólastarfinu. Yfirumsjón með heimasíðunni hefur Elísabet Benónýsdóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og sér hún einnig um að fræða kennara um nýjungar í samskiptum og tölvumálum.

## Skólaráð

Skólaráð Hofstaðaskóla var formlega stofnað 17. nóvember 2008. Skólaráðið starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008.

Í skólaráði sitja: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Hildur Pétursdóttir og Vala Guðný Guðnadóttir fulltrúar foreldra, Kristbjörg Ágústsdóttir, fulltrúi grenndarsvæðis foreldra, Anna Magnea Harðardóttir og Ragnheiður Stephensen fulltrúar kennara, Agnes Kragh fulltrúi annarra starfsmanna og Helga Þöll Guðjónsdóttir og Óskar Þór Þorsteinsson nemendur í 7. bekk fulltrúar nemenda. Nýir fulltrúar nemenda voru kjörnir úr hópi 6. bekkinga í mars þau Daníela Rán Pálsdóttir og Vésteinn Örn Pétursson. Helgu Þöll og Óskari eru hér þakkað frábært starf í þágu nemenda og skólans



Skólaráð Hofstaðaskóla 2010

## Foreldrafélag Hofstaðaskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.



Þjóðlegir foreldrar á þorablóti

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liður í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugu bekkjarstarfi. Þeir koma að félagslífi í samstarfi

við kennara, bekkjarkvöldum og ferðum ásamt því að aðstoða á ýmsan hátt við stærri viðburði s.s. jólaskemmtun, þorrablót 6. bekkja og árshátíð 7. bekkja. Foreldrar eru vakandi yfir framboði og gæðum matarins sem börnunum stendur til boða í skólanum. Foreldrar stóðu fyrir bekkjarmyndatökum í nóvember. Á þessu skólaári unnu fulltrúar foreldra ötullega að því að 7. bekkingar færu í skólabúðir á Reykjum í Hrótafirði eins og undanfarin ár. Rituð voru bréf til bæjarstjórnar og hafin var söfnun fyrir ferðinni. Svo fór að bæjarstjórn tók þá ákvörðun að setja aukafjármagn til sérstakra verkefna og varð því mögulegt að fara í ferðina.



Foreldrar og nemendur á Þorrablóti í 6. Bekk

Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara. Markmið bekkjarstarfsins er meðal annars að byggja upp góðan félagsanda innan bekkjarins og stuðla að því að nemendur, kennarar og foreldrar kynnist betur. Það leiðir til aukinnar vellíðunar nemenda í skólanum og minnkar líkur á einelti. Einnig geta foreldrar samræmt reglur um útivist o.fl.

Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi í maí, ýmist til eins eða tveggja ára. Stjórnin fundar mánaðarlega, að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans.

### **Eftirtaldir foreldrar skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2009-2010**

Þorgeir Axelsson, formaður  
Guðrún Birna Finnsdóttir, varaformaður  
Hanna Guðlaugsdóttir, ritari  
Inga Sólonsdóttir, gjaldkeri  
Haraldur Líndal Pétursson, meðstjórnandi  
Helga Kristinsdóttir, meðstjórnandi  
Vala Guðný Guðnadóttir, meðstjórnandi

### 3. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

#### Símenntun starfsmanna

Ný símenntunaráætlun fyrir skólann var unnin á vorönn fyrir skólaárið 2009-2010 og kynnt fyrir starfsmönnum í apríl. Skólinn fékk ekki styrki til endurmenntunar á þessu skólaári en fjármagnaði sjálfur þá endurmenntun sem fram fór.

Í upphafi skóalársins var farið af stað með teymisvinnu þar sem kennarar og þroskaþjálfar völdu sér að viðfangsefni ákveðna þætti í skólastarfinu til að vinna að. Markmið vinnunnar var að skapa aðstæður og tíma til þess að vinna markvisst að því að greina og bæta skólastarfið. Starfsmönnum gafst kostur á að dýpka þekkingu sína og vinna að verkefnum sem vekja sérstakan áhuga þeirra og unnu þeir að eigin starfsþróun á sama tíma. Til grundvallar var lögð aðalnámskrá grunnskóla, skólastefna Garðabæjar og skólanámskrá Hofsstáðaskóla. Í byrjun var gerð e.k. úttekt á stöðunni og í kjölfarið gerð áætlun um framhaldið. Áfangaskýrsla var gerð í janúar og lokaskýrsla og kynning í apríl. Í hverju teymi var teymisstjóri sem bar ábyrgð á utanumhaldi og skilum á skýrslum. Hann fékk greitt fyrir vinnu sína. Teymisvinnan hófst á skipulagsdegi í september og síðan var bundin viðvera nýtt í alls átta skipti. Kynningar og skil fóru síðan fram á kennarafundum í apríl og maí. Kennarar voru ánægðir með verkefnið og töldu það skila miklu. Alls voru teymin níu talsins og viðfangsefnin eftirfarandi:

- List og verkgreinar í skólastarfi
- Lestrarstefna Hofsstáðaskóla – endurskoðun - endurmat
- Heilsuefling í Hofsstáðaskóla, nemendur og starfsmenn
- Útikennsla – verkefnabanki - hugmyndir
- Námsmat – Námsframvinduening í Mentor
- Lestrarhópar – námsefni fyrir lestarhópa
- Félagsfærni nemenda með sérþarfir
- Samfélagsfræði – heildstæð skólastefna - samfella
- Sjálfsmat – stefnumiðað árangursmat (BSC) – sjálfsmatsáætlun

Helstu niðurstöður teymisvinnunnar sem unnið verður áfram með verða kynntar í starfsáætlun skólans sem skilað verður í haust.

Í september hélt Dr. Urður Njarðvík sálfræðingur fyrirlestur um ADHD börn í skólastarfinu. Allir starfsmenn sátu námskeið í skyndihjálpi þar sem Vigdís Agnarsdóttir leiðbeindi. Á vegum BUGL var fyrirlestur í febrúar um átröskun. Boðið var upp á nokkur örnámskeið í upplýsingatækni.



Skyndihjálparnámskeið

Kennarar/starfsmenn fara margvíslegar leiðir í persónulegri endurmenntun og gera grein fyrir henni á sérstöku eyðublaði sem farið er yfir í starfsmannasamtölum í febrúar/mars. Á skólaárinu var m.a. eftirfarandi sí- og endurmenntun á dagskrá:

- Sérkennarar og þroskaþjálfar sátu námskeið um einhverfu, lestrarkennslu o.fl.
- Tveir kennarar eru í framhaldsnámi við Menntavísindasvið HÍ þar af einn í námsleyfi
- Tveir stuðningsfulltrúar eru í réttindanámi í þroskaþjálfun á Menntavísindasviði HÍ
- Kennarar og starfsmenn sátu nokkur örnámskeið í upplýsingatækni
- Íþróttakennarar sóttu námskeið um útikennslu, hreysti og þol
- Þroskaþjálfar fóru í námsferð til Akureyrar, skoðuðu skóla og stofnanir
- Nokkrir sóttu ráðstefnur um listir og sköpun í skólastarfi og hegðun og samskipti í skólastarfi á vegum Samtaka um skólaþróun
- List- og verkgreinakennarar sóttu m.a. námskeið um tálgun og taubrykk
- Námskeið um nám og kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál
- Námsráðgjafi stundar mastersnám í sálfræði og hefur setið ýmis námskeið m.a. um kvíðameðferð
- Auk þess sóttu flestir starfsmenn námskeið sem snýr að þeirra kennslugrein og áhugasviði, lásu bækur og tímarit, kynntu sér forrit og annað efni á veraldarvefnum

Í byrjun júní fóru 47 af starfsmönnum skólans í námsferð til Spánar. Markmið ferðarinnar var að heimsækja skóla á Alicante svæðinu auk þess sem áhersla var lögð á hópefli og heilsueflingu starfsmanna í anda heilsustefnu skólans. Leyfi fékkst til þess að slíta skóla degi fyrr en ætlað var og nýttust því skipulagsdagar kennara mjög vel. Ferðanefnd skipuð þeim Arnheiði Ösp Hjálmarsdóttur, Ástu Kristjánsdóttur, Björk Ólafsdóttur, Ingibjörgu Sigfúsdóttur, Ragnheiði Stephensen og Önnu Magneu Harðardóttur, annaðist undirbúning og fararstjórn auk dyggrar aðstoðar Elísabetar Benónýsdóttur. Kennarar fengu styrk úr Vonarsjóði og aðrir starfsmenn úr sínum styrktarsjóðum.

Einn af skólunum sem heimsóttur var er samstarfsskóli Hofsstáðaskóla í *ETwinning* verkefninu. Aðrir skólar sem heimsóttir voru eru mjög mismunandi. Bæði var um að ræða einkaskóla og skóla rekna af sveitarfélögum auk alþjóðaskóla sem rekinn er af Evrópusambandinu. Farið var í heimsókn í einn elsta og besta umferðarskóla Spánar sem er að finna í Elche. Ólympíuleikar skólabarna á Benidorm voru einnig heimsóttir. Með í ferðinni var Bjargey Aðalsteinsdóttir íþróttakennari sem annaðist hreyfingu og fyrirlestra um hamingju, streitu, vellíðan og markmiðssetningu. Ferðin tókst í alla staði mjög vel og var frábærlega vel skipulögð. Ferðanefndin vinnur sérstaka skýrslu um ferðina sem verður birt í ágúst n.k.

## Heimaskólaverkefni - vettvangsnám

Haustið 2007 gerði Hofsstáðaskóli samning við Kennaraháskóla Íslands nú Menntavísindasvið HÍ um vettvangsnám kennaranema. Samningurinn er nú útrunninn og ekki vitað hvort hann verði endurnýjaður í haust þar sem HÍ mun líklega fækka viðtökuskólum til þess að nýta fjármagnið betur. Einnig þarf að endurskoða greiðslur til skólanna og viðtökukennaranna.

Hópur reyndra og áhugasamra kennara tekur á móti nemunum í umsjá aðstoðarskólustjóra sem er tengiliður við HÍ. Heimaskólaverkefnið er kærkomið tækifæri til aukins starfsþroska kennara vegna þess að þeir þurfa að skoða eigið starf og færa rök fyrir ákvörðunum á vali t.d. kennsluaðferða og námsefnis. Þeir verða að stíga út fyrir starfið og skoða sjálfan sig og starfsaðferðir með augum annarra. Það er einnig bæði gagnlegt og gefandi að taka á móti nýliðum og miðla til þeirra af reynslu sinni. Tengingin við Menntavísindasvið gefur ennfremur

tilefni til margs konar samvinnu s.s. um rannsóknir á skólastarfi og þróunarstarfi auk tækifæra til þess að fylgjast með nýjungum í kennslufræðum. Þannig getur heimaskólaverkefnið verið í senn tækifæri og vettvangur skólaþróunar.



Lært á ný kennslugögn

Á skólaárinu voru átta kennaranemar úr HÍ með samning við Hofsstaðaskóla. Nemarnir voru bæði á 2. og 3. ári. Kjörsvið þeirra voru kennsla yngri barna, samfélagsfræði, enska og upplýsingatækni. Einn neminn gerði könnun á viðhorfum kennara Hofsstaðaskóla til heimanáms.

Eftirtaldir kennarar veittu kennaranemunum leiðsögn: Anna Magnea Harðardóttir, Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir, Bergljót Vilhjálmisdóttir, Elísabet Benónýsdóttir, Gunnhildur Grétarsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Hrönn Kærnested, Krístrún Sigurðardóttir, Lilja Karlsdóttir, Ólafur Pétursson, Ólöf Harpa Gunnarsdóttir, Ragna Jóhannsdóttir og Ölrun Marðardóttir

Hafðís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri

## Mat á skólastarfi - sjálfsmat

Samkvæmt grunnskólalögum 66/1995 með síðari breytingum ber grunnskólum að leggja mat á eigin starfsemi. Í því felst að sérhver skóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan hans. Í Hofsstaðaskóla er sjálfsmatið byggt á þeim þáttum sem fram koma í skólastefnu Garðabæjar og framkvæmdaáætlun skólans sem er útfærsla af skólastefnunni. Vefkannanakerfið *Survey Console* er notað til að meta ýmsa þætti skólastarfsins. Vefkannanir eru hluti af sjálfsmatsferli skólans en kannanir eru sendar út í ýmsum viðfangsflokkum.

Tilgangur sjálfsmats er að leggja grunn að sívirkri umbótastarfi í hverjum skóla, greina þarfir skólans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Sjálfsmati er ætlað að skilgreina styrkleika og veikleika, draga fram það sem vel er gert og benda á það sem betur má fara.

Lokaskýrsla sjálfsmats Hofsstaðaskóla í þriggja ára áætlun (2007-2009) liggur nú fyrir. <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/3256>.



Hafin er vinna við innleiðingu á stefnumiðuðu árangursmati (BSC), en þegar hafa verið haldnir tveir fundir um stefnumótun þar sem starfsmenn unnu með SVÓT greiningu. Fyrirhugað er að stofna nýjan sjálfsmatshóp á haustdögum.

Margrét Harðardóttir skólastjóri



Útikennsla í stærðfræði

### **Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku**

Stærðfræði í 5. - 7. bekk var kennd í fjórum færnimiðuðum hópum. Hóparnir eru kallaðir, blár, rauður, gulur og grænn. Getumestu nemendurnir eru í bláa hópnum og þeir getuminnstu í græna síðan raðast rauður og gulur þar á milli. Fæstir nemendur eru í grænum hóp og flestir í bláum. Með færnimiðaðri kennslu er leitast við að koma betur til móts við þarfir og færni hvers og eins nemanda.

Enska í 6. og 7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum, þremur í 6. bekk fram í janúar en þá var fjórða hópnum bætt við. Fjórir hópar voru í 7. bekk allan veturinn.

Nemendur í öllum hópum eiga að tileinka sér sömu eða sambærileg markmið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Hofsstaðaskóla (sjá námsvísi). Hluti nemenda ræður við fleiri og flóknari markmið (blár hópur) og aðrir nemendur þurfa lengri tíma og laga þarf námið að þeim (grænn hópur).

Kennarar meta reglulega hvort nemendur eru í réttum hóp eða eiga að flytjast milli hópa. Þá er tekið tillit til frammistöðu úr könnunum/prófum svo og skilningi og vinnusemi nemanda miðað við aðra í hópnum

### **Námsefni**

Misjafnt er eftir árgöngum hvort allir hópar nota sama námsefni eða hvort það er aðlagað að hópnum. Markmiðið er að hver og einn nemandi fái námsefni og kennslu við hæfi.

### **Námsmat**

Stefna skólans er að kannanir og próf byggji á þeim markmiðum og kröfum sem gerðar eru til nemenda og getur vægi einstakra þátta verið misjafnt; sjá námsvísa. Misjafnt er eftir árgöngum og hópum hvort nemendur taka sömu kannanir og próf.

Krístún Sigurðardóttir deildarstjóri 5.–7. bekk



## Samræmd próf

Nemendur í 4. og 7. bekk tóku samræmd próf í september 2009. Nemendur í fjórða bekk eru alls 68, einn nemandi var veikur í stærðfræðiprófinu og einn í íslenskuprófinu þannig að 67 nemendur þreyttu bæði prófin. Í fjórða bekk fengu tíu nemendur frávik í íslensku og átta í stærðfræði.



Nemendur í 7. bekk eru alls 56. Einn nemandi var í leyfi. Í 7. bekk fengu fjórir nemendur frávik í íslensku og þrír í stærðfræði en einn nemandi fékk undanþágu.

Í 4. bekk var árangur nemenda í stærðfræði 6,1 eða sá sami og landsmeðaltal. Í íslensku var meðaltalið 6,3 sem er 0,3 yfir landsmeðaltali. Árangur nemenda í 7. bekk í stærðfræði var 7,6 sem er 0,8 yfir landsmeðaltali. Í íslensku var meðaltalið 6,9 sem er 0,5 yfir landsmeðaltali í íslensku. Sjá meðfylgjandi töflur:

Árgangur		Hofsstaðaskóli	Rvk. og nágrenni	Landið
4. b. Stærðfræði	Meðaltal	6,1	6,2	6,1
	Normaldreifð	29,25	30,7	30
4. b. Íslenska	Meðaltal	6,3	6,1	6,0
	Normaldreifð	31,72	30,5	30
7. b. Stærðfræði	Meðaltal	7,6	7,0	6,8
	Normaldreifð	34,5	31,3	30
7. b. Íslenska	Meðaltal	6,9	6,5	6,4
	Normaldreifð	33,9	30,7	30

### Námsframvinda nemenda frá 4. bekk í október 2006 til 7. bekk september 2009

Námsárangur nemenda sem fæddir eru 1997 hefur batnað frá því í 4. bekk bæði í íslensku og stærðfræði. Í íslensku hefur nemendum í efsta fjórðungnum fjölgað um 4,5% og 6,2% í stærðfræði. Að sama skapi hefur nemendum fækkað í neðsta fjórðungi. Hafa ber í huga að meðfylgjandi súlurit gefa ekki endilega alveg rétt mynd af framvindu hópsins í heild þar sem eitthvað er um að nemendur hafi hætt í skólanum og nýir komið í staðinn. Sjá meðfylgjandi línurit:



Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir deildarstjórar



Á hlaupum


## Læsi í 1. og 2. bekk

Læsi - lesskimun eru lögð fyrir í 1. og 2. bekk. Þrjú verkefni voru lögð fyrir nemendur í 1. bekk og tvö fyrir nemendur í 2. bekk. Deildarstjóri yngra stigs lagði prófin fyrir með aðstoð umsjónarkennara.

Nemendur í 1. bekk sýna svipaða færni og nemendur í 1. bekk á síðasta skólaári. Nemendur í 2. bekk sýna aðeins lakari árangur en nemendur í 2. bekk á sl. skólaári, meðaltalið hefur lækkað um 6%.

Meðaltal allra prófa í ár og á sl. skólaári eru eftirfarandi:

1. bekkur - 2009	1. bekkur - 2010	2. bekkur - 2009	2. bekkur - 2010
75%	78%	81%	75%



Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri yngri deilda



Starfsmenn og fjölskyldur þeirra í gönguferð

## Vettvangsferðir

Samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og útfærslu þeirra í skólanámskrá Hofsstáðaskóla er lögð áhersla á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og hægt er og að allir eigi kost á námi við hæfi. Starfið er reglulega brotið upp og tækifæri nýtt til ferða og útivistar þegar veður og aðstæður leyfa. Útivistardagar og vettvangsferðir eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu og liggur mikill undirbúningur að baki þeim. Huga þarf vel að tengingu við markmið námskrár og tryggja að öllum nemendum líði vel og þeir fái að njóta sín.

Í upphafi skólaársins var gerð áætlun um vettvangsferðir allra árganga og gerð fjárhagsáætlun vegna þeirra. Að þessu sinni bauðst grunnskólum að kaupa strætókort fyrir heila bekki sem var mikil búbot fyrir skólana. Voru strætisvagnar vel nýttir í vettvangsferðir og jók verulega möguleika á þeim um leið og nemendur og starfsmenn urðu leiknari í notkun þeirra. Í eftirfarandi töflum er yfirlit yfir þær vettvangsferðir sem farnar voru á skólaárinu.

### Yngra stig 1. – 4. bekkur

Mánuður	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Ágúst/ September	Fjöruferð			Sinfóníutónleikar í Háskólabíó 4. RS hjólaferð 4. GP hjólaferð
Desember	Leikhúsferð Árbæjarsafn – Jólin í gamla daga	Leikhúsferð Reykjavíkurferð – miðbærinn, húsin	Reykjavíkurferð	
Janúar			Mjólkursamsalan	Árbæjarsafn
Febrúar	Sinfóníutónleikar í Háskólabíó	Sinfóníutónleikar í Háskólabíó	Sinfóníutónleikar í Háskólabíó	
Apríl				Vettvangsferð í Sorpu á Dalvegi
Maí	Vorferð Kópavogur	Vorferð Þingvellir	Húsdýragarðurinn Hellisgerði í Hafnarfirði	Vorferð á Akranes Náttúrufræðistofa Kópavogs
Júní	Vorferð í Hellisgerði	Vorferð til Reykjavíkur - Hljómskálagarður	Vorferð – Ylströndin í Garðabæ	

Eldra stig 5. – 7. bekkur

Mánuður	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Ágúst/ September		Þjóðminjasafnið Vífilsstaðavatn	Ferð á Gljúfrastein í Mosfellssveit
Október	Sinfóníutónleikar í Háskólabíó Þjóðminjasafn Íslands	Sinfóníutónleikar í Háskólabíó	Sinfóníutónleikar í Háskólabíó
Nóvember	Hofsstaðir minjagarður	Kjarvalssýning í LÍ	Leikhúsferð
Desember	Jólaleikrit í Iðnó	Leikhúsferð	
Janúar		Húsdýragarðurinn vinnudagur	Skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði
Apríl	Málað í fjörunni á listadögum	Tilraunalandið við Norræna húsið	Málað í fjörunni á listadögum Vettvangsferð í Garðaskóla
Mái	Vorferð að Þingvöllum Hjólaferð að Vífilsstaðavatni	Hjólaferð í Heiðmörk	
Júní	Safna/borgarferð Sögusýningin 870+-2	Varðskipið Óðinn skoðað Vorferð í Reykholt	Hjólaferð í Elliðaárdal Vorferð í Hvalfjörð

## Þemadagar- fjölgreindaleikar

Dagana 17. og 18. nóvember voru fjölgreindaleikar í Hofstaðaskóla. Leikarnir fóru fram bæði í skólanum og í íþróttahúsinu Mýrinni. Annan daginn unnu nemendur í íþróttahúsinu en hinn daginn í skólanum. Starfsfólk mætti í furðufötum og lífgaði það mikið upp á leikana.

Nemendum var skipt upp í 34 lið sem í voru 11-12 nemendur úr öllum árgöngum. Krakkar úr 6. og 7. bekk voru fyrirliðar. Það voru settar upp 34 stöðvar en liðin fóru á milli þeirra og unnu saman að því að leysa margskonar þrautir sem reyndu á ýmsa hæfileika eins og að semja tónverk, spurningakeppni Óla, enska, blindrastöð, sippa, mála, kasta, grípa svo eitthvað sé nefnt. Á hverri stöð fengu liðin stig fyrir frammistöðu og framkomu liðsmanna.



Fjölbreyttar þrautir

Föstudaginn 27. nóvember var uppskeruhátíð fjölgreindaleikanna. Nemendur og starfsmenn skólans komu saman á sal. Þar voru sýndar myndir frá fjölgreindaleikunum. Síðan voru veitt verðlaun þeim liðum sem lentu í þremur efstu sætum. Einnig fengu þeir fyrirliðar sem þóttu skara fram úr viðurkenningu. Að verðlaunaafhendingu lokinni voru flutt tónverk sem urðu til á fjölgreindaleikunum. Fjölgreindaleikar Hofstaðaskóla tókust afar vel.



Fyrirmyndar fyrirliðar

## Grænfánaskóli

Hofsstaðaskóli hefur verið Grænfánaskóli frá haustinu 2007 og sótti um endurnýjun á fánanum í vetur. Tveir starfsmenn á vegum Landverndar tóku skólann út í maí en þegar þetta er skrifað hefur ekki hefur ennþá fengist svar um hvort endurnýjun fái.

Í vetur var unnið markvisst samkvæmt umhverfisstefnu Hofstaðaskóla sem var endurskoðuð sl. haust. Þættirnir sem unnið var með á þessu skólaári eru ellefu talsins og eru eftirfarandi:

- Draga úr pappírnotkun og flokka þann pappír sem til fellur
- Draga úr notkun á drykkjarfernum og safna þeim sem til falla
- Draga úr sorpi og flokka sorp
- Draga úr notkun á einnota umbúðum og endurnýta umbúðir sem til falla í skólanum
- Safna bylgjupappa og fara með í endurvinnslu
- Stuðla að vatnsdrykkju
- Ganga vel um umhverfið og hreinsa skólalóð
- Draga úr rafmagnsnotkun
- Auka útikennslu og útveru nemenda
- Auka fræðslu í umhverfismennt
- Minnka bílaumferð við skólann þ.e. hvetja alla til þess að ganga/hjóla í skólann
- 



Í vetur var starfrækt umhverfisnefnd eins og undanfarin ár en hún samanstendur af eftirfarandi aðilum:

### Fulltrúar stjórnenda:

Kristrún Sigurðardóttir deildarstjóri eldri deilda, verkefnisstjóri

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri yngri deilda

### Fulltrúar kennara:

Áslaug Þorgeirsdóttir heimilisfræðikennari

Ragna Jóhannsdóttir umsjónarkennari

Ólöf Harpa Gunnarsdóttir umsjónarkennari

### Fulltrúi annarra starfsmanna:

Gunnar Pálmason húsvörður

### Fulltrúi foreldra:

Kristbjörg Ágústsdóttir

### Fulltrúar nemenda:

Einar Hrafn Árnason 7. ÓP

Bjartur Helgason 6. ÓHG

Rannveig Eva Snorradóttir 6. HK

Jón Arnar Árnason 5. BV

Guðrún Lóa Sverrisdóttir 5. AMH

Agnes Gunnarsdóttir 4. LS

Kári Georgsson 4. GP



Fundur í umhverfisnefnd





Gróðursetning

Í byrjun skólaárs hélt umhverfisnefndin einn stóran fund þar sem allir aðilar nefndarinnar komu saman og lögðu línurnar fyrir veturinn. Nokkrum sinnum voru smærri fundir og vinnufundir með aðilum úr umhverfisnefndinni í tengslum við ýmiskonar verkefni. Nemendur í nefndinni voru mjög virkir og áhugasamir í umhverfisstarfinu. Þeir gengu í stofur ásamt deildarstjórum til að kynna stefnu skólans og markmið starfsins. Þeir sátu fund er tengdist hugmyndum að verkefnum fyrir Dag umhverfisins, sátu fund með aðilum frá Landvernd, afhentu viðurkenningar í tengslum við verkefnið *Gengið/hjólað í skólann* og gróðursettu plöntur í tengslum við *Dag líffræðilegs fjölbreytileika*.



Allir árgangar skólans tóku þátt í skipulagðri útivist nokkrum sinnum yfir skólaárið þar sem m.a. var farið í ratleik um skólalóðina. Unnið var að fjölbreyttum umhverfistengdum verkefnum s.s: 1. bekkur um umferðina, fjöruna og fugla, 2. bekkur fór á Þingvelli og lærði um fugla, 3. bekkur lærði um húsdýrin og fugla, 4. bekkur lærði um fugla, umhverfismál og endurvinnslu, 5. bekkingar hjóluðu að Vífilsstaðavatni og skoðuðu plöntur og fuglalíf, 6. bekkingar lærðu um lífríki Vífilsstaðavatns og fóru þangað í vettvangsferðir og 7. bekkingar fóru á Reyki í skólabúðir og í hjólaferð í Elliðaárdalinn. Auk ofantalinna var unnið með fjölda annarra verkefna og nemendur fóru í fjölmargar ferðir þar sem umhverfisfræðsla kemur við sögu. Hver bekkur sá einu til tvisvar á skólaárinu um að hreinsa skólalóðina. Mikið hefur dregið úr fernunotkun og heyra þær nánast til undantekninga í yngri bekkjum skólans. Hvatt er til vatnsdrykkju og voru flestir nemendur með glas eða brúsa í skólastofunni. Á vordögum gróðursettu nemendur í 4. bekk aspir í Garðabæ í samstarfi við garðyrkjudeild bæjarins og Skógræktina.

Nemendur í 2. og 6. bekk unnu saman að hreinsun meðfram Arnarneslæk frá Bæjarbraut að Reykjanesbraut og fengu að launum hvatningarstyrk frá bænum.

Eins og undanfarin ár tóku nemendur í 6. bekk þátt í lampasamkeppni þar sem gamall efniviður var nýttur til hins ýtrasta.

Í október tók skólinn þátt í verkefninu *Göngum í skólann*. Þátttaka nemenda var mjög góð en 92% nemenda komu annað hvort gangandi eða á hjóli í skólann þessa daga. Veittur var Gullskór fyrir besta árangur á yngra og eldra stigi. Í maí tóku nemendur og starfsmenn þátt í verkefninu *Hjólað í vinnuna*. Þátttaka og áhugi nemenda var alveg frábær en að meðaltali komu 93% nemenda hjólandi eða gangandi í skólann þessa daga. Myndritin sýnir betur hversu duglegir nemendur voru.





Ýmislegt var gert í tengslum við *Dag umhverfisins* í Hofstaðaskóla, vinnan fór fram vikuna áður og vikuna eftir daginn sem bar upp á sunnudag.

#### 1. – 7. bekkur sameiginlegt

Fimmtudaginn 29. apríl byrjuðu allir nemendur skólans daginn í útikennslu. Nemendur voru því sýnilegir á skólalóðinni og í kringum hana. Þetta verkefni tókst mjög vel.

#### 1. bekkur

Lögð var áhersla á vinnu með bókstafi og einnig á íslensku þar sem nemendur áttu að búa til mynd og lýsa fyrir hver öðrum. Nemendur unnu saman tveir og tveir. Hvort barn átti að finna átta hluti (steina, laufblöð, strá, greinar eða þess háttar). Barnið gerði mynd úr hlutunum á jörðina og síðan snúa börnin bak í bak og annað barnið lýsir myndinni fyrir hinu barninu og sá sem hlustar á að reyna að gera eins mynd úr sínum hlutum.

## 2. bekkur

Umhverfishreinsun – Arnarneslækurinn var hreinsaður í samstarfi við 6. bekk. Árgangurinn fékk hvatningarstyrk frá Garðabæ.

## 3. bekkur

Unnið var út frá regnboganum og umræðum um hringrás vatnsins. Skoðað og athugað hvaðan lækurinn kemur og hvert hann rennur. Af hverju hann rennur í þessa átt? Einnig fjallað um fuglar og dýr í og við lækinn. Rætt var við börnin um hve mikils virði það er að vernda náttúruna og hvað það skiptir máli að við hvert og eitt tökum þátt í því. Við göngum ekki fram hjá rusli eða hendum því ábyrgðarlaust. Hvað eyðist ekki í náttúrunni. Á útikennsludaginn voru bekkirnir saman í nokkrum leikjum bæði íslensku og lífsleikni. Í íslensku áttu börnin að finna nafnorð, lýsingarorð og samsett orð úti í náttúrunni.

## 4. bekkur

Vann verkefni í tengslum við umhverfismál, útbjuggu m.a. veggspjöld sem voru sett upp fyrir framan stofurnar. Umhverfislistaverk – „Vörðu“ í tengslum við listadaga. Næsta ár er ætlunin að senda þessi listaverk í keppnina „Varðliðar umhverfisins“. Umhverfishreinsun á útikennsludaginn – fengu hvatningarstyrk frá bænum.

## 5. bekkur

Nemendur bjuggu til bát úr pappír broti (með tímaritapappír) eftir leiðsögn kennara. Síðan fóru hópar út að læknum og sigldu bátunum og fylgdust með hver sigldi lengst o.s.frv. Nemendur voru mjög áhugsamir og glaðir.

## 6. bekkur

Umhverfishreinsun – Arnarneslækurinn hreinsaður í samstarfi við 6. bekk. Árgangurinn fékk hvatningarstyrk frá Garðabæ.

## 7. bekkur

Tveir bekkir fóru í vefrallý sem tengdist umhverfismennt.

Á vordögum fékk skólinn viðurkenningu frá Garðabæ fyrir góða þátttöku í hreinsunarátaki bæjarins.



Frá afhendingu umhverfisviðurkenningar

Þegar veturinn er skoðaður í heild sinni fór nokkur tími í að útbúa skýrsluna sem send var til Landverndar um starfið sem unnið hefur verið í skólanum sl. tvö ár. Sú skýrsla verður birt á vefsíðu skólans. Þegar á heildina er litið hefur vinna í umhverfismálum vetrarins tekist ágætlega. Vel þarf að huga að umhverfismennt í öllum árgöngum. Nemendur hafa tekið virkari þátt í starfinu en gera má betur í þeim efnum. Það þarf að virkja nemendur betur í að miðla fróðleikum og fá hugmyndir frá nemendum í bekkjunum þar sem þeir eru fulltrúar þeirra. Samstaða allra í skólasamfélaginu er einn lykilþátturinn fyrir góðum árangri og við vonumst sannarlega til að fá grænt ljós frá Landvernd þ.e. að skólinn geti stoltur flaggað Grænfánum næstu tvö árin.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

## 4. ÝMSAR SKÝRSLUR

### Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda

Deildarstjórar önnuðust undirbúning skólabyrjunar sem meðal annars felur í sér stundatöflugerð, skipulag list- og verkgreina, íþróttar, færnimiðaðs náms, hópaskiptingar í ýmsum greinum og bekkjarröðun. Skólanámskrá C var yfirfarin, endurskoðuð og uppfærð. Gengið var frá ýmiskonar skipulagi s.s. skemmtunum á sal, skipulagi fyrir matsal, þrífum á skólalóð og innanhússkóladaðatali. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með bókageymslu og kennslugögnum og fóru yfir kaup á námsbókum og námsgögnum. Haldnir voru fundir með foreldrum nýrra nemenda í 1. – 7. bekk að hausti. Námsvísar og kennsluáætlanir voru yfirfarnar.

Deildarstjórar sitja í stjórnendateymi Hofsstáðaskóla og eru því virkir í daglegri stjórnun skólans. Þeir koma að skipulagningu og halda utan um marga þætti skólastarfsins. Sem dæmi má nefna; skipulag starfsdaga, samræmdra prófa, fjölgreindaleika, skipulag á jólaskeiðum, skipulag á Degi íslenskrar tungu, námskeiða, fræðslufunda og að hluta til að skipulagi á íþróttadegi.

Þeir sitja í starfshópnum *Gegn einelti í Garðabæ* og stýra þeirri vinnu í skólanum ásamt námsráðgjafa. Í desember var lögð fyrir eineltiskönnun í 4.–7. bekk og sáu deildarstjórar um skipulag á þeirri framkvæmd og úrvinnslu úr gögnum auk kynningar fyrir starfsfólk (sjá sjálfsmatsskýrslu 2009-10). Þá sér deildarstjóri eldri deilda um framkvæmd og úrvinnslu á Skólapúlsinum sem er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er tvisvar á ári í 6. og 7. bekk í Hofsstáðaskóla um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda (sjá sjálfsmatsskýrslu 2009-10).

Deildarstjóri yngri deilda sér um öll samskipti við leikskóla og situr fundi vegna *Brúum bilið* samstarfsáætlunar leik- og grunnskóla. Hann skipuleggur skólaheimsóknir og vorskóla fyrir verðandi 1. bekkina. Hann sér um að leggja fyrir Læsi í 1. og 2. bekk og úrvinnslu gagna. Deildarstjóri eldri deilda sér um samskipti við Garðaskóla og Sjálandsskóla, þorablót 6. bekkina og árshátíð 7. bekkina, Stóru upplestrarkeppnina og Reykjaferð. Einnig er hann prófdómari í framsögn hjá nemendum á eldra stigi og heldur fundi með nemendaráði í 6. og 7. bekk. Auk þessa og margra fleiri verkefna skipuleggja deildarstjórar og stjórna stigsfundum, þeir sitja nemendaverndarráðsfundi, árgangafundi og fundi með skólastjórum tvisvar í viku. Þeir sitja skilafundi og fundi vegna einstakra nemenda ef þess er óskað. Deildarstjórar áttu starfsmannasamtöl við kennara á sínu stigi.

Deildarstjórnir eru virkir í umhverfisstarfi skólans, sitja í umhverfisnefnd og annar þeirra er verkefnisstjóri Grænfánaverkefnisins.

Deildarstjórar halda utan um námsmat í skólanum í samvinnu við kennara og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Þeir sjá um að vinna úr niðurstöðum samræmdra prófa og deildarstjóri eldri deilda gerir m.a. skýrslu um framfaræinkunn nemenda frá 4. til 7. bekkjar.

Deildarstjórar sækja fjölbreytt námskeið og fræðslufundi og kynna nýjungar fyrir kennurum.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

## Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Í fyrsta bekk voru 58 nemendur í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru: Anna Birna Rögnvaldsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir og Gunnhildur Grétarsdóttir. Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir kenndi 1. ÁK á mótí Ástu Kristjánsdóttur sem er í hlutastarfi. Bryndís Guðmundsdóttir þroskaþjálfari vann með hópinn. Agnes Kragh og Sigríður Kragh voru til stuðnings.



### Helstu áherslur árgangsins

Fyrstu dagar og vikur vetrarins fóru í að efla skólafærni nemenda og kynna þeim skólann, starfsfólk og nánasta umhverfi. Í fyrsta bekk var megin áhersla á lestrarkennslu og lestrarnámið. Í tengslum við stafainnlögn var mikil áhersla lögð fjölbreytta hlutbundna vinnu. Nemendur bjuggu til hlut sem tengdist hverjum staf fyrir sig og skreyttu stofuna með afrakstrinum jafn óðum. Einnig var mikið lagt upp úr því að blanda árganginum í íslensku og stærðfræði m.a. í hringekju. Meginþátturinn í skólastarfinu í vetur var vinna með söguramma í samfélags og náttúrufræðigreinum.

### Kennsluhættir/Skipulag

Kennslan var að mati kennara fjölbreytt og margar aðferðir prófaðar. Að hausti var árganginum skipt upp í hópa eftir getu í Markvissri málörvun.

Hringekja var í blönduðum hópum þar sem nemendur með mismunandi getu unnu saman. Þó nokkuð var um einstaklingsmiðað nám þá helst í íslensku og stærðfræði og þá fékk hver og einn að vinna eftir getu og áhuga og á sínum hraða.

### Námsmat/námsaðlögun

Námsmat fór fram í formi símats og 3x á vetri voru tekin stöðluð próf í lesskimun. Einnig eru tekin raddlestrarpróf og kannanir í stærðfræði og stafakönnun um áramót og að vori. Niðurstöður eru síðan skoðaðar og metnar með þarfir hvers og eins í huga.



### Þróunarstarf/nýbreytni

Í vetur var í fyrsta skipti unnið eftir söguramma um Gunnhildi og Glóa. Sá söguramma reyndist vel og kom inn á marga þætti.

Haldið var áfram með samvinnu á milli leikskólans Hæðarbóls og skólans. Má þar nefna heimsóknir á báða bóga og verkefni um árstíðir sem unnið var í Hofstaðaskóla.

Í vetur var sameiginlegt verkefni með 2. bekk í lífsleikni þar sem lögð var áhersla á leiki, vináttu og kurteisi. Verkefnið tókst vel.

Á vordögum var fuglaverkefni unnið í árganginum og tókst það mjög vel. Nemendur lærðu og gátu nafngreint marga fugla í nágrenni skólans og lærðu um einkenni þeirra og lífsferil.

### Útikennsla

Útikennsla hefur verið jöfn og þétt yfir veturinn og tekið mið af þeim verkefnum sem á dagskrá eru hverju sinni í náttúrufræðisamfélagsgreinum, stærðfræði, íslensku og lífsleikni.

Í byrjun skólaárs var lögð áhersla á umhverfið og útileiki. Útikennsla hefur einnig verið í tengslum við umferðina. Hópurinn nýtti sér fjöruna og leikvelli í nálægð við skólann.



Einnig var Kópavogstjörn heimsótt í tengslum við þemaverkefni um fugla. Í vetur heimsóttu nemendur í 1. bekk Árbæjarsafn í desember og fengu bæði fræðslu um gömlu jólin og kennslu í því að taka strætisvagn.

Vissulega væri gott að skoða kennsluáætlanir í tengslum við útikennslu og festa ferðir og verkefni inn á áætlun í samræmi við það strax að hausti. Kennsluáætlun þar sem fram kemur hvað á að gera og hvert hægt er að fara í tengslum við námsefnið væri mjög hvetjandi og myndi örugglega leiða til þess að frekar væri farið.

### Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Umhverfisfræðsla hefur einnig verið jafnt og þétt í tengslum við samfélagsfræðigreinar. Í tengslum við söguramann „Gunnhildur og Glói“ var farið í fjöruna og einnig í nærumhverfi skólans til að finna steina til að nota í listaverk. Umhverfisfræðsla var einnig í formi fræðslu og verkefna þar sem námsefnið „Komdu og skoðaðu umhverfið“ var notað. Nemendur skoðuðu umhverfi skólans og fjallað var um endurvinnslu. Í tengslum við listadaga var tækifæri notað og talað um hvað má endurnýta við gerð listaverka og tóku nemendur þátt í að gera fuglahræðu sem var til sýnis á hátíðinni.

### Lífsleikni

Aðalmarkmið vetrarins var að stuðla að vellíðan og öryggi nemenda í hvívetna. Lögð var áhersla á vináttu og tillitsemi. Ýmsir leikir voru notaðir til að efla hópinn og samskipti innan árgangingsins. Tengslakannanir sem gerðar voru gáfu tilefni til að skoða samskipti og vináttu innan hópsins og voru hafðar til hliðsjónar í vináttutengslum. Vinahópar voru í bekkjunum og tekist mjög vel.

### Enska

Enskukennslan var í formi leikja, söngva og léttra verkefna. Verkefni í ensku voru einnig tengd því námsefni sem unnið var með eins og líkamann, liti, veður árstíðir og umhverfið. Einnig hafa verið gerðar veggmyndir og spjöld með orðum á ensku.

### Skemmtanir og félagslíf

Foreldravöld var í byrjun vetrar í tengslum við vinnu um söguramma. Hver og einn bekkur æfði uppákomu fyrir foreldra og gesti. Bekkjarkvöld var einnig haldið í framhaldi af uppákomu á sal og tókust báðar uppákomurnar mjög vel. Mikilvægt er að leggja skýrar línur fyrir foreldra og nemendur í 1. bekk og leggja grunninn að því hvaða reglur gilda á svona samkomum t.d. varðandi hlaup, eltingarleiki á göngum o.fl.



Hundrað daga hátíð skólans var haldin með pompi og prakt eins og venjan er í skólanum. Nemendur marseruðu um skólann í halarófu klædd búningum.

### Foreldrasamstarf

Vinahópar hafa verið starfræktir með góðum árangri. Bekkjarfulltrúar hafa staðið sig vel og er fyrirhuguð sameiginleg ferð hjá árganginum í fjöru og grill.

Foreldrafélagið tók að sér að sjá um leikhúsferð í desember í tilefni jólanna sem tókst í alla staði vel.

Umsjónarkennarar senda sameiginlegan vikulegan póst heim um atburði liðinnar viku og það sem er næst á döfinni. Mæltist það einstaklega vel fyrir hjá foreldrum.

## Mat á starfi vetrarins

Okkar álit er að veturinn hafi verið mjög skemmtilegur, fjölbreyttur og annasamur. Við höfum lagt á það áherslu að hafa kennsluna fjölbreytta og lifandi. Nemendur okkar hafa sýnt mjög góðar framfarir í lestranáminu og erum við afar stoltar af því.

Það sem má bæta að okkar mati er helst að hafa fleiri sameiginlega tíma í töflu þar sem hægt er að nýta í hringekju og sameiginlega vinnu og vettvangsferðir. Að okkar áliti mætti breyta námsmati í stærðfræði í 1. bekk bæði hvað varðar sundurliðun þátta á vitnisburði og líka að skoða vorprófið sjálft með tilliti til þátta og vægis.

Anna Birna Rögnvaldsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir og  
Gunnhildur Grétarsdóttir

## Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Nemendur í 2 bekk voru alls 57 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Bryndís Stefánsdóttir, Ingibjörg Sigfúsdóttir og Þóra Þórisdóttir. Þroskaþjálfar voru Guðný Sigurjónsdóttir og Ragnhildur Sigurðardóttir. Til stuðnings voru Sigurveig Björnsdóttir og Sólborg Pétursdóttir stuðningsfulltrúar.

## Helstu áherslur árgangsins

Aðaláhersla í vetur var lögð á að auka færni í lestri, ritun, stærðfræði og þjálfun í námstækni. Sérstök áhersla var lögð á að efla samkennd, samvinnu og félagsfærni innan árgangsins með sameiginlegum verkefnum og samverustundum.



Valhópar í 2. bekk

## Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Kennsluhættir voru mjög fjölbreyttir í vetur. Sem dæmi má nefna: þemavinnu, hringekju, útikennslu, hópavinnu, val, samvinnu milli árganga og einstaklingsmiðaða nám.

Skil á heimanámi voru vikulega s.s. stærðfræði, sögugerð og íslenska. Gert var ráð fyrir að nemendur læsu daglega heima í a.m.k. 15 mínútur.



## Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum t.d. var notast við kannanir, umsagnir og mat á vinnubókum. Sjá nánar í námsvísi fyrir 2. bekk 2000-2010.

Námsaðstæður voru aðlagaðar fyrir nemendur með frávik, þeir fengu sérstakan stuðning hjá sérkennara.

## Þróunarstarf/Nýbreytni

Sameiginlegt val var í vetur þar sem áhersla var lögð á blöndun nemenda á milli bekkja og að auka félagsfærni. Lestrarhópar voru í 2. bekk þar sem aðalmarkmiðið var að auka lesskilning nemenda. Stærðfræði var unnin að hluta til í hringekju.



Fjölbreytt viðfangsefni

## Útikennsla

Í útikennslunni var lögð áhersla á að samþætta námsgreinar svo sem náttúrufræði, íslensku og stærðfræði. Farið var í ferðir í nágrenni skólans s.s fjöruferð og fuglaskoðun. Farið var í tvær bæjarferðir til Reykjavíkur og til Þingvalla.

## Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Árgangurinn hefur unnið sem heild með skólasamfélaginu að því að efla umhverfisvitund. Hreinsun skólalóðarinnar var mikilvægur þáttur í umhverfisfræðslunni. Í vor fengum við ásamt 6. bekk það verkefni að hreinsa Arnarneslækinn. Skemmtilegt verkefni sem skilaði sér í góðum skólaanda, samvinnu og viðurkenningu frá Garðabæ.

## Lífsleikni

Samkvæmt námsvísi lögðum við áherslu á að byggja upp jákvæðan bekkjaranda, efla sjálfsmynd, æfa nemendur í að setja sig í spor annarra, virða reglur og varast hættur. Notaðar voru umræður, hlutverkaleikir, samvera og námsefnið *Zippý*.

Námsráðgjafi lagði tengslakönnun fyrir nemendur og tók nokkra nemendur til sín í viðtöl. Samsöngur og samvera á sal var einnig hluti af lífsleikninni.

## Enska

Markmið vetrarins í ensku hjá 2. bekk var að auka orðaforða og skilning. Það var gert í gegnum ýmis spil, leiki og verkefni frá kennara. Notast var m.a. við námsefnið *Adventure Island Of English Words* sem gefið er út af Námsgagnastofnun og önnur verkefni.

## Skemmtanir og félagslíf

Allir bekkir voru með skemmtun á sal og höfðu sín bekkjarkvöld.

## Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var gott og vinahópar voru í öllum bekkjunum. Gott samstarf var á milli kennara og bekkjarfulltrúa. Góð þátttaka var á öllum viðburðum skólaársins.

## Mat á starfi vetrarins

Það sem við lögðum upp með í haust tókst mjög vel og má þar nefna lestrarhópa, val, samvinnu innan árgangsins hjá nemendum sem og kennurum. Efla mætti lestrarfærni nemenda, þjálfva gagnvirkan lestur og ritun. Í stærðfræði má auka fjölbreytni í verkefnavinnu og flokka námsþætti betur niður. Horfa frekar á markmið heldur en hvaða bækur eigi að taka fyrir.

Bryndís Stefánsdóttir, Ingibjörg Sigfúsdóttir  
og Þóra Þórisdóttir



Niðursokknir í þrautalausnir

## Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Nemendur í 3. bekk voru alls 67 í þremur bekkjum. Umsjónarkennarar voru Ágústa Steinarsdóttir, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Ragna Jóhannsdóttir. Stuðningsfulltrúar voru Sólborg Pétursdóttir og Sigríður Kragh. Proskapjálfi var Ragnhildur Sigurðardóttir og sérkennari: Guðrún Dögg Jóhannsdóttir.

## Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins voru þau að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Notaðar voru ýmsar aðferðir eins og söguaðferð, upplýsinga- og leitarnám ásamt samvinnu. Áhersla var lögð á lífsleikni í formi bekkjarfunda. Sjálfstjórn og ábyrgð nemenda í verkefnavinnu, framkomu og hegðun, með leiðarljós skólans til grundvallar.

## Skipulag kennslunnar

Auk hefðbundinna þátta var hluti námsins í hringekju og hópastarfi t.d. í gagnvirkum lestri, eðlisvísindum og tölvufærni þar sem boðið var upp á bæði einstaklings- og færnimiðað nám.



### Námsmat/námsaðlögun

Námsmatið var í formi símats ásamt könnunum sem teknar voru með ákveðnu millibili. Verkefnavinna nemenda var metin ásamt könnunum og verkefnum. Verkefnabækur í Mentor voru nýttar og birtar foreldrum.

### Þróunarstarf/nýbreytni

Samvinnuverkefni um risaeðlur milli árganga 3. og 4. bekkja. Farið var af stað með ný verkefni um fugla og tókum við fyrir hænsnfugla. Í ensku var tekið fyrir nýtt námsefni *Winnie the Witch*. Einnig tengdum við enskuna námsefni samfélagsgreina s.s. himingimnum, risaeðlum o.fl.



Nemendur fara í stjörnuverið

### Útikennsla

Reglulega allt árið var útikennsla og veðrinu tókst ekki að setja strik í reikninginn. Samþættar voru námsgreinarnar stærðfræði, náttúrufræði, enska og íslenska. Unnið var t.d. með tré, skugga, mælingar o.fl.

### Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Árgangurinn tók þátt í umhverfisdeginum sem haldinn var á vorönn. Að hausti og vori tókum við þátt í átakinu gengið/hjólað í skólann með mjög góðum árangri. Farið var í fjöruferð og fuglaskoðun. Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn var heimsóttur í maímánuði í kjölfar vinnu með húsdýrin. Farið var á sinfóníutónleika í Háskólabíó og hlustað á verkið um flínn Babar. Uppskeruhátíð var haldin eftir hegðunaráttak. Ferð var farið í Hellisgerði.



Í heimsókn í Mjólkursamsölunni

## Lífsleikni

Mikil áhersla var lögð á að efla bekkjarandann ásamt virðingu og því að setja sig í spor annarra. Deildarstjóri og námsráðgjafi voru til aðstoðar í ýmsum verkefnum. Reglulegir bekkjarfundir voru haldnir. Kvikmyndin *Benjamín Dúfa* var sýnd og sköpuðust góðar umræður á eftir um einelti og fleira. Árgangurinn fór í sameiginlegt hegðunaráttak sem stóð yfir í 3 vikur. Tengslakannanir voru gerðar með reglulegu millibili í tengslum við lífsleiknina.

## Enska

*Muzzy 1 og 2* ásamt verkefnum. *Winnie the Witch* og *Winnie in winter* bækurnar ásamt verkefnum. Börnin lærðu að nota orðabækur. Ýmis ljósrituð verkefni af neti og úr bekkjarmöppu. Spil og útiverkefni.

## Skemmtanir og félagslíf

Að loknu samvinnuverkefni 3. og 4. bekkja um risaeðlur var haldin sýning fyrir foreldra og aðra aðstandendur. Tvö bekkjarkvöld voru haldin hjá hverjum bekk. Annað kvöldið var spilakvöld og hitt var sýning með skemmtiatriðum hvers bekkjar.



Slökkviliðið heimsótti 3. bekkinga

## Foreldrasamstarf

Í tveimur bekkjum voru vinarhópar sem foreldrarnir sáu um. Einnig sáu foreldrar um sameiginlegt lokahóf sem tókst afar vel.

## Mat á starfi vetrarins

Þegar á heildina er litið gekk starfið vel í vetur. Samfélagsfræðiverkefni voru vel unnin og nemendur voru mjög áhugasamir. Lestrarkennslan gekk einnig mjög vel og lestrarátak á vegum sérkennara í samstarfi við foreldra skilaði góðum árangri. Samkensla mætti vera meiri og blöndun í kennslu. Mikið og gott samstarf var milli umsjónarkennara og annars fagfólks innan skólans.

Ágústa Steinarsdóttir, Hrafnhildur Skúladóttir og

Ragna Jóhannsdóttir

## Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Í 4. bekk voru alls 66 nemendur í þremur umsjónarbekkjum. Umsjónarkennarar voru Guðrún Pálsdóttir, Lilja Sesselja Steindórsdóttir og Ragnheiður Stephensen. Bryndís Svavarsdóttir var í fæðingarorlofi og veikindaleyfi til 26. apríl 2010. Hún tók þá við bekknum af Lilju Sesselju. Anna Eymundsdóttir og Brynja Jónsdóttir voru sérkennarar árgangsins. Bryndís Guðmundsdóttir vann sem þroskajálfi í árganginum. Anna Laxdal, Sigríður Kragh og Agnes Kragh voru til stuðnings. Einn nemandi var með þroskajálfa/stuðningsfulltrúa með sér allan skólatímann.

### Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmiðið í vetur var að auka vandvirkni og sjálfstæði nemenda, efla lesskilning og viðhalda samvinnu og góðum bekkjaranda. Í Leiðarljósinu var aðallega unnið með vellíðan og vinnusemi og í verkefnavinnu var mikið um þarvinnu og hópastarf.

### Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Leitast var við að hafa námið einstaklingsmiðað og einkum stuðst við leitarnám, innlagnarkennslu, para- og hópavinnu. Samfélags- og náttúrufræði (að undanskildum eðlisvísindahlutanum) voru kenndar í lotum - oftast en ekki samþættar íslensku og oft stærðfræði. 3. og 4. bekkur vann saman samfélagsfræðiverkefni um risaeðlur. Einu sinni í viku var hringekja í fjórum hópum. Einn hópurinn var í ensku, annar í tölvufærni sá þriðji í gangvirkum lestri og sá fjórði í eðlisvísindum. Bókmenntir og ljóðakennsla voru kennd bæði fyrir og eftir áramót. Fuglaverkefni var tekið fyrir í maí.

Nokkrum sinnum í viku fóru nokkrir nemendur úr hverjum bekk út úr tíma í sérkennslu. Heimavinnuáætlun var bæði skráð í *Kompu* í upphafi viku og í *Mentor*. Í *Mentor* var oft að finna nákvæmari lýsingar á heimanáminu. Heimavinnuverkefni voru tvö til fjögur eftir umfangi og heimavinnuskil á miðvikudögum og föstudögum.

### Námsmat/námsaðlögun

Námsmat fór fram samkvæmt kennsluáætlunum. Vægi einstakra efnispáttu breyttist þó lítillega þegar að kennslunni kom. Nemendur sem fylgdu einstaklingsnámskrám voru metnir til samræmis við þær. Aðrir nemendur með sérþarfir tóku kannanir og próf í aðlöguðu umhverfi.

### Þróunarstarf/Nýbreytni

Notkun *skjátöflunnar* sem kennslutækis var áfram þróunarverkefni innan árgangsins þ.e. í RS og GP. Áhersla var lögð á náttúrufræði, stærðfræði og íslensk nafnorð. Taflan var nýtt til innlagnar, í stöðvavinnu, til þjálfunar á ákveðnum efnispáttum og til upprifjunar.



Gróðursetning í nágrenni skólans

## Útikennsla

Útikennsla er að mati kennara ekki sérstök kennsluaðferð heldur spurning um staðsetningu. Reynt var að skipta oft um námsumhverfi til þess að skapa fjölbreytni í kennslunni. Hentugir efnisþættir í stærðfræði, náttúrufræði, íslensku og lífsleikni voru kenndir úti þegar til þess viðraði annars víðs vegar um skólabygginguna.

## Umhverfisfræðsla

Nemendur voru fræddir um Grænánaverkefnið, pappír flokkaður í pappírskassann og fernum og skilagjaldsskyldum umbúðum skilað til endurvinnslu. Nemendur hreinsuðu skólalóðina tvisvar yfir veturinn og í vor hreinsuðu þeir svæði í tengslum við hreinsunarátak bæjarins. Nemendur lærðu um náttúruna (*Náttúran allan ársins hring*), um endurvinnslu (*Sorpið okkar – sorpa.is*) og um gróðursetningu. Lokaverkefnið var gróðursetning í hrauninu við Flatirnar í samvinnu við Skógræktarfélag Garðabæjar.

## Lífsleikni

Helstu áhersluatriðin í lífsleikni voru vellíðan, vinátta, virðing, fjölbreytileiki einstaklinga, mikilvægi þess að geta unnið með ólíkum einstaklingum og umhverfið okkar. Þetta var í raun samofið öllu starfinu í bekkjunum. Undirbúningur og flutningur á skemmtiatriðum (bekkjarsýning og jólaskemmtun) var stór þáttur í lífsleiknináminu.



Allir með hjálm í hjólaferð

## Skemmtanir og félagslíf

Nemendur fluttu atriði á jólaskemmtun yngri nemenda. Nemendur sýndu jólaguðspjallið ásamt tískusýningu og jólasveinaleikriti. Nemendur fóru hjólandi í blómaskoðun að hausti, á Árbæjarsafnið í janúar og upp á Akranes í maí. Hjólaferðir voru farnar í Heiðmörk og í Náttúrufræðistofu ásamt ýmsum útileikjum og gönguferðum í maí. Bekkirir voru allir með eitt bingó kvöld fyrir áramót og sýningu fyrir foreldra fyrir eða eftir áramót.

## Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra var mjög gott. Reglulegir fundir voru haldnir með foreldrum nemenda með sérþarfir, gott tölvupóstsamband var við aðra foreldra og fundað var með þeim þegar þurfa þótti. Félagsstarfið í bekkjunum var ekkert sérstaklega mikið en þátttakan var góð.



## Mat á starfi vetrarins

Starf vetrarins gekk mjög vel fyrir sig. Það ríkir góður andi í árganginum og vináttan milli bekkjanna er alveg sérstök. Það sem gekk ekki nógu vel var t.d. enskukennsla. Hún var stopul. Vegna forgangsroðunar var skriftarkennsla með minnsta móti svo nemendur komust ekki nægilega vel á skrið í tengiskrift.

Bryndís Svavarsdóttir, Guðrún Pálsdóttir og  
Ragnheiður Stephensen

## Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Nemendur í 5. bekk voru alls 50 í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru: Anna Magnea Harðardóttir og Bergljót Vilhjálmisdóttir. Bjarni Þ. Halldórsson kenndi í árganginum sjö stundir í íslensku þar sem árganginum var skipt upp í minni einingar. Í stærðfræði var skipt í færnimiðaða hópa og kenndi Anna Magnea bláum hópi, Bjarni rauðum, Bergljót gulum og Ragnheiður Stephensen grænum hópi. Margrét Einarsdóttir sá um sérkennslu í íslensku. Guðný Sigurjónsdóttir þroskaþjálfari kom inn í annan bekkinn fjóra tíma á viku og stuðningsfulltrúarnir Agnes og Sigurveig komu inn í annan bekkinn fimm tíma á viku.

### Helstu áherslur árgangsins

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla. Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti með uppbroti af ýmsum toga. Vegna samsetningar árgangsins er mikil þörf fyrir fjölbreytta kennsluhætti og því að sníða námsefni að þörfum mismunandi einstaklinga og tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi. Einnig var lögð áhersla á að styrkja bekkjaranda og félagatengsl m.a. með bekkjarfundum og hópum hjá Elvu námsráðgjafa.

### Kennsluhættir/Skipulag kennslu



Íslenska: Í íslensku var mjög fjölbreytt vinna og að mörgu leyti ólík því sem við höfum vanist síðustu ár. Að hausti var árganginum skipt upp í færnimiðaða hópa eftir stöðu þeirra í lestri og unnin verkefni í bókmenntum, ljóðum, málrækt, stafsetningu, ritun lesskilningi og orðaforða/málskilningi. Þannig var unnið aðra hverja viku fram í nóvember. Vikuna á móti var unnið á hefðbundinn hátt í bekkjum.

Einn hópur var alltaf í sérkennslu í íslensku hjá Margréti og vann aðlöguð verkefni. Einnig var boðið upp á stutt námskeið fyrir litla hópa þar sem lögð var áhersla á lesskilning og stafsetningu. Jafnframt unnum við mjög skemmtileg heilstæð verkefni á hvorri önn út frá bókunum *Öðruvísi fjölskylda* og *Benjamín dúfa*. Jafnframt var nemendum skipt í hópa og lásu þjóðsögur úr *Trunt, trunt og tröllin* með gagnvirkum lestri. Kennaranemar á 3. ári kenndu bekknum í tvær vikur og lögðu þeir áherslu á útikennslu, málshætti og bókmenntir og landafræði.



Kristinfræði: Í kristinfræði var unnið með boðorðin og sögu Ísraelsþjóðar að hluta með óhefðbundnum hætti sem gafst mjög vel. Nemendur sömdu nútímaboðorðasögu og kynntu fyrir bekknum. Einnig var horft á myndina „*The ten Commandments*“ frá 1952 og vakti hún mikla lukku. Unnin voru verkefni út frá myndinni.

Samfélagsfræði og landafræði: Kennt var í lotum þar sem lögð var áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Í Íslandssögu var bókarlaus vinna þar sem lögð var áhersla á umræður og kynningar kennara og fjölbreytt sjálfstæð verkefni með nokkurri sköpun (ritun, ljóð, myndvinnsla) sem nemendur söfnuðu saman í afar fallega bók. Í landafræði var mikið unnið sjálfstætt eða í þörum við að afla sér upplýsinga og þjálfala leitarlestur og unnin gagnvirk verkefni í tölvum. Horft var á nokkuð af myndböndum í tengslum við efnið.



Heimanám var að mestu samræmt í árganginum. Lesa átti fyrir hvern dag og fjóra daga vikunnar var eitthvað tvennt sem sett var fyrir. Tvisvar í viku var sett fyrir heimanám í stærðfræðihópum. Upplýsingar um heimanám var sett á Mentor fyrir alla vikuna á mánudögum, en skila átti daglega einhverju tvennu.

### Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var fjölbreytt s.s. möppumat, mat á verkefnum, hefðbundin próf, kannanir, kennaramat, mat á hópvinnu og samstarfi, gagnvirk próf og sjálfsmat.

Í árganginum er töluvert af nemendum með almenna- og/eða sértæka námserfiðleika og því mikil þörf á námsaðlögun. Nokkrir nemendur fengu einstaklingsnámskrá og próf voru aðlöguð fyrir þann hóp. Einnig þurfti að lesa spurningar og/eða rita fyrir nemendur, stytta og aðlaga próf og verkefni, bjóða upp á minni hópa, lengja prófatíma, nota diktafón við úrlausn o.s.frv.



Nokkrir nemendur fengu tímabundna sérkennslu í íslensku (u.þ.b. 8 vikur í senn) ýmist með áherslu á lesskilning, stafsetningu eða aukinn lestrarhraða. Jafnframt var hópur nemenda í sérkennslu allan veturinn. Tveir nemendur fengu nýbúakennslu ýmist hluta úr vetri eða allan veturinn.

Vegna námslegrar stöðu margra í hópnum er veruleg þörf fyrir að auka enn frekar aðlögun námsefnis og námsmats.

### Þróunarstarf/Nýbreytni

Unnið var í færnimiðuðum hópum í íslensku hluta úr vetri og þvert á bekk. Unnin voru tvö verkefni í heildstæðri íslensku með bókunum *Óðruvísi fjölskyldu* og *Benjamín dúfu*. Kristinfræðin var unnin út frá markmiðum í Aðalnámskrá og unnið með óhefðbundnum hætti. Íslandssaga var unnin með söguaðferð og verkefnum breytt aðeins frá því sem áður hefur verið. (Sjá nánari lýsingu að ofan). Í bláum hóp í stærðfræði var farið í tölvuver einu sinni í viku allan veturinn og þjálfuð stærðfræði með forritum og vefefni. Einnig var brotið upp á föstudögum og unnið með stærðfræðispil, leiki og þrautir.

### Útikennsla

Ekki var mikið um útikennslu í árganginum. Hún var einkum í stærðfræði nokkrum sinnum yfir veturinn. Við þurfum að bæta okkur í þessum þætti. Kennaranemar voru nokkuð með útikennslu m.a. í íslensku.



Nemendur í útikennslu

### Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Nokkuð var um vettvangsferðir í árganginum og áberandi hversu gaman er að fara með þau í slíkt þar sem þau eru sérstaklega virk og áhugasöm og njóta þeirra vel. Ferðirnar voru einkum í tengslum við Íslandssögu og náttúrufræði. Farið var í Þjóðminjasafnið í fræðslu um landnám Íslands, að skoða Hofstaði, á safnið 870 + - 2, í vorferð að Þingvöllum með leiðsögn og í yndislega ferð að Vífilstaðavatni að skoða fugla og plöntur að vori.



Við Vífilstaðavatn

### Lífsleikni

Farið var í valda kafla í umferðabókina *Á ferð og flugi*, einkum á haustönn. Unnið var með sjálfsmynd og hrós og unnið skemmtilegt verkefni út frá því. Töluvert var um bekkjarfundi og umræðufundi þar sem samskipti og árekstrar voru tekin fyrir. Jafnframt kenndum við nemendum félagsvist og buðum foreldrum á bekkjarkvöld að taka í spil. Mikill tími fór í æfingar fyrir sal. Kennaranemar tóku fyrir umfjöllun um netöryggi og einelti á netinu frá SAFT. Þó nokkur fjöldi var af nýjum nemendum sem námsráðgjafi hitti og hélt jafnvel fundi og hópafundi með til að hjálpa þeim að komast inn í hópinn. Einnig tók Elva stelpurnar í öðrum bekknum í tveimur hópum í um átta vikur til að vinna sérstaklega með samskipti þeirra á milli t.d. baktal og einelti. Jafnframt hélt þroskaþjálfari fundi með nokkrum stúlkanna reglulega til að vinna með félagsfærni. Námsráðgjafi hjálpaði einnig til með kvíða og prófkvíða hjá einstaka nemendum. Hjúkrunarfræðingur kom og ræddi við hópinn nokkrum sinnum um heilsufar og hollustu.



Vímuvannahlaupið

### Enska

Þar sem nemendur byrjuðu í enskukennslu fyrir tveimur árum var nokkuð um upprifjun og ýmis einfaldari verkefni á haustönn til að styrkja þá kunnáttu og meta stöðu hópsins, en gefið meira í á vorönn. Lögð var nokkur áhersla á grunnþætti og orðaforða og að þjálfari ritun samhliða skilningi og hlustun. Unnin var *Work Out* vinnubók, *Animals* lesbók og vinnuhefti með henni. Jafnframt fengu nemendur mjög mikið af aukaverkefnum í litlum heftum með krossgátum og slíku til að styrkja enn grunn orðaforða og ritun. Flestum fór mikið fram, en eins og við höfum



áður séð er gríðarleg breidd í hópnum og því mikið tilhlökkunarefni að vera með færnimiðaða hópa næsta vetur og erum við fullvissar um að slík kennsla skilar mun betri árangri í ensku.

### Skemmtanir og félagslíf og foreldrasamstarf

Á haustönn var bekkjarkvöld þar sem spiluð var félagsvist með foreldrum og borðaðar góðar veitingar sem foreldrar komu með. Í BV bekknum sýndu nemendur foreldrum skemmtiatriðin sín af sal á undan spilamenskunni. Í AMH bekknum var haldið sérstakt bekkjarkvöld á sal þar sem foreldrar fengu að sjá framlag nemenda á sal. BV bekkurinn hélt seinna bekkjarkvöld sitt í Guðmundarlundi þar sem grillað var og farið í leiki, en foreldrar í AMH höfðu slíka stund að vori og buðu kennaranum að koma með og eiga huggulega stund. Jafnframt fóru nemendur og foreldrar í sundferð á haustdögum. Einnig fórum við að sjá jólaleikrit í lðnó í desember.



### Mat á starfi vetrarins

Við erum mjög ánægðar með starfið í vetur. Okkur finnst við hafa haft gríðarlega fjölbreytta kennslu og nálgast viðfangsefni með nýjum hætti oft á tíðum. Við erum sérstaklega ánægðar með þessa heildstæðu vinnu í íslenskunni í tengslum við lesbækurnar. Sú vinna var mjög fjölbreytt; spurningar, málfræði og stafsetning, persónuleg ritun, ljóðagerð, hugtakakort, útdrættir, bókrýni, framsögn, skapandi vinna og fönður. Nemendur lærðu jafnframt að skipuleggja sig og halda utan um námsgögnin sín. Nemendur voru mjög ánægðir í þessari vinnu og vilja fá meira af slíku. Okkur fannst einnig að hún skila betri námsárangri og skilningi t.d. í málfræði. Einnig reyndum við að bæta okkur í eftirfylgni með lestri og hvetja til lesturs og tókst það með ágætum m.a. með lestrarátaki undir vorið sem nemendur sýndu mikinn áhuga.

Við prófuðum að vinna með gagnvirkan lestur í þjóðsögum (Trunt, trunt og tröllin) en eftir á að hyggja þykir okkur ljóst að það virkar betur þetta gamla góða að lesa með þeim og ræða. Þau mundu mjög illa innihald sagnanna sem unnin voru með þessum hætti. Okkur fannst takast sérstaklega vel til með þessa nýbreytni hjá okkur í vetur í kristinfræði. Við nálguðumst viðfangsefnið með allt öðrum hætti en við höfum áður gert. Nemendur voru mjög virkir og jákvæðir og hreint ótrúlegt t.d. hvað mynd frá 1952 höfðaði til þeirra. Vinnan skilaði einni góðum skilningi markmiðum námsefnisins. Söguramminn og vinnan í kringum Landnám Íslands er alltaf stórskemmtileg. Einnig finnst okkur leitarlesturinn og gangvirku verkefni í landafræði góð og hjálpa til við að gera mjög þungt námsefni viðráðanlegra. Sérstaklega skemmtilegt er að fara í fræðslu- og vettvangsferðir með þessum árgangi og full ástæða til að gera eins mikið af því og hægt er. Nemendur hafa kynnst mjög ólíkum vinnuaðferðum og farið mikið fram í sjálfstæði, skipulagningu og allri vinnu, hvort heldur er einstaklingslega, í þörum eða hópum.



Við þurfum að bæta okkur í því að fara með nemendur út og vinna ýmis skemmtilegt útiverkefni. Tíminn hljóp frá okkur m.a. vegna komu kennaranema og tókst því ekki að sinna náttúrufræðinni eins vel og lagt var af stað með. Lífsleiknikennslan hefði mátt vera markvissari en hugsanlega skilar þessi vinna með samskipti og bekkjarfundi nemendum færari í slíka vinnu



næsta vetur. Við þurfum að vinna enn frekar að því að aðlaga og einstaklingsmiða námsefnið fyrir þó nokkurn hóp nemenda. Vegna mikilla anna fékk skriftarkennslan ekki það vægi sem hún hefði þurft og þurfum við að taka á því næsta vetur til að ná betri árangri í fallettri tengdri grunnskri.

Anna Magnea Harðardóttir og Bergljót Vilhjálmsdóttir

## Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk.

Nemendur í 6. bekk voru 57 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru: Hrönn Kjærnested, Ólöf Harpa Gunnarsdóttir og Ölrún Marðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Agnes Kragh, Sigurveig Björnsdóttir. Guðrún Dögg Jóhannsdóttir var sérkennari í árganginum.



Skapandi skólastarfs

### Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti s.s., einstaklingsvinnu, hópvinnu, paravinnu, samvinnunám. Kennsla í ensku og stærðfræði var færnimiðuð. Nemendur fengu heimanámi úthlutað einu sinni í viku sem þeir skiluðu af sér viku síðar. Lestur var alla daga, tvö íslenskuverkefni og eitt stærðfræðiverkefni. Inn á milli tókum við lífsleikni og samfélagfræðiverkefni með inn í heimavinnuna.

### Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var fjölbreytt. Nemendur tóku hefðbundin próf, heimapróf, tölvuverkefni metin, vinnubækur metnar, vinna og áhugi í tímum metið og notast var við ýmsa gátlista (rubrics) við námsmatið. Nokkrir nemendur unnu út frá einstaklingsnámskrá. Þeir sem þurftu lengri próftíma fengu hann.

### Þróunarstarf/Nýbreytni

Í vetur var ekki hringekja í árganginum. Í hennar stað tókum við upp lotukennslu, 50 mínútur á viku. Þar var tekið fyrir leikræn tjáning, ritun og útkennsla. Þessi kennsla var bekkjarmiðuð. Við nýttum þessa tíma einnig til æfinga fyrir þorablót og bekkjarskemmtanir á sal. Þetta gafst mjög vel.

Í eðlisvísindum unnum við töluvert hlutbundið með námsefnið. Náttúran var skoðuð og farið í fjöruferð. En námsefnið gefur tilefni til að vinna með það á lifandi og skemmtilegan hátt.

Við vinnu við Norðurlönd unnu nemendur *power point* verkefni í stað ferðabæklinga sem þeir kynntu fyrir samnemendum og var hluti af námsmati.

Í ensku var tekin sú ákvörðun á miðjum vetri að fjölga enskuhópum um einn. Með því var verið að koma til móts við nemendur og kennara þar sem mikil breidd var í námshópnum og margir nemendur með sérþarfir.



Í hellaferð í Heiðmörk

### Útikennsla og umhverfisfræðsla

Á haustdögum unnu nemendur að stóru umhverfisverkefni þar sem þeir fræddust um Vífilsstaðavatn. Kennslan var með hefðbundnu sniði þar sem unnið var með kennslubókina. Farið var í vettvangsferð að vatninu þar sem nemendur voru fræddir og fengu að skoða lífríki vatnsins og umhverfi þess. Tekin voru sýni og þau mæld og skoðuð.

Nemendur fóru í vinnuferð í Húsdýragarðinn í janúar þar sem þeir fræddust um dýrin og fengu að vinna ýmis verk tengd umhirðu þeirra. Nemendur 6. bekkjar ásamt nemendum 2. bekkjar unnu saman að því verkefni að hreinsa umhverfi skólans, meðfram Arnarneslæk niður að sjó á vordögum. Nemendur fengu umbun frá Garðabæ fyrir aðstoðina og tókst verkefnið afar vel. Við unnum útikennsluverkefni af ýmsum toga í lotukennslu oftast í tengslum við námsefnið.

### Lífsleikni

Á haustönn var tekin fyrir umferðarfræðsla þar sem unnið var með bókina *Á ferð og flugi í umferðinni*. Á vorönn var tekið fyrir námsefnið *Lions quest*. Reglulega voru bekkjarfundir og unnið með samskipti og þau mál sem upp komu hverju sinni. Einnig voru haldnir fundir þar sem nemendum var skipt eftir kyni og mælum við með þess konar vinnu. Nemendur fengu námskeið í kynfræðslu þar sem hjúkrunarfræðingur kom og fjallaði um helstu líkamlegu og andlegu breytingar á kynþroskaskeiði. Á vordögum fengu nemendur tóbaksvarnarfræðslu. Námsráðgjafi vann úr tengslakönnunum sem lagðar voru fyrir bekkina.

### Skemmtanir og félagslíf

Diskótek var haldið að hausti og vori. Bekkjarkvöld voru haldin eftir skemmtanir á sal. Hefðbundið þorablót var í febrúar sem heppnaðist vel.

### Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði. Kosnir voru bekkjarfulltrúar í öllum bekkjum. Bekkjarkvöld voru haldin þar sem sýnd voru skemmtiatriði nemenda sem höfðu verið á sal. Mjög góð þátttaka foreldra var á þorablóti 6. bekkja og var mikil ánægja með hvernig til tókst.

## Mat á starfi vetrarins

Vel gafst að fjölga hópum um einn í ensku. Við teljum að samræma þurfi betur námsefni og námsmat í ensku í 6. bekk.

Mikil ánægja var með heimapróf og tölvuverkefni. Auka mætti sjálfsmat nemenda í ýmsum námsgreinum.

Mikill tími var tekinn í lífsleikni þar sem mörg flókin mál komu upp sem vinna þurfti með. Verkefni í *Lions quest* henta mjög vel í kennslu fyrir 6. bekk og tókst sú vinna vel (sjá kennsluáætlun).

Í íslensku lásu nemendur bókina *Fólkið í blokkinni* og unnu verkefni í tengslum við hana. Við teljum að það ætti að taka aðra bók á vorönn sem unnið er með á svipaðan hátt.

Grönn Kjærnested, Ólöf Harpa Gunnarsdóttir og

Ölrún Marðardóttir

## Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru alls 57 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru: Björk Ólafsdóttir, Lilja Karlsdóttir og Ólafur Pétursson. Auk þess fylgdu árganginum Agnes Kragh stuðningsfulltrúi og Bryndís Guðmundsdóttir þroskaþjálfari. Um sérkennslu sá Brynja Jónsdóttir. Hún sá jafnframt um færnimiðaðan hóp í stærðfræði og námskeið í íslensku.

### Helstu áherslur árgangsins

Stuðst var við *Aðalnámskrá grunnskóla* og reynt að ná sem flestum markmiðum sem þar eru sett fyrir aldursstigið.

### Kennsluhættir/skipulag kennslu

Árganginum var skipt í þrjá bekkja og kenndi umsjónarkennari sínum bekk allflestar námsgreinar. Skipt var eftir færni í stærðfræði og ensku og varð þá mikil blöndun milli bekkja. Jafnframt var hringekja í tölvufærni (vélritun), sögu (*Grjóthruða í hafinu*) og eðlisvísindum og voru þá u.þ.b 18-20 nemendur í hverjum hóp í 10-11 skipti í tveimur samliggjandi kennslustundum. Einnig var um blöndun að ræða í list- og verkgreinum og sundi og var þá enn önnur hópaskipting í gangi og má því segja að árgangurinn hafi blandast töluvert og sé farinn að kynnast vel eftir þrjú ár í svipuðu kerfi.



Fjórir nemendur voru með einstaklingsnámskrá og unnu alfarið út frá henni en fleiri nemendur tóku stundum aðlöguð próf miðað við sína námsgetu.

Kennsluhættir voru nokkuð fjölbreyttir og námsmat einnig. Nemendur unnu oft einstaklingslega að verkefnum í vinnubókum, hlustuðu á kennara fræða þá um ýmis mál, en einnig unnu nemendur saman í pörum og hópum að verkefnum af ýmsum toga. Sem dæmi má nefna vinnu við *Vítahring* í bókmenntum en þar unnu nemendur verköppu með fjölbreyttum verkefnum t.d. ljóð, myndasögur, persónulýsingar, dagbækur, spurningar og bókrýni. Í *Evrópu* unnu sumir nemendur hópverkefni í *power point* eða *publisher* þar sem þau bjuggu til kynningu um eitt

Evrópulandanna. Nemendur sömdu þó nokkuð af ljóðum af ýmsum toga af fluttu fyrir bekkinn. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni úr frjálslestrarbókum sem komu afar vel út t.d. flettibækur, bréf til höfunda, fótspor eða pizzur úr atburðarásinni, þrívíddarkassa með umhverfi bókarinnar o.fl. Nemendur unnu fjölbreytt ritunarverkefni t.d. um ferðina á Reyki, skáldritun og minningar úr Hofstaðaskóla. Í sögu (*Grjóthrúga í hafinu*) unnu nemendur í hópum að gerð námskynningar fyrir aðra hópa um valin kafla úr námsefninu. Námsmat var iðulega samsett úr mögum þáttum, prófum, könnunum, verkefnavinnu, sjálfsmati, vinnubókum og mati á virkni og vinnubrögðum.



Nemendur kynna verkefni sín

## Heimanám

Heimanám var fyrir fjóra daga vikunnar. Lesa átti fyrir hvern dag og læra heima í mest tveimur fögum fyrir hvern dag en reynt að sleppa heimanámi um helgar. Einnig var reynt að setja nemendum fyrir viku fram í tímann.

## Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var unnið með nokkuð fjölbreyttum hætti og oft var námsmat sett saman úr nokkrum þáttum, próf, kannanir og verkefnavinna af einhverjum toga. Próf voru flest með hefðbundnum hætti en einnig gagnvirk próf í tölvu þar sem mátti hafa námsgögn með sér í prófið og leita upplýsinga.

Unnin var verkefnavinna af ýmsum toga sem metin var sem hluti af námsmati. Í *Vítahring* unnu nemendur t.d. alls kyns fjölbreytt verkefni og söfnuðu saman í möppu sem metin var. Nemendur lásu fjórar til sex kjörbækur sem þeir skiluðu fjölbreyttum verkefnum úr en þau giltu sem hluti af námsmati í íslensku. Vinnubækur voru metnar sem hluti af námsmati í nokkrum námsgreinum. Í landafræði Evrópu unnu nemendur verkefni um eitt Evrópuland í litlum hópum. Í trúarbragðafræði unnu nemendur vinnubók um trúarbrögð þar sem unnið var með Hindúisma, Búddisma, Íslam og Gyðingdóm. Í ensku voru unnin ýmis konar verkefni og ritgerðir sem metnar voru. Í stærðfræði voru kannanir teknar reglulega og giltu þær ásamt sjálfsmati 50% á móti prófi.

Í árganginum eru nemendur sem eru að kljást við námserfiðleika af ýmsum toga og unnu þeir eftir einstaklingsnámsskrá. Nokkuð var um að próf voru einfölduð og aðlöguð að þeirra þörfum. Einnig fengu sumir nemendur lengri prófatíma, lesara eða skrifara til aðstoðar í prófum.

## Þróunarstarf og nýbreytni

Starfið í 7. bekk er nú komið í fastar skorður eftir þessi ár sem árgangurinn hefur verið hér hjá okkur og kennsla með nokkuð fjölbreyttum hætti að okkar mati. Þó reyndum við að breyta til í nokkrum námsgreinum og fara nýjar leiðir.

Bókin *Vítahringur* hefur verið lesin í 7. bekk í nokkur ár og verkefni unnin úr henni en með mismunandi hætti ár hvert.

### Lestrarverkefni

Okkur hefur þótt það nokkuð vandamál í eldri bekkjum að fá ákveðinn hóp nemenda til að lesa bækur sér til skemmtunar. Við vildum finna leið til að hvetja til lestrar. Við útbjuggum að hausti hugmyndalista fyrir nemendum með fjölbreyttum verkefnum sem þeir gátu valið úr. Nemendur áttu að lesa sex bækur að eigin vali yfir veturinn, þrjár á haustönn og þrjár á vorönn og vinna úr þeim skilaverkefni af þessum lista sem giltu sem hluti af námsmati í íslensku. Verkefni voru mjög mismunandi t.d. var hægt að vinna kassa með umhverfi sögunnar, skrifa höfundu bréf, gera flettibók, setja fram atburðarás sem "pizzu" eða fótspor, gera hefðbundna bókrýni o.fl. Nemendur máttu einungis skila einu verkefni af hverri gerð og þurftu því að vinna fjölbreytt verkefni yfir veturinn. Síðasta verkefnið var reyndar hefðbundin kjörbókarritgerð nema hvað að þessu sinni létum við nemendur vinna hana alfarið sjálf í skólanum.



Okkur þótti þessi vinna skemmtilegri en við áttum í raun von á. Nemendur voru tregir í taumi í fyrstu en eftir því sem leið á veturinn og þau sáu verk hinna kom upp metnaður og hugmyndaauðgi jókst. Verkefnið urðu mörg afar vönduð og skemmtileg. Við sjáum það eftir á að við hefðum átt að vera enn meira úr þessari vinnu og láta t.d. nemendur flytja framsögn um verkefni sín og kynna þannig áhugaverðar bækur fyrir bekknum, en við stefnum að því að halda svona vinnu áfram með næsta bekk og þá bætum við úr þessu.

### Útikennsla og umhverfisfræðsla

Útbúin var sérstök útikennsluáætlun. Við fórum að hluta til eftir henni. Útikennslan fór mest fram á haust- og vordögum, þá var aðeins rætt um umferðarreglur í tengslum við hjólaferðir og nokkuð var um útivist og leiki. Jafnframt fóru kennarar með sinn bekk eða færnimiðaðan hóp í stærðfræði í verkefni úti sem tengdust náminu.

### Lífsleikni

Nemendahópurinn gaf iðulega tilefni til umræðna um hin ýmsu mál er varðar samskipti, hegðun og lífsleikni almennt. Slíkar umræður og viðfangsefni tengdust ekki endilega alltaf þeim markmiðum og áætlunum sem lagt var af stað með að hausti. Ekki náðist því að ljúka því námsefni sem stefnt var að en margt annað gert í staðinn. Elva Björk námsráðgjafi hélt námskeið um námstækni. Hún hitti einnig suma nemendur einstaklingslega eða í minni hópum til að aðstoða við félagsfærni, námstækni eða önnur mál. Hjúkrunarfræðingurinn kom í tvær heimsóknir og ræddi um tannheilsu, *H-in 6* og hugrekki og sjálfsmýnd. Miklar umræður spunnust oft í kringum vinnu við *Mannslíkamann* og viðfangsefni tengd henni. Jafnframt var fjallað um fíkniefni og forvarnir. 7-LK tók þátt í *Reyklaus bekkur* og sendi inn lokaverkefni í keppnina.





Í vettvangsferð á Gljúfrasteini

Við ræddum mikið við nemendur um netnotkun og öryggi á netinu og studdumst þar við námsefni SAFT. Fulltrúi frá umboðsmanni barna kom og ræddi við nemendur um réttindi barna. Árgangurinn sá um jólaskemmtun og fór mikill tími í undirbúning og æfingar. Einnig fór nokkur tími í umræður og undirbúning fyrir Reykjaferð og var sú ferð í heildina mikil lífsleikni og skemmtun fyrir nemendur. Á vordögum fengum við leikara í heimsókn til að skemmta krökkunum.

### **Skemmtanir og félagslíf.**

Diskótek/Hrekkjavökuball, var haldið og nemendum Flataskóla og Sjálandsskóla boðið. Nemendur sáu sjálfir um tónlistina. Viðurkenningar voru veittar fyrir bestu búningana. Allir nemendur komu með eitthvað á hlaðborð. Þetta tókst mjög vel. Nemendum var boðið á diskótek í Sjálandsskóla.



Árshátíðin var haldin í apríl og var „Hollywood“ þema hátíðarinnar. Nemendur sáu um allan undirbúning hennar undir stjórn kennara og deildarstjóra og buðu foreldrum sínum til veislu. Byrjað var á hæfileikakeppni, síðan var borinn fram mexíkóskur matur og að lokum dönsuðu nemendur en foreldrar fóru heim.



Prúðbúnir árshátíðargestir

Í lok janúar var farið að Reykjum í Hrútafirði og dvalið þar í góðu yfirlæti í viku (fimm virkir dagar). Ferðin heppnaðist einstaklega vel og eru kennarar afar stoltir af framgöngu nemenda sinna þar. Í ferðinni sást vel hversu mikill félagslegur ávinningur er af því að blanda nemendum árgangsins í tímum (s.s. í list- og verkgreinum og færnimiðuðu námi). Þeir þekktust vel innbyrðis og blönduðust í hópa óháð bekkjum og ekki var sjáanlegt að nokkur væri hafður útundan. Starfið á Reykjum er mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Aðstaða og aðbúnaður var góður, maturinn frábær, starfsfólkið yndislegt og kvöldvökurnar eftirminnilegar. Fréttir og myndir voru settar inn á vef Hofsstáðaskóla reglulega meðan á dvöl stóð. Vakti það mikla ánægju hjá foreldrum, sem gátu þannig fylgst með barni sínu. Nemendur unnu ritgerð upp úr dagbók sem þeir héldu á Reykjum.

Vorferð var farin á slóðir Vítahrings í Hvalfjörðinn. Háskóli unga fólksins var heimsóttur. Farið var í hjóla-og gönguferðir m.a. í Elliðaárdal.

### Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk ágætlega í vetur og voru foreldrar viljugir til að mæta þegar þeim er boðið í skólann. Bekkjarfulltrúar voru fengnir í ýmis hlutverk á skemmtunum s.s. á árshátíðinni og á hrekkjavökudiskótekinu. Bekkjarkvöld voru haldin í bekkjunum og voru með misjöfnu sniði. Misjafnt var eftir bekkjum hversu oft nemendur hittust með foreldrum og gerðu eitthvað saman.

### Mat á starfi vetrarins

Nú þegar fimmta vetri í kennslu 7. bekkjar í Hofsstáðaskóla er lokið virðist vera komið nokkuð gott lag á skipulag, námsefni og félagslíf árgangsins. Nokkuð er orðið til af efni og áætlanir komnar í fastar skorður og hægt að nýta tímann í að finna nýja og skemmtilega hluti og breyta því sem betur má fara.

Okkur finnst almennt námsefnið í árganginum frekar skemmtilegt og mörg áhugaverð viðfangsefni sem hægt væri að vinna endalaust með t.d. *Evrópa*, *Mannlíkaminn* og *Vítahring*. Við reyndum að halda því sem okkur fannst virka vel af því sem áður var gert en finna einnig nýjar leiðir að hluta til.

Íslenskan og stærðfræðin þyngist nokkuð mikið. Í 7. bekk finnst okkur og skynsamlegt að fara heldur hægar og betur yfir en ella. Margt nýtt kemur inn sem vefst nokkuð fyrir nemendum. Okkur finnst starfið almennt hafa tekist ótrúlega vel og flest viðfangsefni gengið upp eins og lagt var að stað með þótt krefjandi væru. Sérstaklega minnisstæð er ferðin í skólabúðirnar að Reykjum.

Í stærðfræðinni finnst okkur við vera svolítið í kappi við tímann og mætti endurskoða áætlun.

Í vetur fengu nemendur ekki að vera inni í frímínútum eins og verið hefur. Nemendur kvörtuðu til að byrja með en vöndust þessu. Teljum við þetta vera breytingu til góðs.



Björk Ólafsdóttir, Lilja Karlsdóttir og Ólafur Pétursson



## Kennsla í erlendum tungumálum

### Danska

#### Markmið

Dönskukennsla hefst í 7. bekk og þess vegna er markmið að kynna tungumálið fyrir nemendum og byggja upp ákveðinn grunn í málinu sem unnt er að byggja á síðar. Eins er lögð áhersla á að kynna Danmörku og menningu landsins.

#### Uppbygging kennslunnar

Kenndar voru þrjár kennslustundir í viku í dönsku þar sem hver kennslustund var 40 mínútur. Ester Jónsdóttir kenndi ÓP bekknum og Lilja Karlsdóttir kenndi LK og BÓ bekknum.

#### Kennsluaðferðir

Notast var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en í upphafi var mikið stuðst við bókina og hlustun úr bókinni. Þegar nemendur höfðu svo náð ákveðnum grunni í dönskunni var breytt til og farið í hópavinnu, unnið verkefni í tölvum, hópverkefni: *Mig selv, Danmark* og ýmsa aðra vinnu.

#### Námsefni

Bókin *Klar Parat* var kennd og teknir fyrir kaflar 1 til 6 fyrir jól og auk þess sem unnið var stórt verkefni um Mig selv og Danmörku. Eftir jól voru teknir 7 til 12 en einungis var prófað úr köflum 1 til 9. Minni áhersla var lögð á hlustun eftir jól og reynt að leggja áherslu á sjálfstæð vinnu og önnur verkefni.

#### Námsmat

Nemendur tóku kaflapróf, en þess á milli voru unnin verkefni sem voru hluti af símati.

Ester Jónsdóttir og Lilja Karlsdóttir dönskukennarar

## Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði

Ákvörðun um að hafa fagstjóra í náttúrufræði fyrir skólaárið 2009-2010 var tekin þar sem teikn voru á lofti um að breyting yrði á fyrirkomulagi kennslu á eðlisfræðihluta námsefnisins vegna niðurskurðar á tímamagni og þótti gott að fylgja þeim breytingum vel úr vör. Reyndin varð svo önnur þar sem breytingin varð lítil sem engin þegar allt kom til alls.

Hlutverk fagstjóra var þar með mjög opið og þar sem ekki lá fyrir nein starfslýsing í upphafi skólaárs kom það í hlutverk undirritaðrar að ákvarða hvert hlutverk fagstjórans yrði þetta skólaár. Fyrsta verkefnið var að sækja smiðju með náttúrufræðikennurum í öðrum skólum á vegum Endurmenntunar HÍ sem gaf betri innsýn í náttúrufræðikennslu í öðrum skólum.

Starf fagstjórans var kynnt kennurum á stigsfundum og hvatt til umræðna um kennsluna við fagstóra væri hann til stuðnings fyrir þá sem þyrftu og vildu. Kynntar voru bækur fyrir sem keyptar voru fyrir skólann um eðlis- og efnafræðikennslu.

Í náttúrufræðismiðjunni las fagstjóri margar greinar um náttúrufræðikennslu og jafnvægi milli bóklegrar og verklegrar kennslu. Þar kom alls staðar fram mikilvægi úrvinnslu og samantektar eftir verklega vinnu og að þetta þyrfti allt að tvinnast saman. Sú ákvörðun var þá tekin að gera

Úttekt á kennslunni í Hofstaðaskóla með hliðsjón af tímamagni og markmiðum í árgangi og sjá hvar verið væri að gera góða hluti og hvar þyrfti að bæta úr.

Rýnt var í kennsluáætlanir og efnisþættir settir upp í töflu sem kennarar árganga fengu svo til yfirlestrar. Markmiðið var að fá sem raunhæfasta mynd af umfangi kennslunnar í árgöngunum. Flestir árgangar skiluðu svo athugasemdum til baka. Það má því segja að verkið sé komið vel á veg en það er ærið og til þess að fá virkilega góða mynd af kennslunni þarf að fara í meiri vinnu með árgöngunum á næsta skólaári.

Ákveðnar niðurstöður komu þó í ljós mjög fljótlega í úttektinni og voru þær helstar að kennslan á yngra stigi sé nokkuð þétt og ágætis jafnvægi á milli bóklegs og verklegs náms enda stutt síðan mikil vinna fór fram á yngsta stigi til að bæta gæði náttúrufræðikennslunnar. Fram kom að verklega námið stjórnast of mikið af því hvaða kennarar eru að kenna hverju sinni og gott væri að fara betur ofan í þá þætti til að festa viðfangsefni betur í sessi. Það fyrirkomulag að setja inn árlegt þema þvert á árganga lífgar upp á kennsluna og eykur breiddina.

Á miðstigi eru hins vegar sterkar vísbendingar um að ekki sé verið nægu tímamagni í náttúrufræðikennslu til að uppfylla tímamagn viðmiðunarstundarskrár og ná að uppfylla markmið Aðalnámskrár fyrir þá árganga. Eins eru mikil rök fyrir því að það fyrirkomulag að kenna ákveðinn hluta námsefnisins í Hringekju sé ekki það heppilegasta auk þess sem tímamagnið sem nemendur fá með því formi er allt of lítið m.v. námsefnið. Þetta þarf að skoða betur með kennurum og er það tilvalið verkefni fyrir fagstjóra á næsta ári í samvinnu skólastjórnenda.

Allar niðurstöður vinnu fagstjórans voru settar saman í greinargerð sem skilað var til skólastjórnenda en þar komu einnig fram tillögur um næstu skref í starfi fagstjóra og hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi kennslunnar.

Ragnheiður Stephensen fagstjóri í náttúrufræði



Verkefni unnið með gagnvirkri skjátöflu

## Skýrsla Bókasafns Hofstaðaskóla

### Húsnæði:

Húsnæði safnsins er 94 fermetrar auk 30 fermetra leslofts en þar eru 12 tölvur sem nýtast nemendum í námi. Á síðastliðnum vetri fékk safnið þrjár tölvur sem ætlaðar eru nemendum til upplýsinga- og heimildaleitar einnig komu nemendur og unnu smærri verkefni í samráði við starfsmann safnsins.

### Starfsmenn:


Á safninu starfar einn starfsmaður sem er bókasafns- og upplýsingafræðingur í 75 %. Starfssvið hans er að sjá um útlán, aðföng og allt það sem til fellur á safninu.

### Bókakostur:

Í dag eru um það bil 12.100 skráð eintök á safninu sem skipast niður í um 10.700 bækur og 1.400 eintök af annars konar efni eins og tímaritum, geisladiskum og hljóðbókum. Á síðastliðnu ári voru lánaðar út um 13.650 bækur og er tæplega 10% aukning á útlánum frá fyrra ári.

### Starfssemi:

Nú í vor var mikill aukning á útlánum. Í mars og apríl voru lánuð út tæplega 2000 eintök á mánuði sem eru mjög mikil útlán fyrir skólabókasafn (sjá töflu fyrir neðan).



Bókasafnið var hluti af hringekju í 2. bekk og fór fram kennsla á safninu eina klukkustund á viku. Markmið kennslunnar var að fara yfir helstu umgengisreglur safnsins og einnig var þemavinna í gangi. Þema vetrarins var kynning á danska rithöfundinum H.C. Andersen og sögunum hans. Nemendur unnu vinnubók upp úr völdum sögum.

Bókasafnið kom að kennslu í hringekju hjá 2. bekk. Starfsmaður safnsins aðstoðaði nemendur við upplýsingaleit og verkefnavinnu ásamt öðrum kennurum.

Sama fyrirkomulag var á opnunartíma safnsins þ.e.a.s. að útlánatíminn var stytur og hægt var að panta safnið undir hina ýmsu vinnu í samráði við starfsmenn. Þetta fyrirkomulag gafst vel og býður upp á hina ýmsu möguleika varðandi betri nýtingu á safninu og samstarf við nemendur og kennara. Samstarfið eflist jafnt og þétt þegar kom að þemaverkefnum hjá árgöngunum.

Sú nýbreytni var að börn í 1. bekk sem voru í hringekju komu á safnið í stutta 20 mín heimsókn þar sem lesin var fyrir þau saga og farið yfir reglur safnsins þetta fyrirkomulag gafst mjög vel.

Safnið missti þá aðstoð sem hafði verið sett inn síðastliðið ár og var það mjög bagalegt að missa út starfsmann sem vann átta klukkustundir á safninu.

Haldið var áfram vinnu í að endurskipulega safnið, ganga frá gömlu efni og hreinsa til.

Í byrjun vetrar tók safnið þátt í Alþjóðlega bangsadeginum sem haldin er hátíðlegur þann 27. október þar sem lesin var bangsasaga fyrir yngstu börnin. Norræna bókasafnsvikan í ljósaskiptunum var haldin hátíðleg vikuna 9. – 11. nóvember, börnum í 3. bekk var boðið á safnið að hlusta á upplestur.



Frá bangsadeginum

Eftir áramót voru útbúnir aðgangspassar og fékk hver bekkur þrjá slíka til sín. Með þessu fyrirkomulagi er verið að jafna þann fjölda sem er safninu af börnum hverju sinni það eru aldrei fleiri en þrír í einu frá sama bekk. Þetta fyrirkomulag gafst mjög vel og því verður haldið áfram næsta vetur.

Unnið er að því markvisst að gera safnið meira aðlaðandi og á næsta vetri stendur til að við verðum í meira sambandi við bæjarbókasafnið í Garðabæ. Útbúið verður viðburðadagatal yfir starfsemi safnsins og markmiðið er að gera safnið meira lifandi og slái þannig í takt við það sem er að gerast hverju sinni í skólstarfinu.

Á skólasafninu gilda ákveðnar umgengnisreglur:

- Öllum er frjálst að skoða og lesa bækur á safninu.
- Ætlast er til að nemendur gangi hljóðlega um og séu ekki með háreysti.
- Það á að fara vel með bækur og önnur gögn. Verum hrein á höndum og flettum rólega.
- Setja skal bækur og tímarit aftur á sinn stað í hillur eftir notkun.
- Það má ekki borða eða drekka á skólasafninu.
- Mælst er til þess að kennarar sendi ekki fleiri en þrjá til fjóra nemendur í einu úr hverjum bekk.

Gréta Björg Ólafsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur

## Skýrslur kennara í list- og verkgreinum

Nemendur í 1.-7. bekk fá kennslu í list- og verkgreinum í 10-12 manna hópum. Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein 4-5 sinnum á vetri. Undantekning frá því er kennsla í tónmennt í 1.-7. bekk sem kennd er í heilum bekkjum ýmist eina eða tvær stundir á viku. Kennsla í nýsköpun fellur undir list- og verkgreinar og fer einkum fram í 5. bekk. Sjá nánar í skýrslu um hverja námsgrein. Taflan hér að neðan sýnir fjölda kennslustunda í hverri grein, á viku, í hverri lotu. Í 1.-4. bekk og 6.-7. bekk kemur sundkennsla inn í list og verkgreinar sjá nánar í umfjöllun um íþróttir. Því miður þá þurfti að fella niður val tíma í list- og verkgreinum í ár. Það var gert vegna hagræðingar. Bæði starfsmönnum og nemendum þykir það mjög miður og vert að leita allra leiða til þess að taka það upp aftur þegar betur árar.

	Fjöldi hópa í árgangi	Smíði	Textíl	Heimilis-fræði	Myndmennt	Eðlis vísindi/leikræn tjáning	Sund	Tölvu-færni	Bóka-safn
1. b	5	3	2,5	1,5	1,5	1,5	2	1	1
2. b	5	4	4	4	4		2		
3. b	5	4	4	4	4		2,5		
4. b	5	4	4	4	4		2,5		
5. b	4	4	4	4	4				
6. b	5	4	4	4	4		3		
7. b	5	4	4	4	4		3		



Heilsusamlegir drykkir

## Heimilisfræði

### Helstu markmið

Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða fjölbreyttan og hollan mat. Átti sig á því að hreinlæti við matargerð sé mikilvægt. Kunni skil á fæðuhringnum. Kunni að mæla með dl. máli og mæliskeiðum. Að þeir geti gengið frá eftir sig og verið sjálfbjarga heima fyrir og temji sér góða siði. Að námið verði heilsteyppt og er aðalnámskrá grunnskóla höfð tilhlíðsjónar.

### Uppbygging kennslunnar

Alltaf byggt ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Það sem nemendur læra í fyrsta bekk er í fullu gildi í sjöunda bekk. Verkefni verða flóknari og nemendur eldri bekkja gera mest allt sjálfir, paraverkefni, einstaklingsverkefni, meðan yngstu nemendurnir vinna að mestu í hópvinnu með kennara. Sérstaklega þegar hóparnir eru stórir.

### Kennsluaðferðir

Munnleg innlögn í hverjum tíma. Sýnikennsla í flestum verkefnum. Nemendur vinna í hópum, tveir og tveir saman og einir. Verklegr kennsla er í fyrirrúmi en bóklegri kennslu blandað með.



Námið er bæði verklegt og bóklegt

### Námsefni/gögn

*Námsefni fyrir heimilisfræði í 1.–7.bekk og Næringarfræði matvæla* útg. Námsgagnastofnun. *Fæðuhringurinn* útg. Lýðheilsustofnun. *Með allt á hreinu í eldhúsinu* útg. Félag heimilisfræðikennara. Krossgátur.

### Námsmat

Símat. Í 2.–7. bekk er umsögn og einkunn í orðum gefin í lok námskeiðs. Í 1. bekk er eingöngu umsögn í lok námskeiðs.

### Nýbreytni

Í vetur kenndu tveir kennarar heimilisfræði. Það þýðir alltaf ákveðna nýbreytni, samstarf og skoðanaskipti.

### Hvað hefur gengið vel – má betur fara

Veturinn hefur í stórum dráttum gengið vel. Nemendur eru allflestir yfirleitt ánægðir þegar þeir yfirgefa kennslustofuna. Hegðunarvandamál sumra nemenda er þó alltaf erfitt viðureignar og



Þá sérstaklega þegar hóparnir eru stórir. Stærð hópa í fyrsta bekk er óviðunandi, sérstaklega þegar þeim er ekki ætlað meira en 1 ½ kennslustund í senn. Hópar í 3., 4. og 5. bekk voru alltof stórir. Það er aðstaða fyrir 12 nemendur og að mati kennara er það algjört hámark.

### Húsnæði – aðstaða

Vinnuaðstaða kennara er slæm. Gott væri að hafa sér þvottahús og þ.h. Það truflar kennslustundir að hafa þvottavél eða þurrkara í gangi.

Aðstaða til að matast gæti verið ákjósanlegri. Gott væri að hafa almennilega aðstöðu fyrir tölvu og fá stóra og góða veggtöflu. Eldhúsið er bjart og mikil og góð lýsing sem væri gott að geta dempað aðeins niður suma daga.

### Annað

Hafa þarf í huga að þegar verið er að hanna heimilisfræðistofu eða annað sérhæft vinnusvæði að þá er nauðsynlegt að hafa fagaðila með í ráðum.

Það er einnig komið að vissu viðhaldi. Eldavélar og vaskar eru þannig fest í borðin að undir þau safnast óhreinindi sem illviðráðanlegt er að hreinsa burtu. Ég legg til að vaskar og eldavélar verði losuð upp, allt þrifið og fest betur, þannig að óhreinindi komist ekki undir. Þetta er mikið hreinlætismál.

Áslaug Þorgeirsdóttir, kennari í 1.–6. bekk og

Björk Ólafsdóttir kennari í 7. bekk

## Myndmennt

Myndmennt hefur verið kennd í námskeiðsformi eins og aðrar verklegar greinar í vetur. Nemendur hafa mætt tvisvar í viku, tvær kennslustundir í senn, 13-14 skipti í u.þ.b. sex vikur. Námskeiðsformið hefur reynst mjög vel, þó svo að kennari hefði viljað fá meiri tíma með nemendum til frekari framfara í myndmennt. Nemendur eru smá tíma að koma sér af stað í lotunni og fara því oft fyrstu tímarnir í að aðlaga sig að greininni hverju sinni.

Kennsluáætlanir í myndmennt reyndust raunhæfar, vel flestir nemendur náðu að skila fyrirfram ákveðnum verkefnum og margir náðu að gera aukaverkefni. Í 1. bekk koma nemendur einu sinni í viku og kynnast myndmenntastofunni. Þau fengu að gera möppur og verkefni þar sem aðaláherslan var lögð á að kynnast mismunandi aðferðum.

2. bekkur fékk svo verkefni með mótuðum aðferðum þar sem fleiri aðferðir eru kynntar til sögunnar og þeir læra að móta teikninguna betur.





Þegar komið er í 3. og 4. bekk þá eru gerðar meiri kröfur um sjálfstæði, þar sem verkefni stækka og áhersla lögð á myndbyggingu og verklag. Einnig er unnið í leir þar sem tveir hlutir eru settir saman með vír og áherslan er á að móta hlut í einu lagi.

Í 5.-7. bekk voru unnar bækur þar sem áherslan var lögð á að nemendur ynnu verkefnabækur. Verkefni vetrarins sem unnin voru með mismunandi aðferðum voru sett í eina bók, nokkurskonar ferilsmöppu.

Einnig var unnið í leir í 3.-6. bekk og útkoman var fuglasýning sem var sett upp fyrir framan myndmenntastofuna á listadögum.

Nemendur í 6. bekk unnu grafíkverk sem þeir skáru út í dúk og þrykktu myndverk sem þeir unnu myndir af fuglum. Mismunandi pappír var notaður í verkefni til að skoða hvaða áhrif það hefði á litinn.

Á Fjölgreindarleikum var unnið með nemendum á list- og verkgreinaganginum og voru gerð tré sem notuð voru til skreytinga á veggjum skólans í desember.

Þorablót 6. bekkinga var haldið með stæl að vanda. Hlutverk nemenda í myndmennt var að skreyta salinn með litskrúðugum furðurollum og borðum til að bjóða gesti velkomna.

Árshátíð 7. bekkinga er einnig orðinn árlegur viðburður. Nemendur skreyttu salinn í anda Hollywood. Í myndmennt unnu nemendur stjórnur og borða sem notaðar voru til skreytinga á list- og verkgreinagangi þar sem nemendur komu inn á rauða dreglinum og salurinn var einnig skreyttur.

Listadagar voru haldnir með miklum ágætum og lögð var áhersla að vinna með verkefni vetrarins hjá öllum árgöngum. Við í myndmenntinni vorum með fuglasýningu og verkefni sem lögð voru til sýningar á borðum og hengd upp á vegg.

Farið var í fjöruferð og þar var vatnslitað með góðum árangri, gaman væri að gera meira af því.

Nemendur notuðu sjóinn sem vatnið og skoluðu blöðin í sjónum og unnu svo myndir út frá upplifun þess umhverfis sem þau voru í.

### **Námsmat**

Í námsmati er unnið út frá vinnusemi, samvinnu, frágangi og hegðun. Framfarir eru einnig teknar inn í námsmatið. Einkunn er gefin í bókstöfum.

### **Húsnæði - aðstaða**

List og verkgreinar eru nú allar á sama gangi sem er vel. Samþætting mætti alveg vera meiri milli allra kennara í skólanum. Alltaf má deila um hvernig vinnurýmin skulu notuð en plássið mætti vera nýtt betur að mínu mati. Tenging milli smíðastofu og myndlistar finnst mér góð þó að það mætti skipuleggja betur.

Unnur Sæmundsdóttir myndmenntakennari

## Textílmennt

Helstu markmið með kennslu í textílmennt eru að nemendur:

- Njóti sín í tímum
- Læri á þau verkfæri sem notuð eru tímum
- Byggi ofan á fyrri reynslu
- Ljúki verkefnum sem unnið er að



Hreykin af verkefnum sínum

### Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers hóps. Farið er yfir verkefnið sem vinna á með nemendum, efni og verkfæri sem þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða sem hentar hverjum og einum. Kenna þarf nemendum samvinnu, tillitsemi, hjálpsemi og þolinmæði. Hver nemandi fær aðstoð eftir þörfum. Mikil áhersla er lögð á að nemendur ljúki verkefnum sínum.

### Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og samvinnunám. Tveir eða fleiri nemendur vinna saman, sá nemandi sem er á undan með verkefnið hjálpar þeim sem er á eftir. Byrjað er á þessu strax í fyrsta bekk. Í textíl fer fram bæði félagskennsla og einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

### Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara, ýmsar bækur og blöð.

### Námsmat

Námsmatið er fólgið í símati á sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, hegðun, hirðusemi, vinnusemi. Einkunn er gefin í lok áfanga í bókstöfum, nema í fyrsta bekk en þar er gefin umsögn.

### Hvað hefur gengið vel – illa

Yfir höfuð hefur kennsla gengið vel og markmiðum verið náð. Verkefnaval hentaði fyrir hvern árgang. Mikill áhugi hjá drengjum í þrjú.



Endurvinnsla í textílmennt

## Annað

Þorablót 6. bekkinga gekk vel að vanda. Nemendur í textíl sáu um borðdúka og borðskraut í samvinnu við hóp nemenda í smíði. Árshátíð 7. bekkjar er einnig orðin árlegur viðburður og sáu nemendur í textíl og smíði um skreytingar í sal, á list og verkgreinagangi, borðskraut og borðdúka.

Ester Jónsdóttir textílkennari

## Smíði

### Helstu markmið

Að nemendur gangi um smíðastofuna af virðingu, læri að umgangast og nota ákveðin verkfæri m.t.t. aldurs, vandi sig og fari stoltir og ánægðir heim með verkefni sem þeir hafa unnið.

### Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers tíma. Farið er með nemendum yfir hvaða verkfæri eða efni þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur að sínu verkefni og á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Samvinnunám á stundum við, þá miðlar sá nemandi sem kominn er lengra til annarra nemenda. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða og fær aðstoð eftir þörfum. Mikil áhersla er lögð á að í sem flestum verkefnum geti nemendur ráðið hugmynd og útliti verkefnisins og gert það að sínu.

### Kennsluaðferðir

Sýnikennsla. Í byrjun hvers verkefnis fá nemendur að sjá sýnishorn af fullbúnu verkefni, hlut sem þeir eru að fara að búa til. Mikil áhersla er lögð á að nemendur setjist niður áður en þeir byrja á nýju verkefni og þeir skissi upp hugmyndir og útlit áður en hafist er handa. Þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir eru að fara að gera og hvernig þeir vilja að hluturinn líti út. Í smíði fer fram einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

### Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara.

## Námsmat

Símat er allsráðandi í smíði. Þeir þættir sem einkum eru hafðir til grundvallar eru: sjálfstæð vinnubrögð, vandvirkni, hegðun, hirðusemi og vinnusemi. Einkunn er gefinn í bókstöfum nema í 1. bekk þar er gefin umsögn.

## Árangur

Að mati kennara hentaði verkefnaval fyrir hvern árgang fyrir sig vel og gekk upp samkvæmt kennsluáætlun. Mikill áhugi er og aukning á að nemendur sendi inn hugmyndir í Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna. Góður árangur var í Lampakeppni Hofstaðaskóla og miklar framfarir og áhugi hjá nemendum í 6. bekk.



Einbeittar við að saga út

## Húsnæði - aðstaða – verkfæri.

Mikil þrengsli eru í smíðastofunni og erfitt að koma nemendum fyrir þar sem nemendum hefur fjölgað við skólann nokkrir hópar eru óþægilega stórir. Lélegt aðgengi er að vélum, sem skapar mikla hættu og óþægindi þegar verið er að vinna við tækin. Tækjakostur er af skornum skammti. Vegna þrengsla vantar t.d. borðsög, rennibekk o.fl. Efnisgeymsla er ófullnægjandi, efni er staflað upp við vegg og byrgir sýn inn í smíðastofuna auk þess sem erfitt er að nálgast innstu plöturnar. Oftar en ekki hrynur eitthvað þegar á að nálgast efni sem ekki er fremst. Geymslurými fyrir smærri verkfæri og aukahluti er einnig ábótavant. Smáverkfæri eru farin að ganga úr sér og týna tölunni. Loftræsting er léleg og er varla hægt að bjóða upp á að brennipenni sé notaður, auk þess vantar útsog frá sög. Loftpressu vantar tilfinnanlega svo hægt sé að blása ryki af hlutum áður en málað er og af fatnaði áður en farið er út úr smíðastofunni. En fremur þarf að bæta lýsingu, einkum við vélar.

List og verkgreinar eru nú allar á sama gangi og hentar það vel. Það auðveldar samvinnu á milli list- og verkgreinakennara og gerir það að verkum að þeir geta samnýtt efni þegar það á við. Þörf er á að stækka rýmið fyrir smíði eins og kom fram hér á undan. Oft er erfitt að finna pláss fyrir þá starfsemi sem þar á að fara fram auk þess sem fjölga mætti tækjum. Smíðin og myndmenntin deila með sér herbergi þar sem leirofn, glerofn, sagir, borvélar og geymsla fyrir timbur, frauð, málma, gler leir o.fl. er allt saman í litlu rými. Ekki fer vel að fá sag og ryk í glervinnu og hitinn af ofnum, ásamt ólofti sem frá þeim kemur leggur inn í smíðastofuna og er ekki æskilegt fyrir lungu kennara né nemenda.

## Annað

Þorralót 6. bekkinga var haldið með stæl að vanda. Hlutverk nemenda í smíði var að sjá um borðdúka og borðskraut í samvinnu við hóp nemenda úr textíl. Árshátíð 7. bekkinga er einnig orðinn árlegur viðburður og sáu nemendur í smíði og textíl um skreytingar í sal, á list og verkgreinagangi, borðskraut og borðdúka.

## Lampakeppni Hofstaðaskóla

Nemendur í 6. bekk bjuggu til og hönnuðu lampa. Í lampann fengu nemendur 20 ljósa seríu og endurnýttu ýmislegt dót og drasl. Að lokum fóru allir lamparnir í Lampakeppni Hofstaðaskóla. Veitt voru 1. 2. og 3. verðlaun auk þess var kosinn *Hönnuður Hofstaðaskóla*. *Marel* gaf verðlaun í þessa keppni.



Glæsilegir lampar

## Nýsköpun

Í 5. bekk var kennd nýsköpun og fá nemendur 60 mínútur vikulega í átta skipti. Nemendur vinna hver og einn að sinni hugmynd, vinna veggspjald og gera jafnvel sýnishorn af hugmyndinni. Að vori er haldin Nýsköpunarkeppni Hofstaðaskóla og í ár gefa Marel vegleg verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar.

Nýsköpun er auk þess kynnt fyrir öllum nemendum skólans. Ef nemendur eiga afgangstíma í smíði vinna þeir hugmynd í nýsköpun og senda hugmyndina sýna í Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna. Í ár var þátttakan mjög góð.

## Árangur.

Met þátttaka var hjá nemendum Hofstaðaskóla 2009 í Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna og hlaut skólinn gull verðlaunin að launum og bikar til varðveislu í eitt ár. Þrír nemendur komust í vinnusmiðju og einn nemandi varð í 1. sæti

Sköpunarkraftur nemenda okkar hefur vakið athygli og það hversu vel hefur tekist að virkja þá til þátttöku í ofangreindum verkefnum. Nú hefur það m.a. annars orðið til þess að skólanum er boðið að taka þátt í ráðstefnu sem ber yfirskriftina *Innovation and Creativity in the hands of the young*. Ráðstefnan fór fram dagana 2.–4. desember á Grand Hotel Reykjavík en sérstakar vinnustofur í tengslum við ráðstefnuna verða í Norræna húsinu. Á ráðstefnunni var fjallað um

nýsköpun og mikilvægi þess að virkja sköpunarkraftinn hjá unga fólkinu. Það er öllum þjóðum og samfélaginu í heild mikið hagsmunamál að virkja þessa auðlind, sérstaklega nú á tímum efnahagsþrenginga.

Sædís Arndal smíðakennari fylgdi nemendum sem tóku þátt í vinnustofu. Auk þess voru lampar sem búnir hafa verið til af nemendum skólans til sýnis í Norræna húsinu dagana 2.-4. desember og í framhaldinu verða þeir fluttir á Grand Hotel Reykjavík þar sem þátttakendum á ráðstefnunni gafst færi á að skoða þá. [Lesu má nánar um ráðstefnuna hér](#)

Sædís S. Arndal smíðakennari



Sædís tekur við tilnefningu til foreldraverðlauna Heimilis og skóla fyrir nýsköpun

## Tónmennt

### Helstu markmið:

Unnið er samkvæmt *aðalnámsskrá grunnskóla* og skólanámsskrá sem birtist í námsvísunum.

### Uppbygging kennslunnar

Mikil áhersla er lögð á söng, sköpun, hljóðfæraleik og hreyfingu.

### Kennsluaðferðir

Kennt er 2x40 mínútur á viku í 1. bekk, 40 mínútur á viku í 2.-7. bekk. Þá er samsöngur, 20 mínútur á viku hjá 1.-6. bekk. Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Einstaklingsverkefni eru unnin og síðan er talsvert um samvinnunám. Áhersla er lögð á söng, sköpun, hljóðfæraleik og hreyfingu. Hljóðfærabók, skapandi hljóðfærasmíði og skapandi þemavinna eru meðal verkefna sem hafa verið unnin.

### Námefni/gögn

Námsefni í tónmennt frá Námsgagnastofnun, efni úr smíðju kennara, tónlist af diskum, myndbönd o.fl.



## Námsmat

Matið er innbyggt í vinnuferlið, og framlag nemanda er metið jafnóðum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þannig að endurgjöf til nemenda er tíð. Tekið er tillit til virkni, samvinnuhæfni og árangurs. Vitnisburður að vori er gefin í orðum í yngri bekkjum og í tölum í eldri bekkjum og byggir á símati vetrarins auk lokakönnunar í sumum tilvikum.

## Húsnæði – aðstaða

Aðstaðan er góð, gott pláss er fyrir hljóðfæraleik og dans. Huga þarf að því að setja upp hljóðeinangrað hljóðfæra/hljómsveitarherbergi í skólanum (það er t.d. ónýtt rými í kjallara sem mætti athuga að nýta í slíkt). Þá þarf að endurnýja hljóðfærakost, sérstaklega litlar trommur.

Einnig mætti athuga að færa tíma í 5.-7. bekk á hringekjuform aftur þar sem 40 mínútna kennslustundir nýtast síður en 60 mínútur og skapandi vinna er tímafrek. Það skapast minni samfella í námi þegar einungis eru 40 mínútur á viku hjá yngri bekkjunum.



Frá tónlistargjöfningi á listadögum

## Annað starf

Því miður var ekki unnt að halda uppi kórstarfi þetta skólaár vegna skorts á fjármagni.

Nemendur í 5. bekk sáu um hljóðfæraleik við messu í Vídalínskirkju 8. desember, undir stjórn Jóhanns Björns Ævarssonar tónlistarkennara

Nemendur tóku þátt í listadögum með daglegum tónleikum í byrjun fyrri frímínútna, þar sem bæði komu fram nemendur sem læra á hljóðfæri og haldnir voru ýmis konar tónlistargjöfningar.

Soffía Fransiska Rafnsdóttir tónmenntakennari og músíkþerapisti



## Skýrsla Listadaga 2010

Dagana 26.-30. apríl 2010 voru haldnir listadagar í Garðabæ. Við í Hofstaðaskóla tókum þátt í undirbúningi og uppsetningu. Undirbúningur hófst þegar um haustið og tók undirrituð að sér að vera tengiliður við umsjónaraðila í bænum. Undirbúningur hófst strax haustið 2009 í Hofstaðaskóla og voru kennarar beðnir um að safna saman raunverulegum verkefnum nemenda yfir veturinn sem yrðu síðan framlag skólans til listsýninga.

### Það sem gekk vel

- Að byrja að vinna undirbúning snemma
- Að fá sem flesta kennara með sér í alla vinnu varðandi listadagana
- Að hafa regluleg samskipti við annað starfsfólk um undirbúning
- Fá fleiri til að velta með sér hugmyndum
- Mikilvægt að vera í miklum tengslum við stjórnendur listadaga hjá bænum
- Að fá nemendur til að skilja hver er tilgangur með listadögum og það sé gaman að taka þátt

### Það sem mætti ganga betur

- Að gera starfsfólki grein fyrir hvað undirbúningur er mikilvægur
- Og það borgi sig að hefja hann snemma
- Að allir séu að vinna að sama markmiðinu, vinna saman
- Fá nemendur til að hafa frumkvæði
- Að festa betur í sessi hefð fyrir listadögum og aðdraganda þeirra

Listadagar eru dagar nemenda og verka þeirra þar sem öðrum gefst kostur á að sjá hvað býr í ungu fólki í skólum bæjarins og að þau verði óragari við að sýna það og venjist því að aðrir geti notið listar sem þau hafa skapað.

Unnur Sæmundsdóttir myndmenntakennari og tengiliður Hofstaðaskóla



Málað í fjörunni

## Íþróttir

### Helstu markmið

Nemendur læri helstu grunnhreyfingar, nái færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt og allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfipörf. Að nemendur tileinki sér helstu reglur í leikjum og gildandi umgengnisreglur í íþróttahúsi.

### Uppbygging kennslunnar

Allir nemendur fá tvisvar sinnum 40 mínútur á viku í íþróttum. Kennt er í Mýrinni, en úti að hausti og vori.

### Kennsluaðferðir

Kennsla fer aðallega fram í leikjaformi, hring- og stöðvaþjálfun og sýna- herma aðferðinni.

### Námsefni/gögn

Allt það sem er til í íþróttahúsinu.

### Námsmat

Námsmat er byggt á símati þar sem virkni í tímum, hegðun, áhugi, samskiptafærni í leikjum (huglægt mat) gildir 80% af annareinkunn. Almennir þættir hreyfifærni þ.e. samhæfing, jafnvægi, þol, kraftur og liðleiki eru metnir og gilda 20% af annareinkunn.

### Húsnæði – aðstaða

Íþróttakennsla fer fram ýmist fram í hálfum eða heilum sal Mýrarinnar. Salurinn er stór og góður en það glymur mikið og kom hann ekki vel út úr hávaðamælingu sem gerð var á vegum Vinnueftirlitsins. Hægt er að nota hljóðnema við kennslu sem er stundum kostur þegar ná þarf til alls hópsins sem er dreifður um salinn. Hátalarakerfi nýtist vel við notkun tónlistar í kennslu.

### Annað

Hreyfiproskaprófið "MOT 4-6" eftir *Zimmer* og *Volkamer* frá árinu 1984 var lagt fyrir 1. bekk á haustdögum. Prófið mælir hreyfiproska barna á aldrinum 4-6 ára. Það inniheldur 18 verkefni sem kanna líkamslíðleika, samhæfingu, færni, fínhreyfingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stöðkkraft, hraða og nákvæmni hreyfinga. Niðurstöðum úr prófinu var komið áfram til deildarstjóra sérkennslu. Foreldrar nemenda sem komu slakir út úr prófinu fengu sendan póst og áttu kost á að koma og skoða prófið.



Útikennsla í íþróttum

Danskennsla var í íþróttum í þrjár vikur eftir áramót. Í lok kennslunnar var haldið þorablót 6. bekkinga, þar sem nemendur gátu nýtt kunnáttu sína og sýnt foreldrum. Mjög vel gekk og væri mjög þarft að setja danskennslu reglulega inn í stundaskrá nemenda.

Hið árlega *Vímuvarnarhlaup Lions* var haldið á vordögum og kepptu 5. bekkingar innbyrðis. 5. BV sigraði þetta árið. Lions konur komu og voru viðstaddar hlaupið ásamt því að veita verðlaunabikar.

Íþróttadagur var haldinn 2. júní og gekk mjög vel. Í ár var íþróttadeginum skipt niður á sex stöðvar fyrir yngri hópinn, 1.-4. bekk og sex stöðvar fyrir eldri hópinn 5.–7. bekk. Hver stöð tók 20 mínútur og fengu nemendur fimm mínútur til þess að skipta um stöð. Dagurinn endaði síðan með samveru allra nemenda og kennara í íþróttahúsinu þar sem fram fór keppni milli kennara og nemenda í 7. bekk.

Nemendur í 6. og 7. bekk tóku þátt í *Skólalþrípraut FRÍ og Iceland Express* í ár. Keppt var í 120 metra hlaupi, hástökki og kúluvarpi og voru greinarnar stundaðar í íþróttatímum. Árangurinn var skráður á heimasíðu FRÍ. Landinu var skipt upp eftir sjö svæðum, líkt og kjördæma skipan landsins, þar sem skólarnir kepptu innbyrðis í hverjum landshluta. 16 bestu nemendurnir á landinu tóku síðan þátt í móti sem haldið var 4. júní í Laugardalshöllinni. Þar var keppt í kúluvarpi, langstökki og 60 m. hlaupi. Í ár keppti einn nemandi á vegum Hofsstaðaskóla, Irma Gunnarsdóttir. Hún sigraði mótið í sínum aldursflokki og er þ.a.l. á leiðinni á Gautaborgarleika í Svíþjóð í júlí.

Í ár var þremur bekkjum kennt saman í einu tvisvar í viku. Þetta er fjölmennur hópur 6. bekkinga með hin ýmsu frávík í hegðun. Til þess að láta tímana ganga þannig að allir fengju sitt út úr tímunum höfðu kennarar minni yfirsýn yfir hvern nemenda og að þeirra mati gátu þeir ekki haldið nægilega vel utan um hvern og einn og verið vakandi yfir öllu sem að gekk á í tímunum.

Hreinn O. Karlsson og Ragnheiður Þ. Ragnarsdóttir



Teygjur að lokinn göngu

## Sundkennsla

### Helstu markmið

Að nemendur nái færni í öndun, köfun, floti og sundtökum í helstu sundgreinum.

### Uppbygging kennslunnar

1. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 10 – 12 mann hópa sem fengu 20 – 21 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
2. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 10 – 12 manna hópa sem fengu 19 – 21 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
3. bekkur: Nemendum var skipt upp í fimm 12 – 13 manna hópa sem fengu 13 – 14 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 50 mínútur.
4. bekkur: Nemendum var skipt upp í þrjá 14 – 15 manna hópa sem fengu 22 – 23 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
5. bekkur: Nemendum var skipt í fjóra 10 – 12 manna hópa sem fengu 13 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur.
6. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 10 - 12 manna hópa sem fengu 13 - 14 skipi hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur.
7. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 11 – 13 manna hópa sem fengu 12 – 13 skipti hver. Kennt var tvisvar í viku í 60 mínútur.

### Kennsluaðferðir

Kennsla fór fram með hefðbundnum hætti. Æfingar í leikjaformi og niðurbrot sunds þar sem að einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir.

### Námsefni/gögn

Allt það dót sem fylgir sundlauginni í Mýrinni.

### Námsmat

Nemendur voru prófaðir eftir samræmdum sundstigum úr námsskrá.

### Húsnæði – aðstaða

Sundlaugin í Mýrinni er lítil kennslulaug 10 x 16 metrar. Hún er búin hinum ýmsu tækjum sem hægt er að nota til aðstoðar við sundkennslu. Laugin hentar mjög vel til kennslu en er þó helst til lítil fyrir elstu nemendurna.

Hreinn O. Karlsson og Ragnheiður Þ. Ragnarsdóttir



Kátir krakkar í útiveru

## Skýrsla sérkennslunnar

Í vetur voru þrír sérkennarar starfandi við sérkennslu, þær Margrét Einarsdóttir deildarstjóri sérkennslu sem kenndi aðallega í 5. og 6. bekk. Anna Eymundsdóttir sem kenndi í 1., 2. og 4. bekk og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sem kenndi í 3. bekk ásamt því að halda utan um nám nemanda í 6. bekk. Brynja Jónsdóttir kennari, kenndi sérkennslu í 4. 6. og 7. bekk og nýbúakennslu. Sérkennslu í stærðfræði í 5. bekk kenndi Ragnheiður Stephensen og í 6. bekk Ölrún Marðardóttir. Sérkennsla fór bæði fram inn í bekkjarstofum og í sérkennslustofum. Þrír þroskaþjálfar voru starfandi við skólann það voru þær, Ragnhildur Sigurðardóttir, Guðný Sigurjónsdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir. Fimm stuðningsfulltrúar voru starfandi við skólann það voru þær Agnes Kragh, Anna Laxdal, Sólborg Pétursdóttir, Sigríður Kragh og Sigurveig Björnsdóttir. Elva Björk Ágústsdóttir hefur verið námsráðgjafi við skólann. Gréta E Pálsdóttir talmeinafræðingur og Trausti Valsson skólasálfræðingur komu a.m.k. vikulega í skólann.

Viðfangsefni sérkennslunnar eru einkum kennsla, stuðningur, ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna). Þroskaþjálfar og sérkennarar vinna í samvinnu við kennara að gerð einstaklingsnámskrár og aðlögun námsefnis/prófa. Þroskaþjálfar og sérkennarar sjá einnig um greiningu námserfiðleika og þeir taka stöðu nemenda. Gerð er skýrsla um alla þá nemendur sem fá þjónustu innan sérkennslunnar

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennslunnar og í hverju sú þjónusta fólst. Í sumum tilvikum er um að ræða sama nemandann sem fær mismunandi þjónustu.

### Sérkennsla og sérfræðiþjónusta á skólaárinu

Árgangur	Íslenska		Stærðfræði		Nýbúa- þjónusta		Greining sérkennara				Greining/ þjónusta sálfræðings			Talkennari	
							Íslenska		Stærðfræði						
	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Í bið	Dr.	St.
1.	5	4	0	0	0	0	0	2	0	0	4	2	0	6	4
2.	5	4	3	6	0	1	2	1	2	2	0	2	0	4	3
3.	6	3	4	6	2	1	3	0	0	0	5	3	1	5	4
4.	9	5	3	8	2	2	2	2	0	0	4	2	0	3	0
5.	5	13	2	5	3	0	5	1	0	2	2	3	3	1	0
6.	9	6	3	2	2	0	1	0	0	0	4	0	1	1	0
7.	13	9	3	1	0	1	1	0	0	0	1	0	0	1	0
<b>Alls</b>	<b>52</b>	<b>44</b>	<b>18</b>	<b>28</b>	<b>8</b>	<b>5</b>	<b>14</b>	<b>6</b>	<b>2</b>	<b>4</b>	<b>20</b>	<b>12</b>	<b>5</b>	<b>21</b>	<b>11</b>



## Önnur þjónusta

Frávíkspjónusta í prófum hefur verið veitt hjá sérkennurum. Hún felur í sér m.a. lengri tími, lesara, skrifara, munnlegt próf, aðlagð próf, sérpróf, notkun hjálpargagna s.s. upptökutæki, tölvu, vasareikni o.fl. Hafi nemandi notið frávika í prófum kemur það fram á vitnisburðarblaði og gerð er grein fyrir því um hvers konar frávík var að ræða. Sérkennarar koma að aðlögun námsefnis fyrir nemendur í bekkjaraðstæðum þar sem það á við, í samvinnu við umsjónarkennara. Þroskaþjálfar koma að aðlögun náms- og vinnuumhverfis fyrir nemendur í samvinnu við kennara þar sem það á við.

## Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir einu sinni í viku allan veturinn. Deildarstjóri sérkennslu, deildastjórar yngra og eldra stigs, námsráðgjafi, skólastjóri og sálfræðingur sátu alla fundina. Þegar mál ákveðinna nemenda voru rædd voru umsjónarkennarar látnir vita og þeim boðið að sitja fundinn. Oft höfðu umsjónarkennarar frumkvæði að því að mál nemenda þeirra væru tekin fyrir. Anna Karin Júlíussen félagsráðgjafi, Hanna Rut Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur og Helga Ágústsdóttir fulltrúi frá Heilsugæslunni komu mánaðarlega á fundi í allan vetur.

## Samráðsfundir

Sérkennarar funduðu a.m.k. einu sinni í viku. Deildarstjóri sérkennslu og stuðningsfulltrúar funduðu hálfsmánaðarlega. Deildarstjóri sérkennslu og þroskaþjálfar funduðu a.m.k. einu sinni í mánuði á skólaárinu. Vikulegur fundur var með kennara sem kenndi sérkennslu og deildarstjóra sérkennslu. Deildarstjóri sérkennslu fundaði auk þess reglulega einn með námsráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingi.



Hraust og hress í útileikjum

## Lestrarpróf

Allir nemendur skólans voru lestrarprófaðir þrisvar sinnum á árinu og þeir sem voru undir viðmiðum árgangs voru prófaðir fimm til sex sinnum. Sérkennarar skólans sáu um að raddlestrarprófa alla nemendur í 2.-7. bekk að hausti og í maí og nemendur undir viðmiðum í mars. Umsjónarkennarar sáu um að lestrarprófa alla nemendur undir viðmiðum í október og alla nemendur í janúar. Umsögn er gefin með lestrinum í janúar og maí fyrir alla nemendur skólans. Í lestrarprófum er alltaf gefinn upp atkvæðafjöldi og villuprósentu eða nákvæmnislestur og er miðað við að ásættanlegt sé að nemendur lesi með færri en 3% villum. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall þeirra nemenda sem ná viðmiðum hvers árgangs í lestri undanfarin 3 ár.



Fjöldi nemenda sem náðu viðmiðum árgangs í lestri ( atkvæðum á mínútu).

Skólaárin 2008 – 2010

Skólaárið 2010

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
<b>Viðmið</b>	<b>Atkv./mín</b>	<b>60</b>	<b>134</b>	<b>170</b>	<b>200</b>	<b>230</b>	<b>270</b>	<b>300</b>
<b>Hlutfall nemenda í maí 2010</b>		69%	67%	61%	50%	46%	10%	17%

Skólaárið 2009

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
<b>Viðmið</b>	<b>Atkv./mín</b>	<b>60</b>	<b>134</b>	<b>170</b>	<b>200</b>	<b>230</b>	<b>270</b>	<b>300</b>
<b>Hlutfall nemenda í maí 2009</b>		62%	61%	48%	45%	53%	23%	16%

Skólaárið 2008

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
<b>Viðmið</b>	<b>Atkv./mín</b>	<b>60</b>	<b>134</b>	<b>170</b>	<b>200</b>	<b>230</b>	<b>270</b>	<b>300</b>
<b>Hlutfall nemenda í maí 2008</b>		58%	41%	50%	42%	44%	23%	22%

**Einstaklingsnámskrágerð**

18 nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá í vetur. Þverfagleg samvinna var á meðal umsjónarkennara, sérkennara og þroskaþjálfara. Miðað var við að þeir nemendur fengju einstaklingsnámskrá sem vikju verulega frá í allt að þremur námsgreinum og/eða nemendur sem voru með veruleg frávík í hegðun. Allar einstaklingsnámskrár voru gerðar með samþykki og samvinnu foreldra. Lokaskýrslur voru unnar fyrir alla nemendur sem unnu samkvæmt einstaklingsnámskrám.

**Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi**

**1. bekkur**

Í upphafi skólaárs var deildarstjóri sérkennslu með kynningarfyrrlestur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk, m.a. var fjallað um lestur, hlutverk skólans í lestrarkennslunni og hlutverk foreldra.

Í fyrsta bekk var lögð áhersla á undirstöðupætti lestrarkennslunnar. Bekkjarkennarar skiptu í hóp á „Markvissri málörvun“ í samráði við talmeinafræðing og deildarstjóra sérkennslu og fór hluti kennslunnar fram hjá sérkennara. Hóparnir voru fjórir fram í lok nóvember en þá var þeim skipt aftur niður á bekki en einn hópur úr öllum bekkjum hélt áfram í sérkennslu hjá sér

daglega. Sérkennari tók stafa- og lestrarkönnun á þeim nemendum sem ekki voru orðnir öruggir á lestrinum í október. Allir nemendur í 1. bekk voru raddlestrarprófaðir í janúar og að vori, gefin voru atkvæði með umsögn. Málþroskapróf *TOLD-2P* var lagt fyrir nokkra nemendur

Talmeinafræðingur lagði fyrir lestrarskimun *LES I* í apríl 2010. Bekkjarkennarar lögðu lestrarskimunarpróf fyrir nemendur; *Læsi I* í nóvember, *Læsi II* í febrúar og *Læsi III* í maí. Veitt var ráðgjöf varðandi námsefni o.fl. Sjá niðurstöður úr *Læsi* hér fyrir framan í skýrslunni.

## 2. bekkur

Sérkennsla í 2. bekk miðaði að því að halda áfram þar sem frá var horfið í lestrarkennslu í 1. bekk. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. Bekkjarkennarar lögðu Lestarskimunarpróf fyrir nemendur *Læsi I* í nóvember og *Læsi II* í febrúar. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Málþroskapróf *TOLD-2P* var lagt fyrir nokkra nemendur Einn nemandi fékk nýbúakennslu. Lestraráttak „*Lesum saman*“ (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn fyrir 15 nemendur. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í 4 vikur. Tveir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá.

## 3. bekkur

Sérkennslan í 3. bekk fór fram í sérkennslustofu og inni í bekk. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund og stærðfræði. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori og málþroskapróf *TOLD-2P* og *LOGOS lestrargreiningarpróf* var lagt fyrir nokkra nemendur. LH-60 lestrarhæfnipróf var lagt fyrir alla nemendur í september. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Lestraráttak (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn fyrir 12 nemendur. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í 4 vikur. Fimm nemendur voru með einstaklingsnámskrá.

## 4. bekkur

Sérkennsla í 4. bekk fór fram í sérkennslustofu. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund í íslensku. Í stærðfræðihópunum var lögð áhersla á að efla skilning og sjálfstraust, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í að finna sem fjölbreyttastar leiðir til að skilja og finna lausnir. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. Málþroskapróf *TOLD-2I* og *LOGOS lestrargreiningarpróf* var lagt fyrir nokkra nemendur. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru tekin í september. Deildarstjóri sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um frávíkspjónustuna. Sótt var um frávík fyrir 10 nemendur í íslensku og 8 í stærðfræði. Fleiri nemendur fengu séraðstæði en engin frávík. Lestraráttak (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn fyrir 21 nemenda. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í 4 vikur. Deildarstjóri sérkennslu kynnti lesskilningsverkefni í öllum fjórðu bekkjunum, bekkjarkennarar fylgdu þessum verkefnum eftir á vorönn. Einn nemandi vann samkvæmt einstaklingsnámskrá.

## 5. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofu og inni í bekk. Áhersla var lögð á lestur, lesskilning, og stafsetningu. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti.

LH 40 lestrarhæfnispróf var lagt fyrir alla nemendur í 5. bekk að hausti, þeir sem komu illa út fengu auka heimanám í lestrinum í 12 vikur og voru prófaðir aftur í desember. Þeir sem ekki höfðu sýnt nægilegar framfarir fengu sérkennslu frá janúar til maí þar sem áhersla var lögð á lesskilning. Þrír nemendur í árganginum fengu nýbúakennslu. Nokkrir nemendur fengu auka heimanámsverkefni, verkefnin þjálfuðu, lesskilning og leshraða.

Í 5. bekk var færnimiðað nám í stærðfræði. Nemendum var skipt í fjóra færnimiðaða hópa. Námsefni, próf og kannanir voru aðlagðar að þörfum sérhvers nemanda. Nemendur fengu að hafa hjálpargögn í könnunum og prófum. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Fjórir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá.

## 6. bekkur

Stuðningur í íslensku fór einkum fram í sérkennslustofu. Áhersla var lögð á lestur, lesskilning, og stafsetningu. Tveir nemendur fengu nýbúakennslu.

Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lögð fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst. Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði og ensku. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Tveir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá.

## 7. bekkur

Stuðningur í íslensku fór fram í sérkennslustofu. Unnið var með lestur og lesskilning, stafsetningu, málfræði, setningarfræði og málnotkun. Unnið var í samvinnu við bekkjarkennara (innlögn, upprifjun) og tekið mið af stöðu nemenda hverju sinni. Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lögð fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst. Einn nemandi fékk nýbúakennslu.

Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði og var kennslan aðlöguð persónulegum þörfum nemenda. Kannanir og próf voru unnin úr kennsluefni hósins.

Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru tekin í september. Deildarstjóri sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um frávíkspjónustuna. Sótt var um undanþágu fyrir einn nemanda í íslensku og stærðfræði. Sótt var um frávík í íslensku fyrir fjóra drengi og í stærðfræði fyrir þrjá drengi. Fjórir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá.

Margrét Einarsdóttir deildarstjóri sérkennslu



Frá íþróttadegi

## Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Skólaárið 2009-2010 var námsráðgjafi í 50% starfshlutfalli í Hofsstáðaskóla. Eftirfarandi þjónusta var í boði: Einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, aðstoð við bekkjarfundi, vinahópar, námstækniráðgjöf og fræðsla, fræðsla um einelti, vinna samkvæmt eineltisferli skólans, félagsfærnihópar og ráðgjöf og ráðgjöf vegna prófkvíða og prófaundirbúnings. Mikil samvinna var við foreldra/forráðamenn, kennara, sálfræðing, deildastjóra, aðra starfsmenn og stjórnendur skólans.

Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru margskonar s.s. námsvandi, félagslegur vandi, tilfinningavandi, vandi með sjálfsmynd, hegðunavandi, prófkvíði, vandi í bekk, fjölskylduvandi, einelti og fleira. Nemendur, forráðamenn, umsjónarkennari eða aðrir starfsmenn óskuðu eftir aðstoð námsráðgjafa á tilteknu eyðublaði eða með öðrum skriflegum hætti svo sem tölvupósti.

### Fjöldi nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa

Nemendur sem leituðu til eða var vísað til námsráðgjafa í vetur voru 72 en það eru 17,7% af nemendum skólans. Þar af voru drengir 21 talsins eða 29,2% og stúlkur 51 talsins eða 70,8%. Hér eru þó ekki taldir með einstaka bekkjarfundir eða fræðsla sem námsráðgjafi tók þátt í eða þegar nemendur komu einu sinni eða tvisvar sinnum til námsráðgjafa. Ekki eru taldir með þeir nýnema sem bættust í nemendahópinn á skólaárinu, en námsráðgjafi hefur hitt hvern nýnema tvisvar sinnum.

Mun fleiri stúlkur leita til námsráðgjafa en drengir, en ástæður þess eru ekki ljósar, í einhverjum tilfellum er sótt beint um aðstoð sálfræðings án milligöngu námsráðgjafa. Í öðrum tilvikum eru drengirnir ekki eins viljugir og stúlkurnar að leita til námsráðgjafa og stúlkurnar leituðu mun oft af sjálfsdáðum til námsráðgjafa en drengir. Á vorönn útbjó námsráðgjafi verkefni sérstaklega fyrir drengi sem áttu erfitt með eigin tilfinningar og upplifðu stundum vanlíðan. Jókst þá fjöldi drengja hjá námsráðgjafa. Mikilvægt er fyrir námsráðgjafa að halda áfram að auka verkefni og aðferðir sem höfða til drengja. Hann þarf að kynna sig og starfið sitt vel í bekkjum og auka fræðslu inni í bekk svo fleiri drengir njóti góðs af þjónustu námsráðgjafa.



### Skipting nemenda eftir þjónustu

Einstaklingsráðgjöf	43 nemendur
Hópráðgjöf	40 nemendur
Bekkjarráðgjöf	5.-6. bekkur 3. bekkur
Námstækninámskeið	3. bekkur 7. bekkur

**Skipting nemenda sem fengu þjónustu eftir árgöngum**

Árgangur	Fjöldi nemenda	Hlutfall af heildarfjölda
1. bekkur	5	9%
2. bekkur	2	4%
3. bekkur	11	16%
4. bekkur	15	23%
5. bekkur	16	32%
6. bekkur	17	30%
7. bekkur	6	11%

Hér sést hlutfall þeirra nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa í hverjum árgangi. Aðeins er talið upp þegar nemandi kemur oftár en einu sinni til tvisvar sinnum til námsráðgjafa. Ekki var unnt að taka saman fjölda nemenda sem koma einstaka sinnum til námsráðgjafa. Í þessari töflu er því aðeins um að ræða frekari aðstoð námsráðgjafa.



## Önnur verkefni námsráðgjafa

- Námsráðgjafi hefur tekið á móti nýjum nemendum sem koma úr öðrum skólum. Þessa nemendur hittir hann einu sinni í byrjun og svo aftur þegar tvær til þrjár vikur eru liðnar af skólavistinni. Þetta ferli hefur gefist vel.
- Tengslakönnun er framkvæmd í öllum bekkjum skólans, en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar og les úr niðurstöðum ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir.
- Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og deildarstjórar. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu. Námsráðgjafi hefur verið virkur í þessu vinnuferli og fylgt eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti. Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*.
- Nemendur í 7. bekk fengu kennslu í námstækni. Í 7. bekk fengu nemendur þrjár kennslustundir í námstækni. Þá var bekkjum skipt upp í minni hópa og fræðsla í boði hjá námsráðgjafa. Nemendur fylltu út *Námshringinn* til að fá skýrari mynd af eigin námstækni.
- Námsráðgjafi var með fræðslu um stríðni og einelti fyrir nemendur í 5.-6. bekk í lífsleiknitíma.
- Námsráðgjafi tók þátt í samstarfi Háskóla Íslands og 3. ÁS í tengslum við hegðun.
- Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir hvern mánudag. Námsráðgjafi sat alla fundi nemendaverndarráðs, enda ber honum skv. lögum skylda til að sitja í ráðinu.
- Námsráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar hittast reglulega yfir veturinn á faglegum samráðs- og handleiðslufundum.
- Samvinna við kennara, starfsfólk skólans, foreldra, nemendur og annarra hefur falist í fundarhöldum, símaviðtölum og tölvupóstsamskiptum. Einnig hafa foreldrar notað foreldraviðtalsdaga til að hitta námsráðgjafa.
- Námsráðgjafi skipulagði fræðslu/endurmenntun fyrir kennara. Skólaárið 2009-2010 skipulagði námsráðgjafi fræðslu um ADHD barna, þar sem Urður Njarðvík sálfræðingur fræddi starfsfólk skólans. Einnig kom Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur og var með fræðslu um átraskanir fyrir starfsfólk skólans.
- Útbúin hefur verið skýrsla um þá nemendur sem hafa komið reglulega til námsráðgjafa og er hún geymd hjá deildastjóra sérkennslu.



Það er gaman í skólanum



## Eineltismál í Hofsstaðaskóla 2009-2010

Breytingar hafa orðið á undanförunum árum á meðhöndlun eineltismála eftir að eineltisteymi tók til starfa og verkefnið *Gegn einelti í Garðabæ* hófst, en það er samstarfsverkefni grunnskóla Garðabæjar. Það er skýr stefna grunnskólum Garðabæjar að taka strax á eineltismálum. Markviss vinna fer í gang þegar eineltismál koma upp.

Við skólann er starfandi eineltisteymi, sem í sitja deildarstjórar og námsráðgjafi. Eineltisteymið fundar reglulega með teyjum úr öðrum grunnskólum Garðabæjar. Þegar eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr teyminu og haft er samráð um viðbrögð og aðgerðir. Í meðferð eineltismála er starfað eftir *Handbók starfsmanna* þar sem skilgreindar eru vinnureglur í eineltismálum. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um hvernig eigi að bregðast við.

Í mörgum tilfellum, þegar grunur leikur á einelti, er hægt að koma í veg fyrir einelti með ýmsum úrræðum. Þar má nefna vinnuhópa og félagsfærnihópa, reglulega bekkjarfundi með nemendum og umsjónarkennurum, fundi með deildarstjórum eða námsráðgjafa og nemendum. Með þessum úrræðum er oft hægt að taka á málum er tengjast samskiptum nemenda áður en þau verða að eineltismálum.


Eineltismál eru mismunandi og hoga ber vinnu hvers máls eftir eðli þess. Aðgerðir miðast af því hvort um sé að ræða *grun um einelti* eða *sannanlegt einelti*. Öll mál sem koma upp eru skráð.

### Fjöldi skráninga á skólaárinu

Grunur um einelti	7 tilkynningar
Sannanlegt einelti	3 tilvik staðfest

Í ágúst árið 2006 hóf námsráðgjafi störf í Hofsstaðaskóla. Frá þeim degi hefur námsráðgjafi haft umsjón með skráningum á þeim eineltismálum sem upp koma, hvort sem um ræðir grun um einelti eða sannanlegt einelti. Mikilvægt er að halda utan um skráningar á einelti til að meta þróun og framfarir í forvörnum og vinnu gegn einelti.

- Skólaárið 2009-2010 voru tilkynnt 7 eineltismál (4.-7. bekkur)
- Skólaárið 2008-2009 voru tilkynnt 9 eineltismál (2.-7. bekkur)
- Skólaárið 2007-2008 voru tilkynnt 3 eineltismál (6.-7. bekkur)
- Skólaárið 2006-2007 voru tilkynnt 2 eineltismál (5.-7. bekkur)



Samkvæmt þessu þá virðist sem mjög fá eineltismál hafa verið til staðar árin 2006-2008 en svo þarf ekki að vera. Samskiptavandamál sem komu þá upp voru oft unnin með félagsfærniþópum, vinahópum eða bekkjarfundum en ekki tilkynnt sem eineltismál. Í dag eru bæði umsjónarkennarar og foreldrar duglegri við að tilkynna svipuð mál sem eineltismál.

Nauðsynlegt er að vinna áfram í málum er tengjast einelti, fræða starfsfólk um einelti sem og nemendur. Regluleg könnun á líðan nemenda, stríðni og einelti er stór þáttur í því að sporna við eineltinu og taka á þeim málum sem upp koma. Forvarnarvinna getur verið mjög árangursrík og því mikilvægt að halda bekkjarfundi reglulega, bjóða nemendum og foreldrum upp á vinahópa utan skóla sem og á skólatíma. Fræðsla til nemenda um einelti, stríðni og áhrif þess er mikilvæg. Öll vinna námsráðgjafa og umsjónarkennara í tengslum við einelti er mikilvæg og nauðsynlegt er að styrkja hana enn betur svo sem með aukinni fræðslu til nemenda um einelti fyrir alla árganga. Félagssfærniþvinna fyrir nemendur sem eiga í vanda með félagstengsl getur nýst nemendum mjög vel þar sem félagsstaða nemenda styrkist. Einnig getur ráðgjöf við nemendur gagnast með aðstoð kennara, deildarstjóra, námsráðgjafa eða sálfræðings. Með aukinni þekkingu nemenda á einelti, áhrifum þess og aukinni virðingu nemenda gagnvart sjálfum sér og öðrum er mögulegt að vinna að bættri líðan nemenda í Hofsstáðaskóla.

Elva Björk Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi

## Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

### Starf kennsluráðgjafa

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfinu. Hann vinnur með nemendum, starfsfólki og foreldrum skólans. Kennsluráðgjafi er einnig í sambandi við tölvudeild og situr fundi ásamt kennsluráðgjöfunum í UT með deildarstjóra tölvudeildar Völu Dröfn Hauksdóttur og deildarstjóra skóladeildar.

Náið samstarfi er við kennsluráðgjafa í UT í hinum grunnskólum Garðabæjar. Upplýsingamiðlun er stór hluti af starfi kennsluráðgjafa því hann hefur umsjón með vef skólans og aðstoðar kennara við upplýsingamiðlun á vefinn og í *Mentor*. Hann útbýr einnig upplýsingar um kennsluefni og leiðbeiningar til að auðvelda starfsfólki að nýta hugbúnað og tækjakost skólans.

Í vetur hafði kennsluráðgjafi umsjón með rafrænum könnunum sem framkvæmdar voru í tengslum við sjálfsmat skólans, tók þátt í vinnuhópi sem fjallaði um námsmat í skólanum og tók á móti og hafði umsjón með kennaranemum frá HÍ sem voru í valgreinum í upplýsingatækni.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni við grunnskóla Garðabæjar héldu fundi reglulega og samræmdu námsáætlanir, ræddu um reglur varðandi öryggismál, *Mentor*, vefi skólanna, sameiginleg hugbúnaðarkaup, framkvæmd verkferla og námskeiðahald fyrir starfsfólk. Einnig deildu þeir hugmyndum og kynntu sér hugbúnað sem stóð til boða að hægt væri að nota í skólastarfinu. Nokkuð var rætt um netmál og má þar m.a. nefna aðgengi að *Facebook* sem og önnur aðgengis- og öryggismál. Auk þess var í vetur nokkuð rætt um Evrópusamstarf *Etwinning* og *Comenius*. Kennsluráðgjafar sóttu allir um Comeniusarstyrk til endurmenntunar til að sitja ráðstefnu á Möltu í september 2010. Allir hlutu styrk og munu sitja ráðstefnuna 5. – 11. september 2010.

## Aðstaða til kennslu

Í tölvustofu skólans eru 26 nemendavélar og kennaratölva sem tengd er við gagnvirka töflu. Auk þess er prentari í tölvustofunni. Kennarar geta stýrt tölvum í tölvustofu með hugbúnaði frá *ReNet*.

Fjöldi tölva á bókalofti var nokkuð á reiki í vetur. Tölvurnar þar hafa verið að týna tölunni en ákveðið var að stefna að því næsta vetur að taka tölvur úr kennslustofum í samráði við kennara til að halda bókaloftinu gangandi. Á bókaloftinu er kennaratölva sem tengd er við skjávarpa. Einungis einn hópur var festur á stundatöflu skólaárið 2009-2010 með tíma á bókalofti. Þrjár vélar sem notaðar hafa verið til að búa til myndbönd eru staðsettar á bókaloftinu.

Á bókasafni eru þrjár tölvur sem nemendur hafa aðgang að. Auk þess hefur bókasafnsfræðingur notaðar þær tölvur til að „brenna“ hljóðbækur fyrir nemendur.

Í vetur var miðað við að ein tölva væri í hverri bekkjarstofu og ein til tvær tölvur í hverri sérkennslustofu en þær eru nokkrar í skólanum. Kennarar höfðu einnig aðgang að fartölvuvagni með 15 vélum.

Skólinn er að mestu leyti orðinn þráðlaus.

Í vetur voru þrjár gagnvirkar „Smart board“ töflur í notkun. Ein í tölvustofu skólans og tvær sem notaðar voru í kennslu í 4. G.P. og 4. R.S. Vorið 2010 var fjárfest í fjórðu töflunni og á hana keyptur hjólabúnaður til að mögulegt sé að flytja hana milli rýma. Taflan verður tekin í notkun haustið 2010. Foreldrafélag skólans stóð fyrir fjáröflun skólaárið 2009-2010 til kaupa á gagnvirkri kennslutöflu og mun væntanlega halda áfram með fjáröflunina næsta skólaár.



Nemendur í 1. bekk í *Fingrafimi* í tölvustofu

## Nám og kennsla

Allar kennsluáætlanir voru uppfærðar fyrir skólaárið 2009-2010. Teknir eru fyrir mismunandi þættir í hverjum árgangi og þannig myndaður góður grunnur og samfella tryggð í tölvunámi nemenda. Kennarar eru einnig hvattir til að samþætta markmið upplýsingatækninnar og annarra námsgreina (sjá nánar í kennsluáætlunum). Í vetur lögðu kennsluráðgjafar sérstaka áherslu á að kennarar gerðu sína eigin kennsluáætlun fyrir bekkjartíma. Þeir höfðu hugmyndir kennsluráðgjafa til hliðsjónar. Áætlanagerðin gekk vel og skiluðu allir kennarar Hofsstáðaskóla sinni áætlun á tiltekinn stað á sameign skólans. Sami háttur verður hafður á næsta skólaár.

Í vetur fékk hver bekkur eina kennslustund á viku með umsjónarkennara í tölvuveri. Auk þess fengu allir nemendur að undanskyldum 6. bekk kennslu í tölvufærni í smærri hópum. Kennslan fór fram í lotum og var kennslufyrirkomulagið eftirfarandi:

### 1. bekkur (LV)

Ein kennslustund á viku í 6-7 vikur

### 2. bekkur (Hringekja) Ein kennslustund á viku í 8-9 vikur

### 3. bekkur (Hringekja)

Ein kennslustund á viku í 8-9 vikur

### 4. bekkur (Hringekja)

Ein kennslustund á viku í 8-9 vikur

### 5. bekkur (Hringekja)

Ein og hálf kennslustund á viku í 8-9 vikur

### 7. bekkur (Hringekja)

Tvær kennslustundir á viku 11 vikur



Í kennsluáætlunum er lögð áhersla á fræðslu um öryggi á netinu. Kennarar eru hvattir til að ræða um örugga netnotkun við nemendur, ræða um þær reglur sem gilda um tölvunotkun í skólanum og fara yfir kennsluefni frá SAFT. Aðgangi að vafasömum síðum er lokað með *Websense* vefsíu. Í vetur var ákveðið að loka á aðgengi nemenda að *Facebook* en sú lokun gekk ekki eftir kerfislega en tilmælin standa þ.e. nemendum er ekki heimilt að nota *Facebook* í skólanum.

### Margmiðlun og myndbandavinnsla

Í vetur var mikið tekið upp á myndbandsupptökuvélar skólans. Allnokkuð af því efni var klippt og búin til myndbönd sem sýnd voru á sal skólans. Kennarar og nemendur eru í meira mæli farnir að nýta sér myndefni í kennslu og í mörgum tilfellum að búa það til sjálfir ásamt nemendum. Áhersla á margmiðlun í kennsluáætlunum er því að skila sér nokkuð vel.



### Skemmtanir á sal og tæknihópurinn

Skemmtanir á sal hafa þróast í takt við aðstæður því metnaður bæði kennara og nemenda hefur aukist í tengslum við skemmtanirnar. Í vetur, líkt og síðasta skólaár, voru nokkrir nemendur virkjaðir til að aðstoða aðra nemendur og starfsfólk skólans í tengslum við tölvur og tæknimál. Þessi hópur var í daglegu tali kallaður tæknihópurinn. Sex nemendur í 7. bekk fóru fyrir þessum hópi sem tók að sér ýmis konar verkefni s.s. að stýra tæknimálum í tengslum við sýningar á sal, útbúa kynningar, vinna með hljóð, klippa myndbönd, tengja skjávarpa og fleira. Óhætt er að segja að einn nemandi Óskar Þór Þorssteinsson hafi sérstaklega skarað fram úr og sinnt verkefninu af mikilli alúð og samviskusemi. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir. Ofangreindir nemendur í 7. bekk fengu sérstaka viðurkenningu á skólaslitum.


Kennsluráðgjafi hafði umsjón með hópi nemenda í 5. – 7. bekk sem tók að sér útbúa og flytja kynningu á skólanum fyrir foreldra nemenda sem hefja eiga skólagöngu í grunnskólum Garðabæjar haustið 2010. Krakkarnir voru skólanum til sóma og er hægt að nálgast kynninguna á vef skólans.

## Ritþjálfí – vélritun

Nemendur í 3.-7. bekk fengu kennslu í vélritun. Kennt er á Ritþjálfí í Hofi 5 en þar eru tæki fyrir heilan bekk sem tengd eru við kennaratölvu. Kennt var í heilum bekkjum að 3. og 7. bekk undanskildum en þar var kennt í smærri hópum í tengslum við list- og verkgreinaskipulag. Nemendur í 7. bekk fóru ekki í Ritþjálfastofu. Þeir notuðu forritið *Ritfínn* á námskeiði í hringekju. Í Ritþjálfí eru nemendur með skráningarblöð þar sem þeir skrá sjálfir frammistöðu sína og taka próf í lok hvers áfanga. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám í vélritun þ.e. hver nemandi vinnur á sínum hraða og fær verkefni við hæfi. Í vetur tóku nemendur í 5., 6. og 7. bekk þrjú vélritunarpróf; í október, febrúar og maí. Kennsluráðgjafi tók saman niðurstöður úr prófunum. Umtalsverðar framfarir áttu sér nær undantekningarlaust stað í öllum hópum bæði hvað varðar tók á réttri fingrasetningu og hraða. Í skólalok voru umsagnir skráðar í nýja einingu í Mentor *Námsframvindu*. Stefnt er að því að nota hana áfram og gefa þá umsagnir í vélritun í janúar og maí.

## Fartölvuvagn fyrir nemendur

Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá fjölda þeirra kennslustunda þar sem fartölvuvagninn var í notkun síðastliðin tvö skólaár. Fartölvuvagninn er kominn nokkuð til ára sinna. Hann nýtist engu að síður nokkuð vel ennþá og geta kennarar almennt ekki hugsað sér að vera án hans. Í vetur var skólinn þráðlaus að mestu leyti en það hefur gefið okkur aukna möguleika til notkunar á vagninum.



## Búnaður og umgengni

Í vetur var öllum árgöngum í skólanum úthlutað myndavél ásamt hleðslutæki og aukarafhlöðu. Árgangarnir sáu sjálfir um myndavélarnar og flutning mynda inn á myndadrif. Mikil afföll urðu í vetur á myndavélaeign skólans. Þrjár myndavélar skemmdust þegar þær duttu úr höndum starfsmanna.

Næsta vetur lítur því út fyrir að endurskipuleggja þurfi fyrirkomulagið og hafa eina myndavél í álmu en ekki hjá árgangi.

Myndbandstökuvélar og skjávarpar eru enn í umsjón kennsluráðgjafa. Skjávarpar til útláns eru orðnir fjórir en tókuvélar í eigu skólans eru þrjár. Nýtt fyrirkomulag á bókunum var tekið upp í mars og farið að bóka í *Outlook*. Það hefur gefið ágæta raun og verður því haldið áfram næsta skólaár.

## Samskipti heimila og skóla-Mentor

Mikil áhersla er lögð á öflug og góð samskipti heimila og skólans. Ýmsar leiðir eru notaðar til samskipta s.s. fundir með nemendum og foreldrum, símhringingar, tölvupóstur, vefur skólans og Fjölskylduvefur *Mentor.is*. Í vetur fólust skyldur kennarar í tengslum við *Mentor.is* í:

- Skráningu á ástundun (fjarvist, veikindi, leyfi, seint)
- verkefnabækur
- dagbókarskráningum
- heimavinnuáætlun í hverri viku (birt á Fjölskylduvef)
- tölvupóstsamskiptum (svara erindum og senda a.m.k. eitt bréf á viku til foreldra)
- einkunnaskráningu
- Leiðsagnarmat fyrir foreldraviðtöl í október.

Skólaritari er miðpunktur í ástundunarskráningu nemenda. Hann tekur við innhringinum og skráir veikindi og leyfi. Forráðamenn og nemendur hafa veflykil sem veitir þeim aðgang að upplýsingum þar sem þeir geta fylgst með ástundun og framvindu námsins. Foreldrar geta tilkynnt og skráð veikindi sjálfir inn á Fjölskylduvef Mentor. Í vetur var í fyrsta sinn notuð ný eining í Mentor sem kallast *Leiðsagnarmat*. Kennsluráðgjafi setti upp spurningar í eininguna annars vegar fyrir yngri deild og hins vegar fyrir eldri deild. Spurningunum áttu nemendur að svara með aðstoð foreldra sinna fyrir foreldraviðtal í október. Upplýsingarnar vistast og eru aðgengilegar til upprifjunar og eftirfylgni.

Önnur ný eining Námsframvinda var einnig notuð í fyrsta sinn í vor til að skrá framvindu nemenda í vélritun. Sótt var um styrk í endurmenntunarsjóð grunnskóla til að halda áfram að þróa námsmat og utanumhald um námsárangur nemenda. Skólaárið 2010-2011 er stefnt að því að færa námsmat í list- og verkgreinum úr dagbókum í Mentor og yfir í Námsframvindu-eininguna.

## Vefur skólans


(<http://hofsstadaskoli.is>) gegnir mjög mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun. Á vefnum er lögð áhersla á að birta allar helstu upplýsingar um skólastarfið ásamt fréttum og myndum úr daglegu starfi. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með vefnum. Mikil áhersla er lögð á að birta myndir úr skólastarfinu því þær eru mjög góð heimild um það sem gerist í skólastarfinu, veita foreldrum tækifæri til að tengjast skólanum og ræða við nemendur um það sem er að gerast hverju sinni. Skólastjórnendur og kennarar hafa tekið virkan þátt í upplýsingamiðluninni. Kennarar hafa tekið myndir og skrifað stuttar fréttir í tengslum við starf sitt með nemendum.

Forstöðumaður tómsundaheimilisins hefur séð um að koma myndum og fréttum sem tengjast tómsundaheimilinu á vefinn. Markmiðið er að virkja og efla sem flesta til að koma að miðlun efnis á vef skólans. Ritari skólans og deildarstjórar hafa í vetur skráð atburði í atburðadagatal.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir mánaðarlega notendur að vef Hofsstáðaskóla frá því í ágúst 2009 til júní 2010 sem tekið er úr skýrslu frá *Modernus* þann 22. júní 2010. Notendur eru að meðaltali um 2.255 á mánuði en hver notandi er aðeins talinn sem nýr notandi einu sinni í mánuði. Samtals voru síðuflettingar þá orðnar 279.972 yfir umrætt tímabil. Mest skoðuðu síðurnar á vefnum eru forsíðan og fréttirnar, krækjusafnið og myndasíðurnar (sjá myndrit) Fast á hæla þeim kemur svo atburðadagatal skólans og myndasíður árganganna. Vart þarf að taka fram að nemendur og starfsfólk skólans nýta vefinn mikið og því er stór hluti umferðarinnar þaðan kominn.




[www.hofsstadaskoli.is](http://www.hofsstadaskoli.is) – mánaðarlegir notendur ágúst 2009-júní 2010



Tekið úr skýrslu Modernus júní 2010

**Mest skoðuðu síðurnar**



Tekið úr skýrslu Modernus júní 2010

## Samskiptaverkefni

Í vetur voru unnin nokkur rafræn samstarfsverkefni á vegum *ETwinning*. *ETwinning* er rafrænt skólasamstarf í Evrópu. Kennsluráðgjafi skráði sig í *ETwinning* og fljótt fóru að berast beiðnir um samstarfsverkefni. Alls voru þrjú verkefni í gangi skólaárið 2009-2010: *Hello Eu schools*, *Views of children* og *Seasons*.

Taka má fram að við höfðum sérstakan áhuga á að ná sambandi við skóla á Spáni vegna náms- og kynnisferðar Hofstaðaskóla sem var á dagskrá í júní 2010. Með skráningu okkar í *Seasons* verkefnið náðum við sambandi við *Ceip La Cala* skólann á Benidorm sem við svo heimsóttum. Í framhaldinu ætlum við að taka þátt í öðru verkefni með þeim og fjölda annarra Evrópuþjóða. Verkefnið ber heitið *The dog and the turtle* og fluttum við heim með okkur myndarlegan tuskuhund, skjaldböku og dagbækur. Tuskudýrin munu fylgja 4. U.S. í fjórar vikur á haustönn 2010. Nemendur munu taka myndir, skrifa dagbók og skiptast á upplýsingum um hvað drífur á daga tuskudýranna í hverju landi. Um verður að ræða texta, myndir, hljóð og myndbönd. Eftir dvölin á Íslandi halda tuskudýrin til Grikklands til að upplifa ný ævintýri.

Á haustönn 2010 er einnig stefnt að því að taka upp samstarf við *Fernandes Cruz* sem er annar skóli á Spáni sem við heimsóttum. Hann er staðsettur í grennd við Alicante n.t.t. í Elche. Hugmyndin er að útbúa verkefni í tengslum við *Vefinn hennar Karlottu* en það er bók sem nemendur bæði hér hjá okkur og í skólanum á Spáni lesa og vinna verkefni í tengslum við söguna.

## Ráðstefna, námskeið, kynningarfundir o.fl.

Kennsluráðgjafi sótti námskeið og ýmsar kynningar á skólaárinu:

- Námsefnissýning í Árbæjarskóla
- Hvað einkennir góða skólavefi?
- Fundur hjá Sjá á vegum 3F
- Mentor kynning á nýrri einingu
- Leiðsagnarmati í Flataskóla
- Námskeið/kynningarfundir á vegum 3F
- Ráðstefna um skapandi skólastarf í Háskóla Íslands 2. október
- Námskeið í skyndihjálpi, haldið í Hofstaðaskóla
- Nýjungar í Office 2007 og Windows7 á vegum Nýherja og Isoft-Þekkingar
- Fundur hjá Mentor um nýja einingu Námsframvindu
- Skólaráðstefna Microsoft 2010 haldin á Grand Hotel.
- Fundur um öryggismál í stofnunum Garðabæjar
- Fundur um Easy tutor forritið í Laugarlækjarskóla
- Náms- og kynnisferð til Spánar júní 2010.



Auk ofangreindra ráðstefna, námskeiða og kynningarfunda sótti kennsluráðgjafi mánaðarlega fundi með deildarstjóra tölvudeildar sem haldnir voru á bæjarskrifstofum Garðabæjar.

Kennsluráðgjafi, ásamt öðrum, hélt stuttar kynningar/örnámskeið fyrir kennara,. Þar má nefna:

- Nýjungar í *Office 2007*
- *PowerPoint 2007* almennt örnámskeið og námskeið fyrir kennara 6. bekkja
- *Activity Builder* frá *Black Cat*
- Hljóðvinnsla með *Audacity* fyrir sérkennara
- *Worksheet Factory* (Anna Magnea)

## Framtíðarsýn

Leggja þarf vinnu í að slípa til verkferlið og samskiptin við nýstofnaða tölvudeild. Verkeiðakerfi hefur verið tekið í notkun en innleiðingu þess er ekki lokið. Kennsluráðgjafar skólanna og/eða aðrir starfsmenn skólanna hafa engan aðgang að verkeiðakerfinu og hafa því ekki yfirlit yfir stöðu eða framvindu verkefna. Starfsmenn senda tölvupóst á tölvudeild vegna verkeiðna og deildin sér um skráningu beiðna. Auk þess er hægt að hafa samband við deildina símleiðis.

Hvað skipulag kennslu varðar næsta vetur lítur út fyrir að hún verði með svipuðu sniði. Kennarar munu sjálfir vinna áætlanir fyrir bekkinn sinn.

Haldið verður áfram í fjölbjódlegum verkefnum og mun þeim fjölga á næsta ári. Enn verður stefnt að því að skólinn taki þátt í verkefni undir merkjum *Comeniusar* auk þess sem haldið verður áfram í *Etwinning* verkefnum.

Starfsfólk skólans er alltaf að verða meira sjálfbjarga hvað varðar myndatökur, flutning mynda og flokkun á sameign. Útlán á skjávörpum, hátölurum og öðrum jaðarbúnaði hefur aukist mjög mikið. Skólinn á nú fjóra skjávarpa til útláns í stofur. Eftirspurn eftir skjávörpum og hátölurum í stofur er sífellt að aukast.

Áfram verður unnið að því að þróa notkun gagnvirkra kennslutafna í kennslu. Sótt var um styrk í Endurmenntunarsjóð grunnskóla til að halda námskeið fyrir kennara. Stefnt er að því að nútímavæða kennlustofunnar smátt og smátt þannig að nemendur fái aðgang að heiminum á skjótan og skemmtilegan hátt og að sama skapi að mögulegt sé að miðla efni á skilvirkan og lifandi hátt úr kennlustofunni. Fleirum gefst vonandi kostur á að nýta sér þennan möguleika með tilkomu færanlegu töflunnar.

Hofsstaðaskóli hlaut styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að efla notkun margmiðlunar í tungumálakennslu. Markmiðið er að koma af stað notkun á tungumálahluta *ReNet* hugbúnaðarins sem er í eigu skólans. Fagstjóri í ensku Björg Jónsdóttir mun hafa umsjón með að útbúa námsáætlun fyrir sinn hóp í ensku sem tekur mið af því að nemendur mæti í tölvustofuna einu sinni í viku eina og hálfu kennlustund í senn til að æfa sig í framburði, taka þátt í samtölum, nota hljóðskrár, myndir og fleira í tungumálanáminu. Kennsluráðgjafi ásamt Birni Hilmarssyni hjá Ferli og tölvudeild munu sjá um tæknilega aðstoð.

Margmiðlun og myndbandavinnsla hefur verið nokkuð blómleg líkt og undanfarin skólaár. Nemendur hafa búið til myndbönd í tengslum við skólastarfið og vegna skemmtana á sal. Tölvur til myndbandavinnslu eru á bókalofti þar sem ekki er til annað rými til að setja upp aðstöðu til mynd- eða hljóðvinnslu í skólanum. Í framtíðinni væri æskilegt að koma upp slíkri aðstöðu. Fullur hugur er á að halda þessari vinnu áfram og sækja fram. Því þurfum við aðstöðu þar sem mögulegt er að koma fyrir hópi nemenda við þrjár til fjórar tölvur, nettenging þarf að vera til staðar og þökkaleg hljóðeinangrun. Einnig þurfa einstaklingar og hópar að hafa nokkuð rúmt



aðgengi að stofunni (ekki mikið bundin í annarri kennslu) vegna þess að ofangreind vinna er mjög tímafrek.

Eins og fram hefur komið í skýrslunni þá tók kennsluráðgjafi þátt í ýmsum verkefnum með kennurum og nemendum á skólaárinu þá sérstaklega í tengslum við margmiðlun og myndbandavinnslu. Auk þess hélt kennsluráðgjafi nokkur örnámskeið fyrir starfsfólk og var þátttaka ágæt. Vonandi hefur það eitthvað komið til móts við þarfir skólans og starfsfólks. Næsta skólaár munu kennsluráðgjafar sameinast um námskeiðahald fyrir kennara en 600.000 kr. styrkur fékkst hjá Endurmenntunarsjóði vegna verkefnisins.

*Elísabet Benónýsdóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni*

## 5. TÓMSTUNDAHEIMILI

Í þessum hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir því starfi sem fram fór í tómsundaheimilinu Regnboganum veturinn 2009-2010, innra starfi, starfsmannamálum, fjöldatölum og starfsemi í nýjum heimkynnum.

### Innra starf

Tómsundaheimilið Regnboginn hóf störf í haust í nýju húsnæði og hafði það bein áhrif á starfsemi heimilisins. Sem fyrr var lögð áhersla á að hafa fjölbreytni í starfinu með börnunum svo að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Boðið var upp ýmiskonar tómsundir, bæði úti sem inni. Vegna breyttrar aðstöðu voru fleiri tækifæri til að fara út á leikvöll en áður en á móti fækkaði ferðunum sem farnar voru í íþróttasalinn en að jafnaði var farið þangað þrisvar sinnum í viku. Eins og áður var í boði að fönndra ýmislegt, bæði tengt árstíðum og annað almennt fönndur svo sem að perla, mála og skreyta fönndurherbergið. Börnin gátu einnig valið að lita, spila, kubba, lesa og svo mætti áfram telja. Auk þessa áttu foreldrar barna í 2.-4. bekk möguleika á að láta börnin vinna heimanám sitt í Regnboganum.



Sívinsælir Kapplakubbar

Þetta árið, eins og í fyrra, voru ýmsar upptökur í starfinu sem féllu utan hefðbundins starfs. Sem dæmi má nefna leik- og danshópin Regndropana sem settu upp tvö leikrit og eina danssýningu fyrir foreldra. Fyrir jólin voru æfð og sýnd tvö leikrit og mættu um 150 manns til að horfa á þau. Þetta voru leikritin „Þegar Tröllli stal jólinum“ og „Litla stúlkan með eldspýturnar“. Danssýningin var sett upp fyrir páska og var tileinkuð Michael Jackson, tónlist hans og dansstíl. Hópfærð var farin í hátíðarsal skólans og horft var á sýningarnar og fjölmenntu fjölskyldur og aðstandendur flytjendanna ásamt börnunum úr Regnboganum.

Á skipulagsdögum var farið í nokkrar vettvangsferðir. Sem dæmi má nefna þá var farin ferð á Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu og í annað skipti var farið að Tjörninni til að gefa öndunum brauð og miðbærinn skoðaður. Farið var í sund í íþróttahúsi Mýrarinnar, sundlaug Garðabæjar, pizzur voru bakaðar og fylgst var með Evrópumeistaramótinu í handbolta á stóru tjaldi skólans.



Leikhópurinn Regndroparnir

Námskeið í LEGO kubbasmíðum var haldið á haustmánuðum og komust færri að en vildu. Jóhann Breiðfjörð, sem vann sem hönnuður hjá LEGO í Danmörku í mörg ár annaðist námskeiðið annað árið í röð. Námskeiðið mæltist vel fyrir og mætti gjarnan halda það oftár.


Stór hluti starfsins í tólmstundaheimilinu er að senda börn á hinar ýmsu æfingar og má þá einu gilda hvort það séu íþróttæfingar eða tónlistartímar. Sum barnanna fóru á æfingar í Mýrinni eða innan Hofstaðaskóla, aðrir gengu í Tónlistarskóla Garðabæjar og enn aðrir tóku strætó á æfingar í Ásgarði.

Áfram var unnið með sama skráningarkerfi og á síðasta ári. Börnin voru skráð inn af starfsmanni þegar þau komu og snéru síðan við persónulegu myndaspjaldi til að staðfesta að þau væru komin. Þegar börnin fóru svo heim var sama upp á teningnum, þau skráðu sig út hjá starfsmanni og snéru myndaspjaldinu við. Passað var upp á að fá öll skilaboð staðfest frá foreldrum en að taka ekki bara á móti munnlegum skilaboðum í gegnum börnin. Einnig var ítrekað við foreldra að allar breytingar og sem flestar tilkynningar kæmu til umsjónarmanns í gegnum tölvupóst fyrir klukkan 13:00 hvern dag eða í SMS skilaboðum eftir þann tíma. Þetta kom í veg fyrir að upplýsingar töpuðust eða gleymdust í dagsins önn. Ef börnin skiluðu sér ekki innan viss tíma var hringt í foreldra þeirra til að athuga hvort einhver breyting hefði orðið.


### **Skráning og fjöldi**

Þetta árið voru komnar um tæplega 100 umsóknir strax um haustið og kom það til vegna þess að foreldrar voru ítrekað hvattir til að skrá börnin strax um vorið, áður en skóla lauk og urðu lokatölur mest um 120 börn. Þessi tala hélst nokkuð stöðug fram í janúar en í upphafi maí var talan komin niður í 105.






Í vetur voru drengir aðeins fleiri en stúlkur í tómstundaheimilinu en munurinn var mjög lítil. Eins og oft áður var svolítill kynjamunur á því hvaða tómstundir urðu fyrir valinu. Fótþolti var einna vinsælastur hjá drengjunum, og voru þeir ríkjandi í kubbaherberginu, einnig völdu þeir tölvurnar oftar en stúlkurnar. Stúlkurnar tóku frekar þátt í föndurhópum, þær leituðu meira í að perla, lita, og vera í hlutverkaleikjum en drengirnir. Drengir og stúlkur sóttust álíka mikið í að fara út á leikvöll, leika sér í púðunum og fara í hina ýmsu spilamennsku og borðleiki.



Hlutfall kynjanna í tómstundaheimilinu veturinn 2008-2009  
drengir bláir og stúlkur rauðar

Tómstundaheimilið var opið alla starfsdaga, skipulagsdaga og aðra frídaga sem féllu á almenna vinnudaga. Nauðsynlegt var fyrir foreldra að skrá börnin sérstaklega fyrir þessa daga og þó nokkur þátttaka var alla slíka frídaga í vetur. Í september var einn skipulagsdagur, í október voru bæði skipulagsdagur og foreldradagur. Foreldrar voru mjög meðvitaðir um að skrá þyrfti börnin sérstaklega þessa daga þó alltaf væri sendur tölvupóstur þess eðlis. Á skipulagsdegi í september voru einungis 16 börn, í október nýttu 31 eitt barn sér þjónustuna og í jólaeyfi voru 26 börn. Á skipulagsdegi í janúar mættu 36 börn, í vetrarleyfi voru börnin 22 og páskaeyfi einungis 15 börn. Síðasti skipulagsdagurinn var svo þann 14. maí og þá voru aðeins 6 börn skráð í Regnbogann.



### Starfsmannamál

Nokkur hreyfing var á starfsmönnum í tómsundaheimilinu eins og oftast. Starfsmenn komu og fóru. Auk umsjónarmanns starfa þar tveir kennarar nokkra tíma á viku og 4-6 aðrir starfsmenn. Tveir nemendur fengu sérstakan stuðning. Það er nauðsynlegt að fá meiri stöðugleika í starfsmannahaldið og því markmiði væri mögulegt að ná með því t.d. að bjóða upp á símenntun og meiri samskipti við aðra starfsmenn skólans ásamt því að ráða starfsmenn á heilsársgrundvelli.



Upprennandi skáksnillingar

### Húsnæði

Tómsundaheimilið Regnboginn í Hofstaðaskóla tók til starfa um haustið 2009 í nýju húsnæði sem hafði verið hannað og útbúið fyrir starfsemi tómsundaheimilisins. Þetta var mikil framför frá því að vera í anddyri íþróttahússins, Mýrarinnar. Loksins var hægt að gera aðstöðuna heimilislega og það munaði miklu að geta sett starfsemina upp varanlega á einu svæði. Aðstaðan samanstendur af einu stóru miðrymi með fjórum minni rýmum sem hafa hvert sitt hlutverk, svo sem perlur, dúkkukrók og þ.h. Tvö anddyri eru í aðstöðunni, eitt sem ætlað er fyrir nemendur 1. bekkjar og síðan er hin forstofan ætluð eldri bekkjum. Salernisaðstaða er fyrir börnin ásamt skolaðstöðu fyrir málningu og föndurstarf. Starfsmönnum er einnig úthlutað aðstöðu þar sem umsjónarmaðurinn hefur skrifstofu. Þar er einnig eldhúsaðstaða, skápláss fyrir persónulega muni og möguleiki á að loka að sér ef þörf krefur. Starfsmenn hafa verið

duglegir að skreyta Regnbogann, sett hafa verið upp gluggatjöld, veggir málaðir og listaverk hengd upp.

### Framtíðarsýn

Tómstundaheimilið Regnboginn í Hofsstaðaskóla er stærsta tómstundaheimilið í Garðabæ og sem slíkt þarf það aðrar áherslur en hin tómstundaheimilin. Mjög mikilvægt er að þar sé umsjónarmaður í 100% starfi til að sinna skipulagsvinnu og til að geta sinnt samskiptum við foreldra og samstarfsaðila innan og utan skólans. Framtíðarsýn Regnbogans er björt. Stefnt er að því að vinna með börnunum á lýðræðisgrundvelli þannig að þau hafi val um hvað þau taka sér fyrir hendur. Mikilvægt er að hvetja þau til þess að hafa sjálfstæða hugsun, taka ábyrgð á ákvörðunum sínum og taka tillit til annarra í starfinu. Í svona stórum hópi, er mikilvægt að kenna börnunum tillitsemi, þolinmæði og samvinnu svo að öllum líði vel.

Í starfinu með börnum er mikilvægt að bjóða upp á sambland af skapandi starfi, hreyfingu og afþreyingu. Börnin hafa verið í skipulagðri vinnu allan daginn og þurfa á því að halda að fá að tjá sig í sköpun, að hreyfa sig og einnig að slaka á í rólegu umhverfi.

Í eins barnmörgu tómstundaheimili og Regnboginn er þá er hætta á því að sumir verði undir eða tynist í hópnum. Því er mjög mikilvægt að reyna að vinna með börnunum eins og hægt er, finna styrkleika þeirra og veikleika og byggja svo ofan á þá með því að hvetja þau áfram í starfi.



Notalegur dúkkukrúkur

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um starfið skólaárið 2009-2010 í tómstundaheimilinu Regnboganum, Hofsstaðaskóla. Markmiðið er að því að halda áfram því starfi sem þegar er komið af stað og halda uppi þeim stöðlum og stefnum sem hafa þegar verið sett í starfi með börnunum í Hofsstaðaskóla. Þetta verður gert með úrvalsstarfsmönnum sem munu sumir halda áfram og öðrum sem koma nýir inn.

Greta Sverrisdóttir, umsjónarmaður Regnbogans.